



FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
22. október 2011
247. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011



Gott heilbrigðiskerfi
Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir heilbrigðiskerfið styrkt þrátt fyrir niðurskurð.
stjórnsmál 28

Fáheyrð hér á landi
Almennt er talið að fyrsta vopnaða ránið á Íslandi hafi verið framið árið 1984.
glæpir 24



Fögnuðu Batman
Aðdáendur slógu upp grímuballi í tilefni af útkomu nýs tölvuleiks.
fólk 54

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Jólahlaðborð | Allt atvinna | Allt



LAY LOW OG LJÓÐIN Nýjasta breiðskífa Lay Low, Brostinn strengur, hefur hlotið afbragðsgóðar viðtökur. Á plötunni leikur Lay Low eigin lög við ljóð íslenskra skáldkvenna. Við undirbúning plötunnar færði hún inn og las ljóð með aðstoð Excel-töflureiknis. **Sjá síðu 22**

Skráning upplýsinga í ólestri

Skráningu, vinnslu og miðlun upplýsinga í heilbrigðiskerfinu er verulega ábótavant, samkvæmt nýrri úttekt erlends ráðgjafahóps. Nauðsynlegt er að koma á þjónustustýringu og sporna við offitu Íslendinga.

HEILBRIGÐISMÁL Upplýsingakerfi íslenska heilbrigðiskerfisins er í algjörum ólestri og nauðsynlegt er að koma á samkeyrðri, rafrænni sjúkraskráningu. Ísland er eina landið í heimi þar sem ekki er þjónustustýring innan heilbrigðiskerfisins. Þá þykir brýn nauðsyn er að finna lausnir á sívaxandi offituvandamáli Íslendinga. Þetta eru niðurstöður ráðgjafahóps um skipulag velferðarþjónustu og ráðstöfun fjármuna með aðkomu alþjóðlega ráðgjafar-

fyrirtækisins Boston Consulting Group. Sérfræðingarnir hafa verið hér á landi í fimm vikur til að kanna innviði íslenska heilbrigðiskerfisins og koma með tilögur að úrbótum. Er þetta í þriðja sinn á þessu ári sem heildarúttekt er gerð á heilbrigðiskerfinu á vegum ráðgjafahóps velferðar-ráðuneytisins. Hópurinn lagði mesta áherslu á þrjú meginatriði sem úr þarf að bæta í heilbrigðiskerfinu hér á landi; rafræna skráningu og upp-

lýsingaöflun, þjónustustýringu sjúklinga og viðbragðsáætlun við hinu sívaxandi offitu Íslendinga, sem eru næstfeitasta þjóð Vesturlanda á eftir Bandaríkjamönnum. Í skýrslu hópsins er bent á að Ísland er eina landið þar sem alla þjónustustýringu, eða tilvísunarkerfi, vantar og er það gagnrýnt harðlega. Nauðsynlegt þykir að skipulagning verði á þann veg að fólk sé beint að ódýrasta kostinum til að byrja með og síðan koll af kalli. Heimsóknir til sérfræði-

lækna hér á landi eru til að mynda með því hæsta sem gerist í heimi, en áttundi hver Íslendingur heim-sækir hjartalækni á ársgrundvelli. Skýrsla hópsins var kynnt forstöðumönnum heilbrigðis-stofnana á fimmtudag og verður kynnt opinberlega í næstu viku. Starfshópur á vegum velferðar-ráðuneytisins mun leggja fram til-lögur að breytingum á heilbrigðis-kerfinu í byrjun næstu viku.

- sv / sjá síður 10 og 28

BYLGJAN 25 989
Heimir & Kolla
vakna með þér í bitíð
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00
Práinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

DVÍTAMÍN
frá NOW fyrir börn og fullorðna
now High Potency Vitamin D-3
2,000 IU
Fæst í verslunum um allt land. Nánar á www.yggdrasil.is

Opið 10-18
Kringlukast
20-50% afsláttur
Kringlan



Ómar, verður ekki Múhameð að koma til fjallsins?

„Ef Múhameð væri með höfuðstöðvar í 101 myndi hann örugglega treysta sér í ferðalag í Kópavog.“

Bæjarráð Kópavogs telur að alþingismenn eigi koma til viðræðna í sveitarfélagið í stað þess að bæjarfulltrúar séu kallaðir til fundar niður á Alþingi á meðan svokölluð kjördæmavika stendur yfir. Ómar Stefánsson er bæjarfulltrúi Framsóknarflokks í Kópavogi.

Forseti Íslands og frú:

Sóttu athöfn á Ground Zero

UTANRÍKISMÁL Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og Dorrit Moussaieff tóku í gær þátt í minningarathöfn á Ground Zero um þá sem létust í árásunum á Tvíburaturnana 11. september 2001. Auk forsetahjónanna tóku þjóðhöfðingjar hinna norrænu ríkjanna þátt í athöfninni og vottuðu fórnarlömbum árásanna og ættingjum þeirra og vinum virðingu og samúð norræna þjóða.

Þá skoðuðu þjóðhöfðingjarnir hið nýja minnismerki um þá sem létust í árásinni, en þar eru skráð nöfn allra sem létust.

- shá



BARACK OBAMA Bandaríkjaforseti boðar brotthvarf frá Írak.

NORDICPHOTOS/AFP

Obama með ræðu um Írak:

Bandaríkjaher fer fyrir áramót

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti tilkynnti í gær að allur bandarískur herafli yrði farinn frá Írak um næstu áramót, nærri níu árum eftir að stríðið hófst. Síðustu bardagasveitir Bandaríkjahers fóru reyndar frá Írak í lok ágúst á síðasta ári en bandarískir hermenn hafa verið áfram í landinu að aðstoða við þjálfun og fræðslu herliðs heima-manna.

Obama tilkynnti um fullt brotthvarf hersins í ræðu í gær eftir að hafa rætt við Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks. Hann hét því þó að Bandaríkin yrðu áfram í góðum tengslum við írösk stjórnvöld.

- gb

Hjónavígslur samkynhneigðra verða að öllum líkindum leyfðar í Danmörku:

Ekki allir kirkjunnar menn sáttir

DANMÖRK Eitt af stefnumálum ríkisstjórnar Helle Thorning-Schmidt er að færa í lög heimild til hjónavígslu samkynhneigðra para. Frumvarp til breytinga á lögum um staðfesta sambúð og hjónalögum er væntanlegt fyrir þingið eftir áramót að því er segir í frétt Jótlandsþóstsins.

Þrátt fyrir að mikill meirihluti almennings, um 70 prósent samkvæmt nýrri skoðanakönnun, sé fylgjandi breytingunum og líklegt sé að meirihluti sé á þingi eru margir innan þjóðkirkjunnar sem setja sig upp á móti þeim.

Biskupinn í Viborg segir til

dæmis að það sé ekki ríkisvaldsins að skipta sér af hefðum kirkjunnar. Í Jótlandsþóstinum er haft eftir honum að hans sýn sé að hjónaband sé milli karls og konu.

Þar er einnig haft eftir sóknarprestinum Henrik Höjlund að vígslur samkynhneigðra eigi eftir að valda klofningi innan kirkjunnar.

Manu Sareen, kirkjumálaráðherra Danmerkur, segist vonast til þess að lögin verði staðfest fyrir vorið. „Ég hlakka mikið til þess þegar fyrsta samkynhneigða parið gengur út úr kirkjunni, og ég verð þar og kasta grjónum.“

- þj



Í HEILAGT HJÓNABAND Danstjórnin stefnir að því að afgangið lög um hjónabönd samkynhneigðra fyrir næsta vor.

NORDICPHOTOS/AFP

Umsvif Huang Nubo á Íslandi:

Gætu skilað 12 milljörðum á ári

FRAMKVÆMDIR Fjárfestingar Kínverjans Huang Nubo munu skapa eitt þúsund varanleg störf hér á landi, ef þær verða að raunveruleika, og skila tólf milljörðum króna í gjaldeyrstekjur á ári hverju. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær og er vísað í mat greiningardeildar Arion banka um hagræn áhrif fjárfestingar Nubos hér á landi. Skýrslan var unnin á grundvelli upplýsinga sem birst hafa opinberlega en var ekki unnin í sérstöku samstarfi við Nubo eða ráðgjafa hans.

- þþ, þj

Tvisvar á hjartadeild og hætti í Hagaskóla

Próstur Harðarson matreiðslumaður gafst upp í mótuneyti Hagaskóla eftir að hafa endað á sjúkrahúsi í tvígang vegna þess sem hann lýsir sem ómanneskjulegu álagi í starfi. Fá svör eru frá borginni við gagnrýni Samtaka matreiðslumanna.

SKÓLAMÁL „Hjartað fór úr takti því álagið var gríðarlegt og ég endaði tvisvar inni á hjartadeild,“ segir Próstur Harðarson, fyrrverandi matreiðslumaður í Hagaskóla til sex ára.

Próstur hefur séð um skólamótuneyti í á annan áratug. Hann hætti í Hagaskóla í fyrrahaust þegar hann var að hefja sjöunda veturinn sinn þar. Að sögn Prastar jókst álagið í mótuneytinu gríðarlega þegar skólastjórnin stýtti matarhléið í hálf tíma veturinn 2008 til 2009. Eins bættist við framreiðsla á hafragraut á morgnana.

„Þá höfðum við þrjátíu mínútur til að afgangið alla sem voru í hádegismat; 350 manns eða fleiri. Þetta orsakaði að það varð gríðarlegt álag í skómtuninni og og þrír starfsmenn enduðu í veikindaleyfi eftir þennan vetur. Sjálfur endaði ég á spítala, starfsmaður í eldhúsi hné niður við uppvask og þriðji starfsmaðurinn hætti út af álagi. Það er verið að ganga aftur fyrir núllpunkt með allri þessari hagræðingu í eldhúsinu sem kemur síðan niður á starfsmönnum,“ segir Próstur.

Að sögn Prastar er einn helsti vandinn sá að menn hafi ekki fengist til að setjast niður og reikna starfshlutfall í mótuneytinum á hvern nemanda. „Fræðsluyfirvöld draga lappirnar á þeim forsendum að þetta heyri undir sjálfstæði skólanna. Það er því geðþóttaákvörðun skólastjórnanna hvernig mótuneytin eru rekin og þeir eru jafn misjafnir og þeir eru margir,“ segir Próstur, sem starfar nú við Fjölbrotaskólann í Ármúla.



PRÓSTUR HARÐARSON Alagði í sumum mótuneytum grunnskólanna í Reykjavík er ómanneskjulegt og heilsa starfsfólksins geldur fyrir það, að sögn Prastar Harðarsonar, sem kveður það þó hafa verið forréttindi að fá að sinna svo gefandi starfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Matreiðslumenn í grunnskólum Reykjavíkur stofnuðu með sér samtök fyrir um tveimur árum. Í yfirlýsingu samtakanna sem vitnað var til í Fréttablaðinu á fimmtudag sagði að mótuneytin væru eins og þrælubúðir vegna fækkunar starfsfólks og gífurlegs álags. Þetta leiði meðal annars til þess að nemendur fái mat sem sé lakari að gæðum en ella.

„Skólamótuneytin hafa auðvitað tekið á sig hagræðingu eins og flestar aðrar starfseiningar,“ segir Bjarni Brynjólfsson,

upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar, sem kveður allar máltíðir í skólunum framreiddar samkvæmt gæðaviðmiðum Lýðheilsustöðvar.

„Það er leitast við að framreiða eins hollan og góðan mat og mögulegt er og borgin fylgist með gæðum matarins. Það sem skoðað hefur verið er í lagi,“ segir upplýsingafulltrúinn og bendir á að 89 prósentu nemenda í skólum nemenda séu nú skráð í mataráskrift. „Og það hlutfall hefur verið að hækka jafnt og þétt síðustu árum.“

gar@frettabladid.is



SYSTUR Svana og Erla Tryggvadætur.

Systur létust í bíslýsi á Spáni

Konurnar sem létust í bíslýsi í Alicante á Spáni á fimmtudag voru systur og hétu Erla og Svana Tryggvadætur. Erla var fædd árið 1929 en Svana árið 1931.

Bifreið þeirra lenti í hörðum árekstri við rútu skammt frá flugvælinum í Alicante á Spáni í gærkvöldi.

Samkvæm umfjöllun spænskra fjölmiðla voru 43 háskólanemar í rúttunni. Nítján þeirra slösuðust, þar af fimm alvarlega.

240 þúsund á ári í keilu:

Stærsta keiluhöll landsins í Grafarvogi

FÓLK Rúnar Fjeldsted opnar í febrúar stærstu keiluhöll landsins í Egilshöll. Höllin mun hýsa 22 keilubrautir, íþrótt- og heilsu-bari og veitingastað sem tekur 170 manns í sæti.

Rúnar, sem einnig rekur Keiluhöllina í Óskjuhlíð, segir viðbúð að aðsóknin muni eitthvað dragast saman í Óskjuhlíðinni þegar sú nýja verði opnuð en það jafnist út eftir sex til átta mánuði. „Svona er þetta bara á Íslandi,“ segir Rúnar en 240 þúsund gestir gestir koma í Keiluhöllina á ári hverju. Rúnar gerir sér vonir um að sú tala muni jafnvel hækka í Egilshöllinni.

- fgg / sjá síðu 70

Öryggi í samskiptum -námskeið við félagsfælni



Ellefu vikna árangurmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar þar sem kenndar eru leiðir til að draga úr kvíða og óöryggi í félagslegum aðstæðum og í samskiptum með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar.

Kennsludagar: Mánudagar frá 15:00-17:00, alls 22 klst.

Kennarar: Sálfræðingar Kvíðameðferðarstöðvarinnar

Næsta námskeið hefst mánudaginn 31. október 2011

Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is

Nánari upplýsingar: www.kms.is

Fyrstu þingkosningarnar eftir byltinguna í Túnis verða haldnar á morgun:

Vonir bundnar við nýtt upphaf

TÚNIS, AP Kosningar verða haldnar í Túnis á morgun, þær fyrstu frá því Zine El Abidine Ben Ali hraktist frá völdum í janúar síðastliðnum.

Kosið verður til 217 manna þings, sem fær það hlutverk að móta nýja tíma í stjórnárum landsins. Annars vegar á það að setja saman nýja stjórnarskrá fyrir Túnis, hins vegar kys það nýja bráðabirgðastjórn sem á að fara með völd þangað til haldnar hafa verið kosningar samkvæmt nýrri stjórnskipan.

Arabíska vorið svonefnda, uppreisnarbylgjan sem fór eins og eldur í sínu um arabaheiminn fyrri hluta ársins, hófst í Túnis skömmu fyrir síðustu áramót.

Ekki liðu nema örfáar vikur þar til Ben Ali forseti flúði með vænar fúlgur fjár til Sádi-Arabíu, þar sem stjórnvöld skutu skjólshúsi yfir hann. Þar býr hann enn ásamt eiginkonu sinni, en mun vera þungt haldinn eftir heilablóðfall.

Miklar vonir eru bundnar við kosningarnar á morgun, bæði í Túnis og víðar í arabalöndunum þar sem almenningur hefur risið upp gegn einræðis-herrum.

Þrír stjórnmalaflokkar hafa mest fylgi. Öflugastur þeirra er Ennahda, flokkur íslamista sem heitir



KOSNINGAR NÁLGAST Víða má sjá auglýsingar framþjóðenda á veggjum í Túnis.

NORDICPHOTOS/AFP

því að virða lýðræði og mannréttindi. Hinir tveir flokkarnir kenna sig báðir við jafnaðarstefnu og lýðræði.

- gb

Kringlan

JÓNSSON & LEIMACKS • JÍLÍ

Fimmtudag
til mánudags

Kringlukast

Nýjar
vörur
20-50%
afsláttur

Mán - mið 10-18.30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

GENGIÐ 21.10.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	115,55 116,11
Sterlingspund	182,53 183,41
Evra	158,89 159,77
Dönsk króna	21,337 21,461
Norsk króna	20,618 20,740
Sænsk króna	17,468 17,570
Japanskt jen	1,5061 1,5149

SDR 181,89 182,97

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,4146

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



MÓTMÆLENDUR Í BERLÍN Með andlit þeirra Merks og Sarkozy en evruna á milli sín. NORDICPHOTOS/AFP

Evruríkin deila um aðgerðir: Samkomulag vart í sjónmáli

EFNAHAGSMÁL Fjármálaráðherrar evruríkanna sautján reyndu í gær að ná samkomulagi um það hvernig efla ætti neyðarsjóð Evrópusambandsins.

Mikill ágreiningur er enn um málið, einkum milli Þjóðverja og Frakka, þrátt fyrir að leiðtoga-fundur Evrópusambandsins nú um helgina hafi átt að koma með afgerandi lausnir á skuldakreppu evruríkanna.

Frakkar vilja enn veita sjóðnum heimild til að fá lán hjá Seðlabanka Evrópusambandsins, en Þjóðverjar taka það ekki í mál.

- gb

HALDIÐ TIL HAGA

Mynd sem láðist að birta í Fréttablaðinu með aðsendri grein 19. október síðastliðinn, Nýtt háskóla-sjúkrahús írsi í Fossvogi, má sjá með greininni á www.visir.is.

Yfirstjórn bankans mun njóta aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga til að kanna áskanir fjögurra kvenna:

Yfirmaður í Arion sakaður um áreitni

SAMFÉLAGSMÁL Fjórar konur sem vinna í Arion banka hafa sakað yfirmann innan bankans um kynferðislega áreitni. Maðurinn bað um leyfi frá störfum á föstudagsmorgun eftir að Pressan greindi frá málinu.

Konurnar hafa enn ekki lagt fram formlega kvörtun til yfirstjórnar Arion banka. Ein konan sagði að ástæðan væri ótti við atvinnu-missi og önnur sagði að hún hefði talið það veikleikamerki að kvarta undan yfirmanninum. Í skriflegu svari frá bankanum til Fréttablaðsins kemur fram að bankinn muni njóta aðstoðar utanaðkomandi

sérfræðinga til kanna málið til hlítar og þar verði fyllsta trúnaðar að sjálfsögu gætt.

„Starfsfólk bankans þarf ekki að óttast um starfsöruggi sitt í málum sem þessu. Tekið er á málum af nærgætni en festu og bankinn hefur tiltæk góð ferli til að vinna eftir í viðkvæmum málum. Í jafnréttisstefnu bankans kemur skýrt fram að kynferðisleg áreitni og einelti skal aldrei liðið og eftir þeirri stefnu störfum við. Hægt er að tilkynna um óviðeigandi hegðun eða atvik, hvort sem er undir nafni eða í skjóli nafnleyndar.“

Upplýsingafulltrúi Arion banka staðfestir að málefni mannsins hafi verið til athugunar að undanfögnu og séu mál sem þessi litin mjög alvarlegum augum. Þó sé rétt að taka fram að engin formleg kvörtun hafi borist en fallist hafi verið á beiðni starfsmannsins um tímabundið leyfi frá störfum þar til málið hafi verið kannað til hlítar og niðurstaða liggi fyrir.

Í samtali við Pressuna segja konurnar að maðurinn hafi sent þeim dónaleg SMS-skilaboð, sagt við þær óviðeigandi orð og setningar og snert þær á óviðeigandi hátt. - sv



ARION BANKI Einn af yfirmönnum bankans hefur verið sakaður um kynferðislega áreitni af fjórum samstarfsskonum og er farinn í leyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fékk 5 ára dóm fyrir nauðgun á Þjóðhátíð

Birkir Árnason dró konu með ofbeldi inn á klósett og nauðgaði henni. Reyndi að afvegaleiða lögreglu frá fyrsta degi. Hefur áður fengið dóm fyrir nauðgun.

DÓMSMÁL Tuttugu og fimm ára maður, Birkir Árnason, var í gær dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir nauðgun á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Honum er jafnframt gert að greiða konunni 1,2 milljónir króna í miskabætur.

Dómurinn telur hafið yfir vafa að Birkir hafi dregið konu nauðuga inn á klósett á fimmta tímanum að morgni sunnudagsins, átt í átökum við hana og þröngvað henni til samræðis við sig.

Framburður konunnar í þá veru fær stóð í framburði annarra vitna, ekki síst gæslumanna sem hún leit-aði til strax í kjölfarið. Þeir sáu manninn koma í humátt á eftir konunni og kalla dólglega til hennar.

Konan er almennt álitin hafa verið mjög trúverðug við skýrslu-gjöf, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Ekki hafi gætt hjá henni ónákvæmni eða tvísögli.

Það sama er ekki að segja um framburð Birkis, sem fullyrti að samræðið hefði verið með fullum vilja konunnar. „Er það svo að framburður ákærða er á skjön við framburð allra annarra í málinu sem mynda saman eina heild sem er í innbyrðis samræmi og í samræmi við gögn málsins öll,“ segir í dómnum.

Þá dró það enn fremur úr trúverðuleika Birkis að hann laug að lögreglu á fyrstu stigum rannsóknarinnar þegar hann sagðist engan dvalarstað hafa í Eyjum og hefði engin fót meðferðis en þau sem hann var klæddur í. „Verður ekki annað séð en að ákærði hafi reynt með þessu að afvegaleiða lögreglu við rannsókn málsins.“

Í niðurstöðunni segir að ákærði



ÞJÓÐHÁTÍÐ Í EYJUM Konan er búsett í Vestmannaeyjum og segir í dómnum að áform hennar um að flytja til Reykjavíkur hafi að engu orðið eftir árásinu. Árásarmaðurinn býr í Reykjavík.

Hefur áður orðið fyrir kynferðisbroti

Konan sem Birkir réðst á var tiltölulega nýbúin að vinna úr áfallinu sem fylgdi því þegar hún varð fyrir öðru kynferðisbroti fyrir fjórum árum, að því er fram kemur í dómnum. Brotið nú hafi haft mikil áhrif á hana.

Í vitnisburði sálfræðings sem annaðist konuna kemur fram að hún hafi eftir árásinu verið ólík sjálfri sér, tilfinningalega óstöðug, uppstökk og afar viðkvæm. Hún gráti oft af litlu sem engu tilefni og treysti sér ekki til að vera ein á kvöldin og nóttunni. Hún vakni mikið að nóttu til, sé utan við sig og dofin, glími við afbrigðilega matarlyst og endurupplifi árásinu ítrekað. Þá segist hún hafa átt mjög erfið með að sinna þriggja ára gömlu barni sínu.

eigi sér engar málsbætur. „Hann hefur gerst sekur um mjög grófa og ruddalega árás á brotabola, líkama hennar og kynfrelsi.“ Afleiðingar brotsins séu augljósar og brotavilji hans einbeittur. „Sem birtist í þeirri háttsemi hans að draga brotabola aftur með ofbeldi inn á kamarinn til að koma fram vilja sínum, eftir að hún hafði

sloppið frá honum í hið fyrra sinni.“

Í júlí 2005 nauðgaði Birkir annarri stúlkunni í rjóðri við tjaldstæði. Hann neyddi hana til að hafa við sig munnmök og reyndi að hafa við hana annað samræði. Fyrir þetta fékk hann átján mánaða fangelsisdóm í Hæstarétti rúmu ári síðar.

stigur@frettabladid.is



HÁTÍÐ Í BÆ Vinavíkan hófst á Vopnafirði um síðustu helgi og nær hámarki á morgun.

Kærleiksmaraþon á morgun

FÓLK Hin árlega Vinavíka á Vopnafirði nær hápunkti á morgun með Kærleiksmaraþoni Æskulýðsfélags Hofsprestakalls.

Hátíðahöldin hafa staðið frá síðustu helgi með ýmsum upp-ákomum undir forystu unglunga í Æskulýðsfélagi kirkjunnar. Markmið vikunnar er að bæjarbúar og gestir sýni sínar bestu hliðar með því að brosa, vera jákvæð og hjálpa öðrum.

Kærleiksmaraþoninu lýkur svo með Vinamessu í Vopnafjarðarkirkju þar sem æskulýðsfélagið tekur lagið, og um kvöldið verður flugeldasýning. - þj

Handtekin í blokk í Breiðholti: Tekin með dóp, peninga og þýfi

LÖGREGLUMÁL Þrennt var handtekið í blokkaríbúð í Breiðholti í vikunni vegna fíkniefnamáls. Á staðnum fundust tæplega hundrad grömm af amfetamíni og töluvert af peningum sem grunur leikur á að séu ávinningur fíkniefnasölu. Fólkið, karl og tvær konur á þritugsaldri, hefur allt komið við sögu lögreglu áður, en þó mismikið. Í fórum þeirra fann lögregla einnig fjölda muna sem taldir eru vera þýfi. - sh

15% afsláttur

af öllum pakkningastærðum af Nicorette fruitmint

2 mg 210 stk.
Nú kr. 4.280.-

Tilboðið gildir til 31. október n.k.

Lyfjaval APÓTEK

Álftamýri - Mjódd - Bílaapótek Hæðasmára 4

VEDURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

BREYTIÐ í dag verður heldur vætusamt, sist NATIL, en á morgun kólnar og léttir til á sunnanverðu landinu. Norðantil eru horfur á snjókomu eða eljum. Á mánudaginn hversir töluvert SA-til með slyddu í fyrstu og síðar rigningu.

Á MORGUN 10-16 m/s NV-til, annars hægari.

MÁNUDAGUR Hversir SA-til er líður á daginn.

HEIMURINN

Alicante	23°
Basel	14°
Berlín	10°
Billund	11°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	11°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	25°
London	13°
Mallorca	20°
New York	17°
Orlando	23°
Ósló	12°
París	13°
San Francisco	24°
Stokkhólmur	11°

Vindhraði er í m/s.
Hítastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Alltaf fjör
í Jólalandinu
Skútuvogi!

JÓLALANDIÐ

OPNAR Í DAG Í BLÓMAVALI SKÚTUVOGI

Ástareldur
699 kr.

Nóvember-
kaktus
699 kr.

Allir haustlaukar
RÝMINGARSALA
40-50% AFSL.
Meðan birgðir endast

Sérfræðingar Blómavals verða
með ráðgjöf í haustlaukum í dag

Öll leikföng

20% AFSL.

Ný sending, mikið úrval,
ótrúlegt verð!

DAGSKRÁIN
LAUGARDAG

kl. 14.00
Solla og
Íþóttálfurinn
skemmta krökkunum

kl. 14.00
Allir krakkar fá
Þór íspinna
frá Emmessís
meðan birgðir
endast



kl. 14-16
Allir krakkar fá
að klappa
kaninum



blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík



Á að skylda veitingastaði til að birta upplýsingar um hita- einingar í mat?

JÁ	53,5%
NEI	46,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG
Tekur þú inn D-vítamín?
Segðu skoðun þína á vísir

Hugmyndasamkeppni um framtíð þjóðgarðsins á Þingvöllum:

Fjölbreytilegar framtíðarsýnir

ÞJÓÐGARÐAR Fimm hugmyndir voru í gær valdar úr 102 tillögum sem þær áhugaverðustu um framtíð þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Við val sitt hafði dómnefndin til hliðsjónar hvort tillögunar veittu trúverðugt svar við spurningu hugmyndaleitarinnar, hvort þær „samræmdust í meginatriðum stefnumörkun þjóðgarðsins og hvort framsetning þeirra væri greinagöð og lýsti vel inntaki hugmyndarinnar“.

Þeir sem hlutu viðurkenningar fyrir hugmyndir sínar og fá 200 þúsund krónur í verðlaun eru

Catherine Eyjólfsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Anna Ólafía Guðnadóttir, Kristján Gíslason og Gunnlaugur Þráinsson.

Í verðlaunahugmyndunum er meðal annars gert ráð fyrir að frekara tillit verði tekið til barna, þjóðgarðurinn, umhverfi hans og náttúra verði fært aftur í fyrra horf, hótél og veitingaaðstaða verði sett upp á Gjábakka, Veitingastaður verði settur upp í Þingvallabænum og skipulagt verði maraþonhlaup á Þingvöllum þar sem hlaupið yrði milli Evrópu og Ameríku.



FRAMTÍÐARSÝN Fimm tillögur hlutu verðlaun í hugmyndasamkeppni um framtíð Þingvalla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Verðlaunatillögunar verða til sýnis í Tjarnarsal Ráðhússins í Reykjavík fram til kl. 17 á morgun, sunnudag. -þj

HM í bridds í Hollandi:

Enn er von

BRIDDS Íslenska landsliðið í bridds átti erfiðan dag á HM í Hollandi í gær. Liðið tapaði fyrir Hollandi og Ástralíu en vann Ísrael naumlega.

„Okkar takmark er að komast í úrslitin og þetta lítur ágætlega út. Liðið er í góðu jafnvægi og þetta gengur vel,“ segir Þjórn Eysteins-son landsliðsfyrirliði.

Ísland er nú í 6. sæti. Efstir eru Ítalir, Hollendingar næstir og Bandaríkjamenn í 6. sæti. Undan-keppninni lýkur í dag og skýrist þá hvaða þjóðir komast áfram í útsláttarkeppni sem hefst á morgun. Ísland spilar við Pólverja, lið Bandaríkjanna 2 og Suður-Afríku. -shá

KÍ sakað um að misfara með vísindasjóð

Stjórn Vísindasjóðs framhaldsskólakennara hefur tekið sjóðinn úr vörslu starfsmanna Kennarasambands Íslands. Segir KÍ hafa brotið bókhaldslög og haft fé af sjóðnum. Marga mánuði tók að fá bókhaldið afhent. KÍ harmar málið.

SKÓLAMÁL Starfsmenn Kennarasambands Íslands (KÍ) hafa ítrekað brotið bókhaldslög við umsýslu Vísindasjóðs Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum. Þetta fullyrðir stjórn sjóðsins, sem hefur nú svipt Kennarasambandið forræði á sjóðnum og tekið hann í sína vörslu eftir níu mánaða deilur.

Stjórnin sendi sjóðfélögum – kennurum og stjórnendum við framhaldsskóla – bréf um málið í gær þar sem segir að alvarlegur trúnaðarbrestur hafi orðið á milli hennar og KÍ.

Þar segir að upphaf málsins megi rekja til þess þegar stjórnin óskaði í janúar upplýsinga um svokallað aðstöðugjald sem KÍ greiddi sér af bankareikningi sjóðsins. Þegar í ljós hafi komið að enginn samningur um aðstöðugjaldið lægi fyrir hafi frekari spurningar vaknað og því hafi verið ákveðið að kafa frekar í bókhaldið.

Stjórnin segir í bréfi sínu að „óeðlileg tregða“ hafi verið við að láta bókhaldið af hendi þrátt fyrir óskir endurskoðanda og það hafi ekki verið fyrir en hæstaréttarlögmaður var fenginn til að undirbúa innsetningarbeiðni til héraðsdóms í maí sem hluti gagnanna hafi loksins fengist afhentur.

Í ljós hafi komið að bókhald sjóðsins hafi ekki verið aðgreint frá bókhaldi KÍ. „Þau gögn sem sjóðstjórn hefur nú þegar undir höndum sýna að bókhaldslög hafi verið brotin og er þar um að ræða brot á nokkrum greinum bókhaldslaga og sum ítrekuð,“ segir í bréfinu.



KENNARAHÚSIÐ Sjóðurinn er hýstur hjá Kennarasambandinu í gamla Kennaraskólanum. Það gæti breyst ef samskipti sjóðsstjórnarinnar og sambandsins batna ekki.

Meðal þess sem bókhaldið hafi leitt í ljós sé að tekjur sjóðsins frá ríkinu, rúmar átta milljónir króna á mánuði, hafi jafnan verið færðar af bankareikningi sjóðsins og inn á reikning KÍ, þar sem þær hafi legið í nokkrar vikur. Vextir af þeim peningum hafi síðan orðið eftir á reikningi KÍ.

Þórey Hilmarsdóttir, stjórnarformaður Vísindasjóðsins, segist ekki vita hversu mikla fjármuni sé þar um að tefla. Það verði reiknað síðar. „Við eigum eftir að gera kröfu á KÍ um þessa peninga og það verður ekkert mál nema ef það neitar að borga,“ segir hún.

Að hennar sögn skýrir KÍ málið með innheimtukerfi sem erfitt sé að tjónka við. Þær skýringar hrökkvi þó skammt. „Ég hef ekki fengið útskýringar á þessu sem ég hef getað skilið,“ segir hún.

Stjórn KÍ birti yfirlýsingu á vef sambandsins í gær þar sem málið var harmað. Þar segir að KÍ hafi fengið endurskoðendur til að fara yfir bókhaldið og þeir hafi ekki talið tilefni til alvarlegra aðfinnslna. Ekki sé annað fram komið en að meðferð fjármuna sjóðsins sé í góðu lagi.

stigur@frettabladid.is

Kanarí
29. október
Ótrúlegt sértíloð!
Frá kr. **114.900**

17 náttu ferð - síðustu sæti! Heimsferðir bjóða frábær tilboð á allra síðustu sætunum til Kanaríeyja þann 29. október. Í boði eru sértíloð m.a. á Maspalomas Lago smáhýsum og Jardin del Atlantico íbúðarhótelinu. Flugið er til Alicante á útleið og dvalið eina nótt í Alicante. Beint flug frá Kanaríeyjum á leiðinni heim þann 15. nóvember. **Athugið að mjög takmörkuð gisting er í boði!**

Frá kr. **114.900**
Maspaloma Lago
Netverð á mann m.v. tvo fullorðna í 17 nætur.

Frá kr. **179.600**
Jardin del Atlantico með allt innifalið
Netverð á mann m.v. tvo fullorðna í 17 nætur.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Sanngirnissbætur
Innköllun

Í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2010 um sanngirnissbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 og tóku gildi hinn 28. maí 2010, hefur sýslumanninum á Siglufirði verið falið að gefa út innköllun, fara yfir kröfur og gera þeim sem eiga rétt á bótum skrifleg sáttaboð. Skal sýslumaður eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að sama heimilinu.

Á grundvelli þessa er nú kallað eftir kröfum frá þeim sem dvöldu á:

Vistheimilinu Silungapólli

Hér með er skorað á alla þá sem voru vistaðir á vistheimilinu Silungapólli á vegum barnaverndar Reykjavíkur einhvern tíma á árabílinu 1950-1969 og urðu þar fyrir illri meðferð eða ofbeldi sem olli varanlegum skaða, að lýsa kröfu um skaðabætur fyrir undirritaðri fyrir 22. janúar 2012. Kröfu má lýsa á eyðublaði sem er að finna á vefnum www.sanngirnissbætur.is og hjá tengiliði vegna vistheimila. Tekið er fram að ekki kemur til álitu að greiða sanngirnissbætur til þeirra sem voru á heimilinu við sumardvöl á vegum RKÍ, enda fellur hún ekki undir gildisvið laga nr. 26/2007.

Allar kröfur skulu sendar sýslumanninum á Siglufirði, Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði.

Verði kröfu ekki lýst fyrir 22. janúar 2012 fellur hún niður.

Bent er á að unnt er að leita aðstoðar tengiliðar vegna vistheimila við framsetningu og skil á bótakröfu. Aðstoð tengiliðar er að kostnaðarlausu. Skrifstofa tengiliðar er að Hverfisgötu 4a-6a, þriðju hæð, 101 Reykjavík. Sími tengiliðar er 545 9045. Veffang er www.tengilidur.is.

Siglufirði 7. október 2011
Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður

Taílensk stjórnvöld taka áhættu í baráttunni við flóðin:

Hleypa vatninu inn í Bangkok

TAÍLAND, AP Stjórnvöld í Taílandi sjá sér ekki annað fært en að hleypa flóðavatni í gegnum höfuðborgina Bangkok í von um að það renni nokkuð greiðlega í gegn.

Vatnsyfirborðið norðan borgarinnar hefur hækkað jafnt og þétt svo flóðavarnir halda varla lengur. Með því að leggja alla áherslu á að verja borgina hefur ástandið fyrir norðan hana auk þess orðið verra en annars hefði orðið.

„Við verðum að hleypa vatninu í gegn,“ sagði Yingluck Shinawatra forsætisráðherra. Hún segir vatnið ekki komast til sjávar með öðru móti og halda þá áfram að safnast saman norðan við borgina.

Á fjórða hundrað manns hafa látið lífið í flóðunum í Taílandi síðustu vikurnar. Samtals hafa meira en 700 manns látið lífið í Taílandi og nágrennalöndunum Kambódíu, Víetnam, Laos og Filippseyjum vegna flóða.

Flóðunum valda árvissar monsunrigningar, sem þetta árið eru með versta móti. Taílendingar eru vanir flóðum á þessum árstíma en þetta eru verstu flóðin sem þeir hafa kynnst áratugum saman. -gb



FLÓÐ Í BANGKOK Vatnið hefur flætt inn í sum hverfi höfuðborgarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

**TAX FREE
DAGAR**



**TAX
FREE**

DAGAR

*Fatnaður og skór
á alla fjölskylduna!*

Dagana 20. - 24. október
afnemun við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM.

Þú færð allan dömu-, herra
og barnafatnað, undirföt,
sokka, sokkabuxur og skó án
virðisaukaskatts þessa fimm daga.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út mánudaginn 24. október 2011.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Stofnfundur

Hollvinasamtaka Líknardeilda Landspítalans, Landakoti og Kópavogi, verður haldinn í safnaðarheimili Nes Kirkju miðvikudaginn 26. október kl. 20:00.

Fundarboðendur



15% afsláttur

af öllu **NOW** D-vítamíni

Rannsóknir hafa sýnt að Íslendingar fá alltof lítið D-vítamín.



www.lifandimarkadur.is

Borgartúni 24 | Hæðasmára 6 | Hafnarborg



Bókmenntasjóður
The Icelandic Literature Fund

Pýðingastyrkir Bókmenntasjóðs

Bókmenntasjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki til pýðinga á íslensku en næsti umsóknarfrestur er **1. nóvember 2011**.

Hlutverk Bókmenntasjóðs er að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu. Bókmenntasjóður styrkir meðal annars útgáfu frumsaminnna verka og pýðingar bókmennta á íslensku, en stuðlar einnig að kynningu íslenskra bókmennta heima og erlendis og sinnir öðrum verkefnum sem falla undir verksvið sjóðsins.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar fást á heimasíðu Bókmenntasjóðs, www.bok.is, í gegnum netfangið bok@bok.is og á skrifstofu sjóðsins.

Bókmenntasjóður
Austurstræti 18
101 Reykjavík

Lögreglumenn semja við yfirmenn sína um útfærslu álagsgreiðslna:

„Það verður engin hoppandi gleði“

KJARAMÁL „Það verður engin hoppandi gleði og örugglega mjög skiptar skoðanir,“ segir Steinar Adolfsson, framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna, um nýgert samkomulag við lögreglustjóra um álagsgreiðslur.

Samkomulagið byggir á nýlegri niðurstöðu gerðardóms um kjör lögreglumanna. Viðræðurnar snerust um að útfæra hvernig skipta ætti þeim verðmætum í formi sem lögreglumönnum voru dæmd í formi álagsgreiðslna.

„Þetta hittir menn misjafnlega fyrir og ræðst meðal annars af



ÓSÁTTIR Lögreglumenn hafa verið ákaflega óánægðir með kaup sitt og kjör.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

samsetningu launa þeirra,“ segir Steinar. Reynt hafi verið að haga málum þannig að hækka lægri

laun meira á kostnað þeirra hærra. Samkomulagið tókst á miðvikudag og nú verður hafist handa við að kynna það fyrir lögreglumönnum. Steinar segist sjálfur vera á leið út á land til halda slíka kynningarfundi. Ekki er hins vegar um breytingar á kjarasamningum að ræða og því kemur ekki til atkvæðagreiðslu um það.

Samhliða samkomulaginu var skrifað undir viljayfirlýsingu milli sambandsins, fjármálaráðherra og innanríkisráðherra um að fara yfir framtíðarfyrirkomulag menntunar og öryggismál lögreglumanna. - sh

Fundað um makríl í London:

Jákvæður andi í viðræðum

SJÁVARÚTVEGUR Samningafundi um makrílveiðar, sem hófst á miðvikudag, lauk í London í gær.

Tómas H. Heiðar, aðal-samningamaður Íslands, segir að fundurinn hafi verið jákvæður og verður viðræðunum haldið áfram í næstu viku.



TÓMAS H. HEIÐAR

Fulltrúar strandríkjanna fjögurra, Íslands, ESB, Noregs og Færeyja, auk áheyrnaraðilans Rússlands sátu fundinn.

Tómas segir að ýmsar leiðir til stjórnunar makrílveiðanna hafi verið ræddar, þar á meðal skipting aflahlutdeildar milli aðila.

- shá

STJÓRNMÁL

Vonast eftir viðurkenningu

Palestinumenn gera sér vonir um að öryggisráð SP afgreiði umsókn um viðurkenningu á sjálfstæði Palestínuríkis á fundi sínum 11. nóvember næstkomandi. Bandaríkin hafa sagst ætla að beita neitunarvaldi í öryggisráðinu, verði tillagan borin undir atkvæði og hljóti meirihlutasamþykki.



VÍMUVARNAVIKA 2011
23. - 30. OKTÓBER
www.vvv.is



GADDAFÍ TIL SÝNIS Biðröð var við frystigeymsluna í Misrata þar sem lík einræðis-herrans var geymt.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Beðið með að grafa lík Gaddafís

Hætt var við að grafa lík Múammars Gaddafí með leynd í gær. Þess í stað hafa stjórnvöld fallist á að rannsaka betur hvernig dauða hans bar að höndum.

LÍBÍA Bráðabirgðastjórn byltingarinnar í Líbíu lét undan alþjóðlegum þrýstingi í gær og féllst á að láta rannsaka hvernig dauða Múammars Gaddafí bar að höndum.

Upphaflega var ætlunin að láta grafa lík Gaddafís á leynilegum stað í gær, en nú hefur greftruninni verið frestað og óljóst er bæði hvenær, hvar og hvernig að henni verður staðið.

Sithvað er enn óljóst um síðustu stundir Múammars Gaddafí. Vitað er að hann hugðist flýja frá Sirte, fæðingarborg sinni, snemma í gærmorgun þegar byltingarmenn voru um það bil búnir að ná henni á sitt vald eftir margra vikna bardaga.

Hann var í 75 bíla lest sem komst ekki langt frá borginni því gerðar voru tvær loftárásir á hana, sú fyrri um klukkan 8.30 og hin stuttu síðar. Ellefu bifreiðar eyðilögðust og tugir manna Gaddafís féllu.

Gaddafí sjálfur komst samt undan ásamt nokkrum manna sinna. Þeir virðast hafa hlaupið í gegnum trjágerði í áttina að þjóð-

veginum þar sem þeir földu sig í tveimur holræsum.

Uppreisnarmenn höfðu hins vegar elt bílalestina og fundu fljótlega Gaddafí og menn hans í ræsunum. Þegar þeir nálguðust ræsin var fyrst skotið á þá en síðan var hrópað til þeirra að Gaddafí væri þarna og hann væri særður.

Hann virtist ringlaður og í fyrstu sagður særður bæði á fæti og á baki. Hann var fluttur til borgarinnar Misrata en er sagður hafa látist nokkrum mínútum áður en komið var með hann á sjúkrahús.

Hann var með skotsár á höfði, brjósti og maga en óljóst er hvenær hann særðist og hverjir hleyptu af skotunum. Ein fullyrðingin er sú að hann hafi orðið fyrir skoti í höfuðið þegar til bardaga kom milli stuðningsmanna hans og byltingarmanna.

Líkið var síðan dregið um götur borgarinnar og sýnt almenningi en var loks sett í frystigeymslu í verslunarmiðstöð í gær meðan beðið var greftrunar.

gudsteinn@frettabladid.is

Við lífrænt

♥ án rotvarnarefna ♥ enginn viðbættur sykur

ÓSKA EFTIR

Að kaupa enska **English CURSE** Lingapone námskeiðið, stóra námsbókin 236 bls. Ég borga 40.000 kr fyrir námskeiðið upplýsingar í síma 865 7013.

Icelandair hótel Akureyri

Nýtt og notalegt í hjarta Norðurlands



AKUREYRI
Icelandair Hotels



Icelandair hótel Akureyri er notalegt heilsárshótel í hjarta bæjarins með frábærri aðstöðu fyrir ferðamenn jafnt sumar sem vetur. Við bjóðum skíðafólki upphitaða skíðaskápa, útiæld og heita drykki eftir góðan dag í brekkunni. Á hótelinu er fallegur fundarsalur og við leggjum mikinn metnað í að bjóða upp á framúrskarandi veitingar.

Verið velkomin allan ársins hring!

Icelandair Hótel Akureyri, Þingvallastræti 23, sími 518 1000

Icelandair Hotels

www.icelandairhotels.com

REYKJAVÍK NATURA

REYKJAVÍK MARINA

Í KEFLAVÍK

FLÚÐIR

KLAUSTUR

HÉRAÐ

AKUREYRI

HAMAR



FJÓGURRA DAGA GAMALL

Þessi nashyrningskálfur fæddist í dýragarði í Frakklandi nú í vikunni.

NORDICPHOTOS/AFP

Aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu er stjórnarsamstarfi við Vinstri græn að þakka:

Ljúka þarf breytingum á kvótakerfi

STJÓRNMÁL Aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu hefur ekki orðið að veruleika nema fyrir stjórnarsamstarfi við Vinstrihreyfinguna – grænt framboð. Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, í setningar-ræðu á landsfundi Samfylkingarinnar í gær. Þetta hefur náðst þrátt fyrir andstöðu Vinstri grænna gegn aðild að Evrópusambandinu.

Jóhanna sagði ýmislegt hafa áunnist í ríkisstjórnarsamstarfinu, böndum hefði verið komið á ríkisfjármálin og fjárlagahallinn hefði minnkad án þess að veða þannig að velferðarkerfinu að ekki yrði úr því bætt. Lágmarkstekjur lífeyrisþega og atvinnuleysisbætur hefðu aldrei verið hærra en eftir að Samfylkingin komst í ríkisstjórn.

„Allt þetta tókst okkur af því að unnið var skipulega eftir plani A strax frá upphafi en ekki B-plani Framsóknarflokksins eða D-plani Sjálfstæðisflokksins sem fram komu þremur árum eftir hrun.“

Jóhanna sagði mikilvæg verkefni fram undan, endurskoða þyrfti stjórnarskrána, breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu og ljúka aðildarviðræðum við ESB.

Richard Wilkinson, prófessor við læknadeild Háskólans í Nottingham, heldur fyrirlestur á fundinum í dag. Jóhanna sagði í gær að Wilkinson myndi sýna fram á að með auknum jöfnuði í samfélaginu fækkaði glæpum og streita minnkadi, sem og geðsjúkdómar, hjartasjúkdómar, vímuefnaneysla og næringarvandamál. - kóp



FORMAÐURINN Jóhanna sagði nauðsynlegt að stofna auðlindasjóð sem annaðist og ávaxtaði arð þjóðarinnar af auðlindum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stundvísikönnun flugfélaga: Icelandair í öðru sæti í Evrópu

SAMGÖNGUR Icelandair reyndist næststundvísast allra aðildarfélag í AEA, Evrópusambandi flugfélaga, í lengri flugum í septembermánuði. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Icelandair.

Fyrirtækið var stundvíst í 91,6 prósentum slíkra tilfella, en á styttri vegalengdum var það í fjórða sæti með 89,6 prósentu stundvísi. Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, segir niðurstöðuna staðfesta að fyrirtækið sé í fremstu röð. - þj

Dregur úr misnotkun lyfja eftir reglubreytingar:

Aðgerðir bera árangur

HEILBRIGÐISMÁL Nýjar reglur um útgáfu lyfjaskírteina, til að hindra að einstaklingar gætu fengið ávísun á lyf frá mörgum læknum, hafa borið merkjanlegan árangur til að draga úr misnotkun metýlfenidat-lyfja eins og Ritalin og Concerta.

Eftir stöðuga aukningu á notkun metýlfenidat-lyfja frá árinu 2006 hefur tekist að snúa þróuninni við. Aðgerðirnar byggðu á vinnu

viðbragðshóps sem Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra setti á fót.

Mest hefur dregið úr ávísunum þessara lyfja til fólks 20 ára og eldra, en einnig til yngra fólks, sérstaklega hjá börnum á aldrinum 10-14 ára. - shá



METÝLFENIDAT-LYF Ritalin og Concerta eru meðal þeirra lyfja sem mest hafa verið í umræðunni vegna misnotkunar.



SJÚKRAHÚS Sérfræðihópur á vegum velferðarráðuneytisins telur upplýsingaskráningu innan heilbrigðiskerfisins verulega ábótavant.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Styrkur til meistara- og doktorsnema til rannsókna á einelti

STYRKARSJÓÐIR

Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar auglýsir eftir umsóknum

Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Styrktarsjóði Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar á árinu 2012. Að þessu sinni verður styrkur veittur til nemenda í meistaranámi og/eða doktorsnámi.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2011.

Markmið sjóðsins er að styðja rannsóknir á einelti og kanna allar lagalegar og siðferðilegar leiðir til að fyrirbyggja einelti og bæta fyrir afleiðingar þess. Styrkir verða veittir til rannsókna sem falla að markmiðum sjóðsins. Heildarfjárhæð úthlutaðra styrkja er allt að 2.000.000 kr.

Í umsókninni þurfa eftirtalin atriði að koma fram:

- Nafn umsækjanda, kennitala, heimilisfang, sími og virkt netfang.
- Helstu atriði úr náms- og starfsferli umsækjanda og upplýsingar um námsárangur.
- Heiti rannsóknarverkefnisins, markmið og vísindalegt gildi þess. Hnitmiðuð lýsing á verkefninu, 2-3 málsgreinar, sem verður nýtt til almennrar umfjöllunar og kynningar, hljóti verkefnið styrk.
- Veigameiri lýsing á rannsóknarverkefninu, að hámarki ein blaðsíða. Fram komi hvernig verkefninu er ætlað að auka við núverandi þekkingu á rannsóknarefninu og hvernig það styður við markmið sjóðsins. Sé ætlunin að óska eftir stuðningi við hluta af stærra verkefni skal koma fram til hvaða þáttar sótt er um.
- Áætlun um námsframvindu, tímaáætlun, fjárhagsáætlun og upplýsingar um helstu samstarfsaðila í verkefninu. Upplýsingar um annan fjárhagslegan stuðning við verkefnið komi einnig fram.
- Nöfn, símanúmer og netföng þeirra sem leita má til um meðmæli.

Gert er ráð fyrir því að styrkþegi skili sjóðnum skýrslu með helstu niðurstöðum, árangri af verkefninu og tillögum til kynningar á niðurstöðum þess, þegar því er lokið.

Hámarkslegd umsóknar er þrjár síður. Stjórn áskilur sér rétt til að veita fleiri en einum umsækjanda styrk, hafna öllum og/eða úthluta með öðrum hætti. Umsóknum skal skila sem viðhengi á netfang Styrktarsjóða Háskóla Íslands, sjodir@hi.is. Áætlað er að úthlutun fari fram í ársbyrjun 2012.

Frekari upplýsingar um styrkveitingu og úthlutun er að finna á vef Háskóla Íslands, www.hi.is, á sjóðavef Háskóla Íslands, www.sjodir.hi.is, eða hjá Björgu Magnúsdóttur, verkefnisstjóra Styrktarsjóða Háskóla Íslands, sjodir@hi.is, sími 525 4219.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STYRKARSJÓÐIR

Breyting á sjúkraskrá er nauðsynleg

Nauðsynlegt er að koma á rafrænni sjúkraskráningu innan heilbrigðiskerfisins. Erlendur sérfræðihópur á vegum velferðarráðuneytisins gagnrýnir meðferð og skráningu upplýsinga innan kerfisins.

HEILBRIGÐISMÁL Nauðsynlegt er að koma á samræmdri, rafrænni sjúkraskráningu hér á landi til að koma til móts við gagnrýni hóps frá alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækinu Boston Consulting Group. Slíkt kerfi kostar á bilinu þrjú til fjóra milljarða króna, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Hópurinn segir í nýrri skýrslu að upplýsingaskráning innan íslenska heilbrigðiskerfisins sé í miklum ólestri eftir að hafa dvalið á landinu í fimm vikur á vegum velferðarráðuneytisins og gert ítarlega úttekt á heilbrigðiskerfinu í heild.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir að nauðsynlegt sé að setja vinnu í gang til að undirbúa framhaldið varðandi rafræna skráningu innan heilbrigðiskerfisins. Mynda þurfi starfshóp til vinnunnar og hann fái hálf til eitt ár í undirbúningsferli. Fjárveiting vegna verkefnisins kæmi ekki fram fyrr en í fyrsta lagi árið 2013.

„Stór hluti af þessu verkefni er undirbúningsvinnan; að átta okkur á því hvaða upplýsingum við ætlum að safna, hvaða kerfi eigi að samkeyra og hvað eigi að verða aðgengilegt,“ segir Guðbjartur. „Þetta verður mikil vinna áður en peningarnir koma, en við munum fara fljótt í gang með hana.“

Gagnrýni ráðgjafarfyrirtækisins beindist einnig að því að

Ísland er eitt fárra landa í heimi þar sem þjónustustýring innan heilbrigðiskerfisins er ekki til staðar.

Sérfræðihópurinn telur það einnig brýna nauðsyn að finna lausnir á sívaxandi offituvandamáli Íslendinga, sem eru orðin næstfjórtaasta þjóð á Vesturlöndum á eftir Bandaríkjamönnum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur

20% prósent kvenna utan höfuðborgarsvæðisins eru of þung.

Landspítalinn þurft að leggja út í töluverðan aukakostnað á undanförunum árum vegna of feitra sjúklinga, meðal annars með því að kaupa burðugri rúm, og auknum lyfjagjöfum vegna þyngdar sjúklinganna. Um 13 prósent kvenna á höfuðborgarsvæðinu eru of feit og um 20 prósent kvenna á landsbyggðinni.

Skýrsla hópsins var kynnt forstöðumönnum heilbrigðisstofnana á fimmtudag og verður kynnt opinberlega í næstu viku. Starfshópur á vegum velferðarráðuneytisins mun leggja fram tillögur að breytingum á heilbrigðiskerfinu í byrjun næstu viku.

sunna@frettabladid.is

kolbeinn@frettabladid.is / sjá síðu 28

TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ
TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ
TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ
TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ
TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ
TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ

Haustrútsala

20.-26. október



Skólamat er liður í uppeldisstarfi skólanna.

Meira en að metta börn

Uppeldi barna er verkefni sem nær til allra þátta daglegs lífs. Meðal þess sem þarf að kenna börnum er að næra sig sér til gagns. Þegar farið var að bjóða upp á mat í grunnskólum í stað þess að börnin kæmu með nesti með sér að heiman steig skólinn inn á þetta svið uppeldisins. Næring barna, sem áður var alfarið á ábyrgð heimilisins, er nú að hluta á ábyrgð skóla og þar með menntayfirvalda.

Þetta er ekki lítið verkefni og ekki er dregið í efa að þeir sem við ábyrgðinni tóku hafi gert sér fulla grein fyrir mikilvægi þess. Þó virðist sem lítið sé á skólamáltíðir sem einhvers konar gæluverkefni sem sneiða megi af þegar harðnar á dalnum.

Því miður er það svo að aldrei er mikilvægara en einmitt þegar harðnar á dalnum að börn fái góðan og hollan mat í skólanum. Ekki eiga nefnilega öll börn kost á því heima hjá sér. Þekkt er sagan af Finnum, sem í kjölfar kreppu byggðu upp mótuneyti grunnskóla sinna til að tryggja að börnin fengu að minnsta kosti eina næringarríka máltíð á dag meðan þau væru í skólanum.

Lýsingar matreiðslumanns í grunnskóla í Reykjavík í fréttum hér í blaðinu, í dag og síðastliðinn fimmtudag, á þeim aðstæðum sem matreiðslumönnum eru boðnar í skólanum eru heldur nóturlegar og svo virðist sem nánast sé ætlast til hins ómögulega af þessari stétt. Matreiðslumaður þarf að matbúa handa fimm hundruð nemendum og jafnvel fleiri og hefur einungis tvo sér til aðstoðar enda munu ekki vera til viðmið um hlutfall milli fjölda mótuneytisstarfsmanna og fjölda nemenda í fæði. „Vinnan í sumum mótuneytum er farin að líkjast meira þrælubúðum en eðlilegum vinnustað“, segir einnig í yfirlýsingu Samtaka faglaðra matreiðslumanna í grunnskólum Reykjavíkur.

Afleiðingin er sú að í auknum mæli er gripið til þess að bjóða aðkeyptan mat sem hitaður er upp í skólunum. Sú leið kann að vera eitthvað ódýrari en hin að ráða mannskap til þess að elda mat frá grunni í skólanum. Hins vegar hlýtur upphitaður matur alltaf að tapa einhverju af þeirri næringu sem hann á að veita.

Mataruppeldi felst ekki bara í því að metta börn frá degi til dags. Það felst í því að venja barn við að borða hollan og næringarríkan mat sem líklegur er til að viðhalda góðri heilsu þess um alla framtíð. Það felst einnig í því að bjóða börnum þær aðstæður að matartíminn sé góð samverustund með vinum. Auk þess má benda á mikilvægi þess að börn geri sér grein fyrir tengslum milli hræfnis sem notað er í mat og þess matar sem þau neyta. Þetta uppeldi hafa skólarnir að hluta tekið að sér með því að bjóða upp á mat í grunnskólum.

Hér er ekki verið að kalla eftir að börnum sé boðið einhvers konar lúxusfæði heldur einungis að aðstæður séu fyrir hendi til að útbúa handa þeim einfaldan og hollan mat. Ef það er ekki gert má velta fyrir sér hvort betur hefði verið heima setið en af stað farið í það verkefni að bjóða upp á mat í skólum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is

Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871

„Hernaðarlist og valdaskilríki?“
Er stjórnmálamenning samtímans tamari körlum en konum?

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Málþing **mánudaginn 24. október 12.00-13.30. Hátiðarsalur, Aðalbygging HÍ.** Í boði Stjórnmálafræðideildar og MARK Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsóknna í tilefni af 100 ára afmæli HÍ og 15 ára afmæli náms í kynjafraeði:

Inngangserindi: **Bergljót Prastardóttir** „Og maður þarf helst að standa upp á kassa og garga“ og **Kristín Ástgeirsdóttir** „Boðflennur í veislusölum valdsins?“. Pallborð: **Guðmundur Steingrímsson** og **Unnur Brá Konráðsdóttir** þingmenn, **Ottarr Proppé** borgarfulltrúi og **Þórunn Sveinbjarnardóttir** fv. þingkona.

Fundarstjóri: **Þorgerður Einarsdóttir** prófessor.

Bergljót Kristín Guðmundur Unnur Ottarr Þórunn Þorgerður

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
1911-2011



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Hjáleið um „hneyksli“

Athygli vakti þegar formaður efnahagsnefndar Alþingis sagði að ráðning nýs forstjóra Bankasýslu ríkisins væri hneyksli. Ríkisútvarpið greindi frá því í fréttum í byrjun vikunnar að einmitt þau ummæli hefðu breytt stöðunni og að sá sem ráðinn var yrði ekki forstjóri.

Hér verður ekki lagður dómur á ákvörðun stjórnar Bankasýslunnar. Engin samanburðargögn um umsækjendur hafa verið birt. Aðrir umsækjendur hafa ekki opinberlega lýst því að á þeim hafi verið brotið. Ekki var auglýst að umsækjendur af tilteknu sauða-



ÞORSTEINN PÁLSSON

húsi væru samkvæmt eðli máls óæskilegir.

Þetta útilokar að sjálfsögðu ekki að Alþingi eða einstakir alþingismenn hafi skoðun á málinu og færi rök fyrir henni.

Alþingi hefur þær valdheimildir sem nauðsynlegar eru til að koma þessu máli í það horf sem það telur sóma af. Aftur á móti skiptir öllu að alþingismenn fari að réttum stjórnskipunarreglum til þess að koma

vilja sínum fram í þessu falli sem öðrum.

Þingmenn hafa margir hverjir lýst áhyggjum vegna þverrandi virðingar sem trúnaðarhlutverk þeirra nýtur. Sumir vilja endurheimta glataða virðingu með því að skerpa skil milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. En þá er betra að virða þær reglur sem í gildi eru um þessi skil.

Samkvæmt þeim blandar Alþingi sér ekki í stjórnsýslumál nema með því móti að kalla viðkomandi ráðherra til ábyrgðar. Sú leið var ekki farin. Þingmennirnir kusu að fara hjáleið um þessa grundvallarreglu stjórnskipulegrar ábyrgðar.

Að hengja bakara fyrir smið

Algjörlega óháð því hvort menn telja að gagnrýni þingmanna hafi við rök að stýðjust eða ekki verður að gera þá kröfu til þeirra að draga þá eina til ábyrgðar sem hana bera. Umsækjandinn sem fékk stöðuna hefur sannarlega ekkert til sakar unnið í tengslum við þessa ákvörðun.

Ef gengið er út frá að stöðuveitingin sé hneyksli er það stjórn Bankasýslunnar sem ber ábyrgð á því gagnvart ráðherra. Hann ber síðan ábyrgð andspænis Alþingi. Þetta er skipan mála sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnar-

skrá. Þingmenn hafa ekki staðhæft að lög hafi verið brotin. Í orðum þeirra felst því það mat að stjórn Bankasýslunnar hafi gerst sek um svo mikinn dómgreindarrest að jafngildi hneyksli.

Fjármálaráðherra kallaði af því tilefni eftir rökstuðningi sem hann taldi ekki gefa tilefni til viðbragða af sinni hálfu. Ábyrgðin á hneykslinu sem þingmenn nefna svo hvílir eftir það á herðum hans. Sú ábyrgð hverfur ekki þó að forstjórinn sé beittur þrýstingi til að hætta. Dómgreindarresturinn gufar ekki upp við það.

Eina ráð Alþingis í máli sem

þessu er að víkja ráðherranum frá og setja annan í hans stað. Nýr ráðherra yrði síðan að leysa stjórnina frá störfum og skipa í hana menn er ógiltu ráðninguna.

Alþingi kaus aftur á móti að efna til umræðu til að magna slíkan óróa að nýja forstjóranum yrði óvært í sætinu eins og Ríkisútvarpið upplýsti rétt og skilmerkilega. Þetta heitir að hengja bakara fyrir smið. Stjórn Bankasýslunnar og ráðherran eiga hins vegar að sitja eins og ekkert hafi í skorist. Við stöðu þeirra á ekki að hrófla þó að ábyrgðin á töldu hneyksli liggja þar. Af hverju skyldi það vera?

Rím orða og athafna

Þingmenn fara með vald. Virðing þeirra ræðst af því hvernig þeir ríma athafnir við orð. Orðið hneyksli af vörum valdhafa eins og alþingismanna hefur því aðeins eitthvert gildi að þeir kalli þá til ábyrgðar sem úrslitum réðu um það mál sem til umfjöllunar er.

Ekki er unnt að útiloka að ákvörðun Bankasýslunnar sé hneyksli. Það kemur á hinn bóginn ekki í ljós hvort þingmenn meina það sem þeir segja nema þeir láti til skara skrifa með þeim stjórn-

skipulegu ráðum sem þeir hafa gagnvart þeim sem ábyrgð bera.

Klípa þeirra þingmanna sem hér eiga hlut að máli er sú að fari þeir að settum stjórnskipunarreglum er stjórnarsamstarfið í húfi. Þeir vilja ekki fórnar því til að uppræta það sem þeir sjálfir kalla hneyksli. Þetta er skýrt val. Stór orð á Alþingi eru lítils virði ef menn geta ekki gert upp á milli þessara hagsmuna.

Ætli þingmenn umfram allt annað að vernda þann ráðherra sem ber ábyrgð á því sem þeir

kalla hneyksli fer betur á því að tala af meiri hógværd. Þingmennirnir féllu á þessu prófi.

Sighvatur Björgvinsson, fyrrum ráðherra, benti á hliðstæðan tvískinnung á dögnum þegar hann vakti athygli á að þingmenn láta nú embættismenn bera ábyrgð á pólitískum ákvörðunum um niðurskurð. Hugsanlega var rétt að taka á þessu Bankasýslumáli. En þingmenn gerðu það hins vegar með þeim hætti að þeir smækkuðu sjálfa sig og virðingu þingsins. Hjáleiðin afhjúpaði skinhelgi.

Það er stutt yfir í MP banka



Borgartún 26
MP BANKI

(350 metrar)

Taktu sjálfstæða ákvörðun um bankaviðskipti fyrirtækisins. Það er auðvelt að skipta yfir í MP banka – við sjáum um að flytja viðskiptin fyrir þig.

Ef fyrirtækið þitt skiptir um banka, þá viltu ekki láta einhvern annan velja hann fyrir þig. MP banki er góður valkostur þar sem yfir 90% viðskiptavina bankans eru ánægðir með þjónustuna og langflestir mæla með bankanum við vini og ættingja.

Við bjóðum minni og meðalstórum fyrirtækjum sérhæfða bankaþjónustu og hagstæð vaxtakjör. Stuttar boðleiðir tryggja hraða og persónulega þjónustu. MP banki er eini viðskiptabanki landsins sem hefur verið endurfjármagnaður án aðkomu ríkisins.

Verið velkomin í viðskipti



BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is



35%

SAXARI & STÁLKAFA

Verð áður 2.199
Tilboðsverð 1.429



40%

TRISTAR VÖFLUJÁRN
STÓRAR BELGÍSKAR VÖFLUR

Verð áður 9.990
Tilboðsverð 5.990
Þú sparar 4.000



40%

PIZZAHNÍFUR

Verð áður 799
Tilboðsverð 479



50%

PÖNNUKÖKUPANNA
LÍKA FYRIR SPANSUÐHELLUR

Verð áður 4.389
Tilboðsverð 2.195
Þú sparar 2.195



27%

TRISTAR MÍNÚTAGRILL

Verð áður 10.990
Tilboðsverð 7.990
Þú sparar 3.000

Síðustu forvöð

að gera reyfarakaup á **Kringlukasti**

50%
ELDRI
JÓLAVÖRUR

20%
GUFUSLÉTTIR LÍTILL

Verð áður	9.990
Tilboðsverð	7.990
Þú sparar	2.000

20%
THERMOS LÍNAN

20%
C3 HRÆSUÐUKETILL 0.5L

Verð áður	5.999
Tilboðsverð	4.799
Þú sparar	1.200

35%
HITAKANNA STÁL 0.9L

Verð áður	7.699
Tilboðsverð	4.999
Þú sparar	2.700

25%
TRISTAR TÖFRASPROTI

Verð áður	3.990
Tilboðsverð	2.990
Þú sparar	1.000

KitchenAid
Tilboð

	Hvít	Lituð
KitchenAid hrærivél	79.990	82.990
Glerskál (auka)	14.990	14.990
Matreiðslubók	4.890	4.890
Verð áður	99.870	102.870
Tilboð	75.990	78.840
Þú sparar	23.880	24.030

23%
24%

20%
C3 SAMLOKUGRILL
RIFFLAÐ

Verð áður	5.999
Tilboðsverð	4.799
Þú sparar	1.200

ÓDÝRI HEIMILIS- TÆKJA MARKAÐURINN ALLT A 2.990

50%
500 spilapeningar
PÓKERSTANDUR

Verð áður	14.999
Tilboðsverð	7.499
Þú sparar	7.500

45%
ELDHÚSVOG

40%
HRÆSUÐUKANNA

34%
2JA BOLLA KAFFIVÉL

40%
HITABLÁSARI

40%
BRAUÐRIST

50%
HANDPEYTARI

Wasser
Maxx
SÓDAVATNSTÆKI

23%

Verð áður	21.999
Tilboðsverð	16.999
Þú sparar	5.000

20%
Sparaðu 10.000
HOM NUDDSessa
SHIATSU

Verð áður	49.750
Tilboðsverð	39.750
Þú sparar	10.000

36%
TRISTAR BLANDARI 500W

Verð áður	10.999
Tilboðsverð	6.999
Þú sparar	4.000

39%
STÁLVASALJÓS LED

Verð áður	1.649
Tilboðsverð	999

20%

Tefal Privilege
Pottar, pönnur • Öll línan

33%

TRISTAR SALT- OG PIPARKVARNIR
Verð áður 5.990
Tilboðsverð 3.990
Þú sparar 2.000

20%

C3 MJÓLKURFREYÐIR
Verð áður 9.999
Tilboðsverð 7.999
Þú sparar 2.000

40%

TRISTAR BAÐVOG
Verð áður 4.999
Tilboðsverð 2.999
Þú sparar 2.000

20%

ROASTER POTTUR
Verð áður 4.999
Tilboðsverð 3.999

byggto**g**búið

568 9400 byggto**g**buid.is | Kringlunni

facebook.com / byggto**g**buid

33%

MEBUS VEDURSTÖÐ
Verð áður 7.499
Tilboðsverð 4.999
Þú sparar 2.500

30%

BRÝNI, 5 HNÍFAR & BRETTI
Verð áður 5.499
Tilboðsverð 3.849
Þú sparar 1.650

33%

IROBOT 564 GÆLUDÝRAÚTGÁFAN
Verð áður 94.900
Tilboðsverð 84.900

Sparaðu **10.000**

33%

IROBOT 780 NÝJASTA OG FULLKOMNASTA VÉLIN STAFRÆN
Verð áður 114.900
Tilboðsverð 99.900

Sparaðu **15.000**

35%

VALDAR BÖKUNARVÖRUR

Garmin útivistar- & leiðsögutæki

20%

33%

45%

BÓKASTATÍF 32X24 CM
Verð áður 3.299
Tilboðsverð 1.799
Þú sparar 1.500

25%

HOM NUÐSESSA SÆNSKT NUDD
Verð áður 36.750
Tilboðsverð 27.563
Þú sparar 9.187

25%

MJÓLKURFERNUHALDARI
Verð áður 999
Tilboðsverð 749

20%

ERGORAPIDO
Verð áður 24.900
Tilboðsverð 19.920
Þú sparar 4.980

Nýkomnar seríur • Nýja línan

Kauptu tvær og fáðu þá ódýrari á 50%

35%

MEBUS ELDHÚSVOG
Verð áður 5.999
Tilboðsverð 3.899
Þú sparar 2.100

50%

HEYRNATÓL
Verð áður 999
Tilboðsverð 499

20%

EXQUISIT ÞVOTTAVÉL 5 KG MEÐ HRÆÐKERFI
Verð áður 74.900
Tilboðsverð 59.920
Þú sparar 14.980

25%

EXQUISIT ÞURRKARI 6KG 1000SN MEÐ RAKASKYNJARA
Verð áður 74.900
Tilboðsverð 54.900
Þú sparar 20.000

40%

EXQUISIT KÆLISKAPUR H/B/D: 84x48x51 CM
Verð áður 49.900
Tilboðsverð 29.900
Þú sparar 20.000

Betri Reykjavík fyrir fólkið

Lýðræði

Jón Gnarr
Kristinsson
borgarstjóri



Nú í vikunni opnaði Reykjavíkurborg vefinn betrireykjavik.is.

Betri Reykjavík er byltingarkennd nýjung sem mun styrkja íbúalýðræði í Reykjavík svo um munar. Hér er á ferðinni stórkostlegur samráðsvettvangur. Á Betri Reykjavík mun fólk geta haft miklu meiri áhrif á umhverfi sitt, þjónustu og framkvæmdir í Reykjavík en verið hefur.

Betri Reykjavík er vettvangur þar sem íbúar geta sett fram hugmyndir sínar og röksemdir um framkvæmdir og þá margvíslegu þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir.

Vefurinn mun snerta flesta þætti þess hvernig stjórnsýsla borgarinnar og stjórnvaldamenn vinna með hugmyndir og tillögur borgarbúa sem snúa að því að bæta þjónustuna og gera borgina enn betri en hún er.

Borgarúar geta átt samræður um hugmyndir á vefnum, stutt þær eða hafnað eftir atvikum og gert að sínum. Allt verður þetta opið og sýnilegt á Betri Reykjavík þar sem fram fer lifandi umræða um málefni borgarinnar. Ætí enginn Reykjavíkingur að láta vefinn fram hjá sér fara.

Góðar hugmyndir eru gulls ígildi en þær eru lítills virði ef enginn tekur mark á þeim eða fjallar um þær af ábyrgum hætti. Mesta byltingin sem felst í þessum nýja vef er sú að Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að fjalla formlega um þær hugmyndir sem fólkíð kys að styðja á Betri Reykjavík.

Í hverjum mánuði munu hugmyndir fólksins verða teknar af Betri Reykjavík til afgreiðslu í fagræðum Reykjavíkurborgar. Fimm efstu hugmyndirnar í hverjum málaflökki verða teknar fyrir og þeim svarað eins fljótt og auðið er. Verða svörin birt á Betri Reykjavík. Ferli og afgreiðsla fagræðanna á hugmyndum verður sem sagt öllum sýnilegt á einum stað. Þeir sem setja inn hugmyndir sem teknar verða til afgreiðslu af stjórnsýslu borgarinnar munu fá tilkynningar um það í tölvupósti.

Við höfum áður prófað svona vef til að kalla eftir hugmyndum

Hugmyndir sem eiga uppruna sinn á Betri Reykjavík verða ætíð kynntar sem lýðspróttar hugmyndir.

frá Reykvikíngum. Hugmyndavefur, með sama nafni, var opnaður í kringum sveitarstjórnarkosningar 2010. Hann virkaði einstaklega vel. Yfir 25.000 manns notfæru sér þann vef og ótal góðar hugmyndir komu fram. Svo mikil virkni á lýðræðisvef þykir svo merkileg erlendis að Íbúar Sjálfseignarstofnun, fyrirtækið sem þróaði vefinn í samstarfi við Reykjavíkurborg, hefur þegar hlotið heimsþekkt lýðræðisverðlaun, The World e-Democracy Awards.

Margar hugmyndir sem komu fram á gamla vefnum eru nú þegar orðnar að veruleika í Reykjavík. Má þar nefna sumarlokanir á götum í miðborginni, lokun Austurstrætis fyrir bílaumferð, að kalla Miklatún Klambatrún að nýju, að

nýta metan meira, að hefja rannsókn á stjórnun og starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur fyrir hrún, að hækka fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar og fjölmargt fleira. Sumt er enn í vinnslu enda þarf að útfæra góðar hugmyndir vel.

Hugmyndir sem eiga uppruna sinn á Betri Reykjavík verða ætíð kynntar sem lýðspróttar hugmyndir. Enginn mun eiga hugmyndirnar á vefnum nema fólkíð í Reykjavík sem hefur stutt þær þannig að þær nái fram að ganga í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.

Sannfæring mín er sú að Betri Reykjavík geti orðið lýðræði á Íslandi til mikils framdráttar. Vefurinn er í raun einstök tilraun til að gefa fólkinu meira vægi við stjórnun sveitarfélags – gefa því alvöru tækifæri til að láta rödd sína heyrast.

Þegar er farið að huga að því að þróa vefinn enn frekar svo hægt verði að bjóða upp á beinar rafrænar kosningar um einstök mál þar sem notast er við rafræn skilríki eða önnur áreiðanlegri auðkenni. Það mun verða bylting í beinu lýðræði á Íslandi og þótt víðar væri leitað.

Ég vil eindregið hvetja alla Reykvikíngum til að nota þetta frábæra lýðræðisráðgjafi sem Betri Reykjavík er. Vefurinn er einstaklega hraðvirkur og einfaldur í notkun. Komið með góðar og gagnlegar hugmyndir sem Reykjavíkurborg getur skoðað af fullri alvöru og framkvæmt eftir efnun og aðstæðum hverju sinni. Að sjálfsögðu munum við aldrei geta gert allt sem fyrir okkur er lagt. Það vitum við öll. Ég mun hins vegar leggja mitt lóð á vogarskálarnar til þess að gagnlegar hugmyndir af Betri Reykjavík nái fram að ganga.

Takið þátt og njótið vel.

Launajafnrétti kynjanna – barátta í hálföld

Jafnrétti

Guðbjartur
Hannesson
velferðarráðgjafi



Barátta fyrir launajafnrétti kynjanna á sér langa sögu, oft þyrnum stráða. Ég fer þó ekki lengra aftur í tímann en hálföld, til að rifja upp þegar Alþingi samþykkti árið 1961 lög um launajöfnuð kvenna og karla. Laun kvenna skyldu hækka í áföngum til jafns við laun karla fyrir sömu störf í almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verslunar- og skrifstofuvinnu, fyrst með hækkingu um 1/6 hluta launamismunarsins og síðan árlega þar til fullum launajöfnuði væri náð árið 1967.

Frumvarpshöfundar voru ómyrkir í máli og skrifuðu í greinargerð að barátta fyrir

til. Viðhorf skipta miklu máli um árangur, jafnt viðhorf karla og kvenna. Viðhorfum er erfitt að breyta en hægt er að styðja við og flýta fyrir viðhorfsbreytingum með ýmsum aðgerðum.

Miklu skiptir að varpa ljósi á misréttið sem er fyrir hendi með reglulegri upplýsingagjöf. Þetta er gert varðandi kynbundinn launamun, hlutföll kynja í nefndum, ráðum, stjórnnum og stjórnunarstöðum, þátttöku kynja í stjórnáttum o.fl.

Hægt er að beita stjórnvaldsaðgerðum þar sem augljóst er að annað kynið ber skarðan hlut frá borði. Þetta hefur til dæmis verið gert með lagasetningu um hlutföll kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum hins opinbera og nýlegri löggjöf um kynjahlutföll í stjórnnum hlutafélaga.

Launaákvæðanir þurfa að vera réttlátar, gegnsæjar og málefnalegar. Með nýjum jafnréttislögum

Hægt er að beita stjórnvaldsaðgerðum þar sem augljóst er að annað kynið ber skarðan hlut frá borði.

launajafnrétti kynja væri barátta fyrir fullkomlega jöfnum mannréttindum: „Þegar endanlegur sigur hefur unnist í þessari baráttu, er jafnréttisbaráttunni lokið, því að á öðrum sviðum mannréttinda hafa konur fyrir löngu öðlazzt sama rétt og karlar.“

Óhætt er að segja að sínum augum lítur hver silfríð. Í greinargerðinni var vísað til fullgildingar Íslands á jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar sem fól í sér regluna um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Var þetta sagt allt of flókið því sífellt þyrfti að leggja mat á verðmæti margbreytilegra starfa karla og kvenna og um það myndu eflaust rísa deilur: „Þetta frumvarp grundvallast því á reglunni um sömu laun fyrir sams konar störf, en hafnar að leysa málið á hinum flókna og ófullnægjandi grundvelli reglunnar um sömu laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.“

Með setningu jafnréttislaga 1976 var loks kveðið á um sömu laun og sömu kjör kvenna og karla fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Samt er launamisrétti enn staðreynd. Nýleg könnun VR sýnir 15,3% mun á heildarlaunum karla og kvenna og kynbundinn launamun sem nemur 10,6%, þ.e. sá munur sem ekki á sér aðra skýringu en kynferði launamanns. Könnun SFR árið 2011 sýnir að heildarlaun kvenna í fullu starfi eru 24% lægri en hjá körlum og kynbundinn launamunur í félaginu mælist 13,2%.

Margt býr í þokunni

Það er almennt viðurkennt að launajafnrétti kynja sé eitt brýnasta jafnréttismál samfélagsins. Lagalegri fyrirstöðu hefur fyrir löngu verið útrýmt en augljóslega þarf margt fleira að koma

árið 2008 var lögfest ákvæði um að starfsfólki sé alltaf heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef það kys svo. Þar með er launagreiðendum óheimilt að gera ráðningarsamninga sem kveða á um launaleynd. Þetta skiptir máli, því margt býr í þokunni og þar hefur kynbundinn launamunur þrífist vel í gegnum tíðina.

Ráðherranefnd um jafnrétti kynja hefur lýst áhyggjum sínum af því hve treglega gengur að vinna bug á launamun kynja. Nefndin samþykkti því fyrir skömmu að gerð yrði áætlun með tímasettum aðgerðum til að draga úr launamisrétti kynja og á hún að liggja fyrir um næstu áramót. Framkvæmdanefnd hefur verið falið að vinna verkið undir formennsku velferðarráðuneytisins ásamt fulltrúum forsætis-, fjármála- og innanríkisráðuneytis og Jafnréttisstofu. Eðli málsins samkvæmt ber henni að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins auk þess sem henni er heimilt að kalla sérfræðinga til aðstoðar eftir þörfum.

Við náum árangri

Jafnréttisbaráttunni verður seint lokið að fullu, þrátt fyrir bjartsýni þeirra sem settu lögin um launajöfnuð árið 1961. Okkur miðar þó áfram, hægt en örugglega. Fjölmargir þættir vinna saman, hvort sem litið er til menntunar kvenna, aukinnar þátttöku þeirra í stjórnáttum, atvinnulífi og ýmsum áhrifa-stöðum í samfélaginu. Með einbeittum vilja stjórnvalda og virkri þátttöku aðila vinnumarkaðarins jafnt sem almennings náum við árangri þar sem jafnrétti kynjanna á öllum sviðum samfélagsins verður körlum og konum eðlilegt og sjálfsagt, jafnt í fjölskyldulífi, atvinnulífi sem öllum öðrum sviðum mannlífsins.

Viltu taka þátt í að móta leiðir til að auka veg staðbundinna matvæla?

Sjálfbærni í staðbundinni matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu

Ráðstefna og málstofa á sveitahótelinu Smyrlabjörgum í Suðursveit
26.-27. október 2011

Hvernig getur staðbundin matvælaframleiðsla stuðlað að sjálfbærni í ferðaþjónustu?
Hvernig skal staðið að markaðssetningu staðbundinna matvæla? Hvaða kröfur skal setja? Er til mælikvarði fyrir vottun á sjálfbærni sem frumkvöðlar geta unnið að?
Hvernig á mælikvarði fyrir vottun á sjálfbærni að vera?

Ráðstefnan hefst miðvikudaginn 26. október kl. 09:30 með fyrirlestrum. Fimmtudaginn 27. október verður haldin málstofa þar sem eftirfarandi málefni verða rædd í vinnuhópum:

- Upprunamerkingar og markaðssetning svæðisbundinna matvæla.
- Staðbundin sjálfbærni og samstarf einstaklinga, fyrirtækja og opinbera aðila, vottun á sjálfbærni.

Vinnuhópar skila inn greinargerð um stöðu mála í dag og tillögum að betrumbótum.

Þátttaka á ráðstefnunna er ókeypis. Þátttakendur fá sérstakt tilboð í gistingu og kvöldverð á Smyrlabjörgum. Gisting með morgunverð kr. 5.500 – kvöldverður kr. 2.800. Rútuferð í boði frá flugvelliðum á Hornafirði að Smyrlabjörgum fyrir þá sem koma með flugi (40 mín).

Málþingið er liður í verkefninu *Matur og sjálfbær ferðaþjónusta* sem er eitt af öndvegisverkefnum RANNÍS.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna ásamt dagskrá er að finna á: www.matis.is og www.nmi.is.
Skráning á www.nmi.is.




Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Visir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlitum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegur er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagasamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@fretta-bladid.is eða á vefsíðu Visis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Fáðu D-vítamín úr Fjörmjólk



D-vítamín hjálpar þér að vinna kalkið úr mjólkinni. Kalk er nauðsynlegt fyrir uppbyggingu og viðhald beina.

Nú þegar sólin er lágt á lofti fáum við ekki nægilegt D-vítamín í gegnum húðina og því verðum að bæta okkur það upp til dæmis með því að drekka D-vítamínbætta Fjörmjólk. Fjörmjólk inniheldur D-vítamín, A-vítamín, B2-vítamín, fosfór og kalk.

Fjörmjólk – beinlínis full af fjöri!



Réttur barna til vímu- lauss lífs

Forvarnir

Guðni Björnsson
forvarnaráðgjafi



Vika 43, vímuvarnavikan, verður 23.–30. október í ár en þetta er áttunda árið sem þessi vika er tileinkuð vímuvörnum. Vika 43 er vettvangur félagsamtaka sem hafa forvarnir að markmiði starfs síns eða vilja leggja vímuvörnum lið, til þess að vekja athygli á forvarnastarfi og áfengis- og vímuefnamálum; varpa ljósi á viðfangsefni forvarna og kynna sérstaklega starf sem unnið er á vettvangi félagsamtaka; vekja athygli landsmanna á mikilvægi forvarna, einkum forvörnum gagnvart börnum og unglingum og; virkja þekkingu, styrk og samstöðu grasrótarsamstarfs til eflingar forvarnastarfs.

Að þessu sinni er í viku 43 athygli beint að rétti barna og ungmenna til vímuless lífs og verndun þeirra gegn neikvæðum afleiðingum neyslu áfengis og annarra vímuefna, eins og mælt er til í yfirlýsingu aðildarríkja Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá árinu 2001 og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þennan rétt barna þarf að verja með ýmsum hætti og í vikunni verður kastljósi beint að því í hverju þessi réttur felst og hvernig Íslendingar standa sig hvað þetta varðar.

Sem fyrr standa fjölmörg samtök að Viku 43 en upplýsingar um þau og vímuvarnavikuna má finna á heimasíðunni www.vvv.is.

Grettistaki lyft í jöfnun skattbyrða

Skattamál

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðgjafi



Við myndun núverandi ríkisstjórnar var það eitt af yfirlýstum markmiðum að breyta þeirri ranglátu ójafnaðarstefnu sem einkenndi skattkerfið eftir tólf ára ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. Strax á fyrstu mánuðum var unnið að því að innleiða nýja skattastefnu sem byggðist á sjónarmiðum jöfnuðar. Sú stefna er hófleg að því leyti að hún stillir Íslandi rétt um miðbik OECD-ríkjanna, og hefur að auki verið blessuð í bak og fyrir af AGS sem sjálfbær skattastefna.

Núna, tveimur árum eftir að Jóhanna og Steingrímur hófu að breyta skattkerfinu, er hægt að mæla árangurinn. Niðurstaðan er sú, að á einungis tveimur árum hefur tekist að færa yfir á hin breiðari bók samfélagsins verulegar skattbyrðar af millistéttinni og láglaunafólki, sem sannlega liðu fyrir gömlu skattastefnunna. Það er sögulegur árangur á svo skömmum tíma.

Árangursríkar jöfnunaraðgerðir

Jóhanna og Steingrímur slógu nýjan tón strax sumarið 2009 þegar þau birtu „Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum“. Þar var lýst með skýrum hætti leiðum til að mæta tekjufalli ríkissjóðs og hnitmiðum aðgerðum til að vinda ofan af rangláttri skattastefnu. Aðall hinnar nýju stefnu sem byggð var á norræna módelinu var félagslegt öryggi, jafnræði og sanngjörn

dreifing skattbyrða. Þó allt innan marka hóflegra skattahækkana, sem óhjákvæmilegar voru til að mæta gríðarlegum herkostnaði við hrúnið.

Jóhanna og Steingrímur lýstu yfir að þessum markmiðum yrði einkum náð með þriggja þrepa skattkerfi, hækkun á fjármagnstekjuskatti með frítekjumarki fyrir lágar vaxtatekjur, og auðlegðarskatti á mestu eignir. Stjórnarandstaðan heldur því fram í sýblju að norræna velferðarstjórnin okkar hafi reynst sama ójafnaðarstjórn og hinar fyrri. Því

Millistétt og lágtekjufólk njóta

Niðurstaða mælingarinnar er mjög skýr. Í anda norræna módelins hefur verulegur tilflutningur á skattbyrði átt sér stað frá fólki með lægri tekjur yfir á hátekjufólk:

1. Helmingur hjóna, ca. 31.000 hjón, greiðir nú lægra hlutfall af tekjum sínum í tekjuskatta þ.m.t. fjármagnstekjuskatt en þau gerðu árið 2008. Að hækku-

un bóta meðtalinni er fjöldi þeirra sem greiða lægra hlutfall í skatt um 37.000.

2. 65% hjóna greiða engan eða innan við 1% fjármagnstekju-

„ Á aðeins tveimur árum hefur tekist að flytja þungar skattbyrðar af fólki í millistétt og lágtekjufólki yfir á þá sem hafa fjárhagslegan hrygg til að bera þyngrri byrðar. Hátekjufólkið og stóreignaliðið á ekki að njóta skjóls af rangláttri ójafnaðarstefnu skattkerfis Sjálfstæðisflokks og Framsóknar.

fer fjarri. Nú höfum við loksins gögn sem sýna að ný skattastefna ríkisstjórnarinnar flytur verulegar byrðar af sköttum frá lágtekjufólki og millistéttinni yfir á þá ríkustu í samfélaginu sem hafa sterkari bók.

Þetta má sjá svart á hvítu í tölum sem fjármálaráðgjafi hefur látið vinna um þróun skattbyrði hjóna og sambúðarfólks. Þau eru byggð á tölulegum upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra um álagningu skatta á miðju þessu ári á tekjur ársins 2010 og á eignir í lok þess. Þá voru ofangreindar skattaáðgerðir komnar til framkvæmda og því unnt að mæla árangurinn.

skatt og 77% hjóna greiða nú lægri fjármagnstekjuskatt en þau hefðu gert skv. 10% flötum skatti, sem áður var.

3. Auðlegðarskattur er að jafnaði um 0,8% heildartekna hjóna. 75% skattsins greiða 15% tekjuhæstu hjónin og yfir 50% auðlegðarskatts eru greidd af þeim efstu tveimur prósentunum í samfélaginu sem hæstar tekjur hafa.

4. Vegna breytts fjármagnstekjuskatts og auðlegðarskatts er skatthlutfall í efsta hluta tekjuskalans ekki lengur lægra en í neðri hlutum hans svo sem áður var. Breiðu bökin bera meira.

5. Skatthlutföll, einnig að auðlegðarskatti meðtöldum, voru á árinu 2010 í öllum tekjubílum neðri hluta tekjuskalans lægri en þau voru á árinu 2008. Þeir sem hafa minna úr að spila, greiða nú lægri skatta en í loftbólugóðærinu.

Sögulegur árangur ríkisstjórnar

Samkvæmt þessum sögulegu tölum er ljóst að í fjármálaráðherratið Steingrímur undir öruggri stjórnarforystu Jóhönnu er búið að innleiða norræna módelið svo um munar í skattkerfi Íslendinga. Á aðeins tveimur árum hefur tekist að flytja þungar skattbyrðar af fólki í millistétt og lágtekjufólki yfir á þá sem hafa fjárhagslegan hrygg til að bera þyngrri byrðar. Hátekjufólkið og stóreignaliðið á ekki að njóta skjóls af rangláttri ójafnaðarstefnu skattkerfis Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. Það á að leggja sinn réttláta skerf til uppbyggingar samfélagsins eins og aðrir þegar. Þetta er þróunin víða um lönd þar sem þeir sem meira mega sín hafa stigið fram og beinlínis spurt af hverju þeir njóti sérstakra skattfríðinda, sbr. fræg ummæli auðmannsins Warrens Buffet í Bandaríkjunum.

Undir forystu Jóhönnu og Steingrímur hefur skattkerfið verið notað eins og áveita til að dreifa og jafna tekjum samfélagsins til þeirra sem þurfa, frá þeim sem hafa meira en nóg. Þetta er norræna módelið. Þetta er íslensk jafnaðarstefna. Þessi árangur í jöfnun gegnum skattkerfið er ótvíræður sigur fyrir jafnaðarstefnu núverandi ríkisstjórnar.

Það skiptir nefnilega máli hverjir stjórna.

**SYNING
Í DAG**

MILLI
12-16

KAFFI &
KONFEKT

Vertu meður sportlegur og þú kemur við sögu á hverjum degi

Volvo S60 R-Design Verð frá 5.690.000 kr. Spyrðu um aðrar gerðir Volvo í R-Design sportútgáfu. Kynntu þér sérpöntunarþjónustu Volvo.

Nýttu þér gott sýningartilboð í dag



Alvarlegir geðsjúkdómar: Eru þeir læknanlegir?

Heilbrigðismál

Margrét
Eiríksdóttir
geðhjúkrunarfræðingur



Sennilega hefur enginn sjúkdómflokkur verið eins tengdur vanþekkingu og fordómum og alvarlegir geðsjúkdómar. Læknisfræðilegar skilgreiningar á alvarlegum geðsjúkdómi fela í sér að sá sjúki hafi einkenni geðrofs (psykosis) og þarfnist meðferðar þeirra vegna í 2 ár eða lengur. Enn fremur að sjúklingurinn þjáist vegna sjúkdómseinkenna sinna eða hafi skerta færni til náms, starfs eða samskipta þeirra vegna. Langflestir sem leita aðstoðar heilbrigðisstarfsmanna vegna slíkra veikinda fá sjúkdómshöfuðborgarsvæðinu um geðklofa (schizophrenia), geðhvarfasýki (manídepressive disorder) eða persónuleikaröskun (personality disorder). Það mun láta nærri að einn af hverjum hundrad fullorðnum Íslendingum takist á við alvarlega geðsjúkdóma samkvæmt þessari skilgreiningu. Fordómar varðandi þessa sjúkdóma fela m.a. í sér að þeir séu ólæknanandi. Rannsóknir sýna þó fram á að svo er ekki.

Um það bil helmingur þeirra sem fá sjúkdómshöfuðborgarsvæðinu um geðklofa nær sér að fullu. Meiri hluta hinna sem ekki ná fullum bata tekst að halda sjúkdómseinkennum í skefjum með viðeigandi aðstoð. Þeir sem það geta meta lífsgæði sín

oftast þökkaleg. Bati þeirra virðist að miklu leyti vera undir því kominn hversu samfelldan og viðeigandi stuðning og þjónustu þeir fá frá heilbrigðis- og félagskerfi sínu. Íslenskar og erlendar rannsóknir á þessu sviði benda til að margþættur félagslegur stuðningur sé einstaklega mikilvægur fyrir bata þeirra sem takast á við alvarlega geðsjúkdóma.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur Rauði krossinn á síðustu tveimur áratugum byggt upp og tekið veigamikinn þátt í rekstri þriggja athvarfa: Vinjar, Dvalar og Lækjar. Athvörfin þrjú eru öll rekin samkvæmt hugmyndafræði sem sniðin er sérstaklega að félagslegum þörfum fólks með alvarlega geðsjúkdóma. Langflestir sem sækja athvörfin hafa reynslu af slíkum sjúkdómum.

Í nýlegri rannsókn sem gerð var meðal gesta í athvörfunum þremur kom fram að gestirnir töldu að alvarlegir geðsjúkdómar hefðu haft neikvæð áhrif á gervallt líf þeirra. Þau töldu bata sinn felast í því að draga úr eða vinna gegn þessum neikvæðu eða skemmandi áhrifum. Að þeirra mati var sjúklingurinn sjálfur mikilvægur gerandi í eigin bata með því að horfast í augu við sjúkdóminn og hætta að fara í felur með hann. Að sættast við veikindin og öðlast þekkingu og skilning á sjúkdómnum töldu þátttakendur mikilvægt. Að ölast þekkingu á sjálfum sér, kynnast styrkleikum sínum og hæfileikum töldu þau veita von og trú á eigin getu til að njóta sín í lífinu þrátt fyrir geðsjúkdóminn.

Álit þátttakenda var að mikilvægur drifkraftur þessarar sjálfsþjálfarvinnu væri samannleg nærvera þeirra sem hafa sam-eiginlega reynslu af því að takast á við alvarlega geðsjúkdóma. Í þeirra tilfelli var það þátttaka í starfi viðkomandi athvarfs sem færði þeim slíka samannlega nærveru. Vinatengsl þróuðust milli gesta og milli starfsmanna og gesta. Tengslin við athvarfið voru sterk og gestirnir héldu áfram sambandi og komu í heimsögðu að veran í athvarfinu var gríðarlega mikilvæg í bataferli þeirra sem tóku þátt í rannsókninni. Það er því sorgleg staðreynd sem ekki virðist umflúin að elsta athvarfinu, Vin í Reykjavík, verði lokað bráðlega.

Ástæða þess er að hvorki Rauði krossinn né félagsmálayfirvöld í Reykjavík sjá sér fært að kosta reksturinn. Í ljósi þess sem hefur verið sagt hér að framan má ljóst vera að þá verður krónum kastad en aurar sparaðir. Velunnarar Vinjar leita nú leiða til að afstýra lokun athvarfsins. Hvaða lóð getur þú lagt á vogarskálarnar kærri lesandi til að afstýra því ómurelega slysi að Vin verði lögð niður? Margt smátt gerir eitt stórt og margar hendur vinna létt verk.

Að lokum vil ég óska okkur öllum innilega til hamingju með 10. október, daginn sem sameinar okkur öll sem höfum áhuga á geðheilsu og geðheilbrigði.

Meira um nýjan Landspítala

Heilbrigðismál

Eygló
Ingadóttir
formaður hjúkrunarráðs
Landspítalans



Um fátt er eins mikið rætt um þessar mundir og nýbyggingu Landspítalans sem áætlað er að rísi við Hringbraut á næstu misserum og sýnist sitt hverjum. Hæst heyrst í efasemdaröðum; að við þurfum ekki meiri steypu, að flest heilbrigðisstarfsfólk sé farið til útlanda og að staðarvalið sé afleitt.

En hvers vegna þurfum við nýjan Landspítala? Ein aðalástæðan er sú að undanfarna áratugi hefur mikil þróun átt sér stað í heilbrigðisvísindum sem kallar eftir því að sjúklingum standi einbýli með salerni til boða. Sjúklingar eru mun veikari en áður og því viðkvæmari fyrir sýkingum, sem stundum fylgja öðrum sjúklingum. Núverandi húsnæði Landspítalans er reist fyrir einfaldari heilbrigðisþjónustu heldur en rekin er í dag og fullnægir ekki þörfum mikið veikra einstaklinga.

Það er gríðarlega mikilvægt að sameina bráðaþjónustu spítalans á einum stað, en nú er hún veitt á tveimur stöðum. Núverandi fyrirkomulag er slæmt, það ógnar öryggi sjúklinga og er dýrt. Með sameiningu fæst hagræðing í rekstri og meiri skilvirkni í þjónustu við sjúklinga.

Það er langt síðan framtíðarstaðsetning Landspítalans var

ákveðin og með það í huga var Barnaspítali Hringins byggður og Hringbrautin færð. Ástæður staðarvalsins eru m.a. nálægð við háskólasvæðið og fjöldi nothæfra húsa sem fyrir eru á Landspítalalóðinni. Áhugavert er að 25% starfsmanna spítalans búa í göngufæri við hann og fjölmargir geta ferðast þangað á hjóli á tiltölulega stuttum tíma. Eg er sannfærð um að á komandi árum munu æ fleiri nýta sér vistvænan og heilsusamlegan ferðamáta til þess að komast til vinnu á Landspítala. Engu að síður er viðbúid að á annatímum verði þung umferð í kringum spítalann og það er áhyggjuefni.

Fyrir nokkrum árum voru uppi áætlanir um að byggja 120.000 m² sjúkrahús við Landspítalann og rífa talsvert af eldri húsum á svæðinu. Eftir efnahagshrunið voru allar áætlanir endurskoðaðar og lögð áhersla á að sameina bráðastarfseminna á einum stað. Nú á að byggja um 66.000 m² og nýta og lagfæra eldri byggingar. Það er því enginn bragur kenndur við árið 2007 á nýja Landspítalanum sem rísa á við Hringbraut, heldur er hagkvæmni og skynsemi höfð að leiðarljósi.

Fjölmargt heilbrigðisstarfsfólk í fremstu röð er enn störfum á Landspítalanum. Þar er verið að hjúkra, líkna og lækna, rannsaka og kenna. Með nýjum Landspítala munum við geta sinnt störfum okkar betur en áður og aðbúnaður sjúklinga verður mun betri. Þrátt fyrir tímabundna efnahags-erfiðleika megum við ekki hætta að hugsa til framtíðar.



Sýning í dag. Prófaðu Volvo S60 - sigurvegarann í flokki stærri fólksbíla í vali á bíl ársins 2012.

Volvo. For life.



VOLVO R-DESIGN EYÐDU Í NYJAN SPARNAÐ

Komdu í Brimborg

Komdu á Volvo sýningu í dag
Nýttu þér gott sýningartilboð

Sérpantaðu Volvo
Hagstætt verð

brimborg

Öruggur staður til að vera á



**RÚMFATA
LAGERINN**

HERBERGID • BAÐID • HEIMILID

Öll tilboðin í þessari auglýsingu
gilda einungis laugardaginn 22.10.11
og sunnudaginn 23.10.11

OPNUNAR

LAUGARDAGINN 22. OKTÓBER OPNUM
VERSLANIR Á **GLERÁRTORGI** OG **KOP**
VIÐ UPP Á FRÁBÆR TILBOÐ

ALLAR
GÓLF- OG
PARKETMOTTUR
40%
AFSLÁTTUR



ALLIR
PÚÐAR
40%
AFSLÁTTUR



41%
AFSLÁTTUR



VERÐ ÁÐUR:
1.695

995

25 lítra plastkassi
Stærð: 46 x 35 x 27 sm.

50%
AFSLÁTTUR



WellPur

VERÐ ÁÐUR:
7.995

3.997

WELLPUR heilsukoddi

Frábær LAKE MICHIGAN heilsukoddi með
þrýstjafnandi eiginleika. Styður vel að hálsi
og hnacka. Stærð: 40 x 60 x 11 sm.

ÖLL
STRIMLA-
GLUGGATJÖLD

40%
AFSLÁTTUR



VERÐ ÁÐUR
FRÁ: 1.495

897

Ruslafata

Stílhrein ruslafata úr burstuðu áli. 3 lítra áður
1.495 nú: **897** 5 lítra áður 1.995 nú: **1.197**
12 lítra áður 3.495 nú: **2.097**

40%
AFSLÁTTUR

ÖLL
LEIKFÖNG

25%
AFSLÁTTUR



41%
AFSLÁTTUR

10 ÞÖR
ÁÐUR: 1.695

995

Tennissokkar 10 þör
10 þör í pakka á frábæru tilboði!
Fást í hvítu, gráu
og svörtu. Stærðir: 27-45.

40%
AFSLÁTTUR

VERÐ
ÁÐUR: 9.995

5.995



SAMSON barnaferðarúm

Létt og handhægt barnaferðarúm, kemur í góðri tösku.
Stærð: 60 x 120 sm.

ARTILBOÐ!

VIÐ ENDURBÆTTAR OG GLÆSILEGAR
PUTORGI. Í TÍLEFNI ÞESS ÞJÓÐUM
LAUGARDAG OG SUNNUDAG!

Blöðrur fyrir börnin á meðan birgðir endast.



VERÐ ÁÐUR:
34.950

19.950

**42%
AFSLÁTTUR**

COLORADO hægindastóll
Með PU áklæði og innbyggðum fótstæmli.
Litur: Svartur. Stærð: B74 x H100 x D93 sm.



**40%
AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR:
99.950

59.950

LINCOLN tungusófi
Glæsilegur tungusófi á frábæru verði!
Stærð: B212 x H83 x D85/142 sm.



**ALLIR
ELDHÚS- OG
BORDSTOFUSTÓLAR
20%
AFSLÁTTUR**



**50%
AFSLÁTTUR**

SÆNG OG KODDI
ÁÐUR: 6.995

3.495

SÆNG OG KODDI

THERMO LUX sæng og koddur
Góð sæng, fyllt með 2 x 550 gr. af sílikonmeð-
höndluðum holtrefjum. Má þvo á 90°C.
Sæng: 140 x 200 sm. Koddur: 50 x 70 sm.



Fyrst var þetta rosalega skrýtið, en eftir að hafa samið lögin og sungið þau líður mér næstum því eins og ég hafi samið ljóðin sjálf, því ég samsama mig svo vel með þeim.



BROSTINN STRENGUR Minnstu munaði að plata Lay Low kæmi út undir heitinu Brostinn strengur en ekki Brostinn strengur, vegna innsláttarvillu Lovísu þegar hún skrifaði ljóðið eftir Hugrúnu inn í tölvuna sína. „Ég skildi ekki alveg hvað Brostinn strengur átti að þýða en fannst það dálítið flott. Sem betur fer tók Bobby Breiðholt, sem hannaði umslagið, eftir villunni og leiðrétti hana á síðustu stundu, en það munaði engu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Setti ljóðabækurnar upp í Excel

Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Lay Low, hefur sent frá sér sína þriðju plötu, Brostinn streng, þar sem hún syngur eigin lög við ljóð íslenskra skáldkvæna. *Kjartan Guðmundsson* spjallaði við Lovísu um gerð plötunnar, sem hún segir kraftmeiri en þær fyrri.

Sem unglingur missti ég alveg af ljóðum. Ég las hvorki ljóð né samdi þau eins og margir jafnaldrar mínir gerðu og var líklega bara mjög seinþroska í þessum málum,“ segir Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Lay Low, sem nýlega sendi frá sér sína þriðju sólóplötu, Brostinn streng, sem hlotið hefur þrjú góðar viðtökur og var meðal annars sæmd fjórum stjörnum í plötudómi Fréttablaðsins. Á plötunni syngur Lovísa eigin lög við ljóð íslenskra skáldkvæna frá ýmsum tímum; Hugrúna, Margrétar Jónsdóttur, Huldu og Undínu meðal annarra.

Hingað til hefur Lovísa mestmegnis samið texta á ensku en ákvað að breyta til í þetta sinn. „Það var kominn tími á eina plötu með íslenskum textum. Fyrir tveimur árum datt ég ofan í ljóðabók sem vinkona mín á og fann þar ljóð sem mér þótti svo afskaplega fallegt að ég varð að semja lag við það. Þá uppgötvaði ég að þetta væri í rauninni hægt, en þetta er stórt skref því hingað til hef ég samið flesta mína texta sjálf. Fyrst var þetta rosalega skrýtið, en eftir að hafa samið lögin og sungið þau líður mér næstum því eins og ég hafi samið ljóðin sjálf, því ég samsama mig svo vel með þeim,“ útskýrir Lovísa.

Ætla að lesa þær allar

Eftir að Lovísa hafði ákveðið að hrinda verkefninu í framkvæmd segist hún hafa gengið kerfisbundið til verks og sett sér það markmið að lesa allar ljóðabækur eftir íslenskar skáldkonur sem hún kæmist yfir. Því takmarki hefur tónlistarkonan ekki enn náð, eðlilega, en telur ekki ólíklegt að það takist í framtíðinni.

„Ég settist bara inn á skrifstofu og las og las og las,“ rifjar hún upp. „Ég fann stóran útgáfulista og fór

vandlega yfir hann, setti upp í Excel, hakaði við hvaða bækur ég hafði lesið eða ekki lesið, hvaða ljóð ég hafði valið úr og þar fram eftir götunum, og var fljótlega komin með rúmlega hundrað ljóð sem mér þótti öll jafn flott. Kannski var óþarfi að taka þetta svona föstum tökum, en mér fannst það gaman,“ segir Lovísa og bætir við að ljóðin sem að lokum rötudu á plötuna hafi ekki verið valin með ákveðin þemu eða yrkisefni í huga.

„Eftir á að hyggja finnst mér þó sem ákveðinn tónn sé á plötunni, en það hefur líklega gerst óvart. Það er mikið um sorgir og vonir í ljóðunum og tilfinningar sem gjarnan eru túlkaðar með myndlíkingum. Titillagið, Brostinn strengur, fjallar um stjórn sem sést á himni þar til hretið kemur og felur hana. Í öðru lagi, Helgöngu, er fjallað um að verða úti í snjónum. Heitt og kalt er því dálítið áberandi, nokkurs konar haust- og vetrarfílingur. Fyrir utan lagið Kvöld í skógi sem fjallar um fallegt sumarkvöld,“ segir Lovísa. Önnur ljóð á plötunni telur hún einfaldlega hafa náð að hreyfa við sér á einhvern máta. Ljóðið Í veikindum eftir Evu Hjálmarasdóttur tengi hún til að mynda ekki endilega við sín eigin alvarlegu veikindi, þegar Lovísa fékk heilaeðli fyrir tíu árum, heldur heilli hana frekar heildarhugmyndin um von sem brýst í gegnum erfiðleika.

Mamma á öllum plötunum

Eini textinn sem söngkonan samdi sjálf á nýju plötunni er Gleðileg blóm, sem Lovísa samdi til Sigrúnar móður sinnar í tilefni afmæli þeirrar síðarnefndu. „Mér hefur tekist að hafa lag um mömmu á öllum plötunum mínum,“ segir Lovísa og hlær. „Enda er ég mikil mömmustelpan og mamma er svo stór hluti af mér. Ég komst ekki einu sinni til að færa henni eintak

af nýju plötunni áður en hún hafði keypt sér aðgang að Tónlist.is til að hlusta á hana, því hún gat ekki beðið. Ég var dálítið hrædd um að hugsanlega væri of mikið af trommusólum og slíku fyrir mömmu smekk, en henni finnst platan æðisleg.“

Lovísa samsinnir því að á Brostnum streng sé að finna talsvert fjölbreyttari lagasmíðar og útsetningar en á fyrri plötum hennar tveimur, Please Don't Hate Me frá 2006 og Farewell Good Night's Sleep frá 2006.

„Hljómurinn á nýju plötunni er dálítið melankólískur en samt er í raun erfitt að merkja einhvern heildarbrag. Fyrsta lagið er til dæmis gjörólíkt loklaginu og kennir ýmissa grasa í þeim sem á milli koma. Það er skemmtilegt og mér finnst líka gaman að finna hversu mikið mér hefur farið fram í hljóðfærleikum,“ segir Lovísa, sem sér um allan gítarleik á plötunni auk þess að grípa í hljómborð. „Síðasta plata [Farewell Good Night's Sleep sem einkenndist af ljúfri kántrí-rómantík] var rosalega mjúk, nánast „easy listening“ en það er meiri kraftur í nýju plötunni.“

Fæ afslátt hjá fyrrverandi

Meðal fríðs flokks tónlistarfólks sem kemur að gerð nýju plötunnar er Agnes Erna, kærasta Lovísu, sem syngur bakraddir og stundar nám í djassöng við Tónlistarskóla FÍH, og fyrrverandi eiginmaður Lovísu, Magnús Óder, sem leikur á hin ýmsu hljóðfæri auk þess að gegna hlutverki upptökustjóra og útsetja lögin með höfundinum.

Lovísa segir alls enga dramatík fylgja því að vinna svo náð með unnustu sinni og fyrrverandi eiginmanni.

„Ég og Magnús erum bestu vinir og það er mjög gott að vinna með honum. Hann er rosalega duglegur.

Fyrir þessa plötu réði ég hann sem upptökustjóra en hann gerði verkefnið strax að sínu eigin, vann myrkranna á milli og var alveg jafn einbeittur og ég í að skila frá sér góðri plötu. Svona lagað veltur auðvitað alltaf á því hvernig sambandsslitin hafa orðið. Við vorum unglingar þegar við kynntumst og ólumst nánast upp saman, en það var ekki eins og við ættum hús, bíl og barn þegar við skildum. Frekar bara tveir krakkar að leika okkur saman í hljómsveit [Benny Crespo's Gang]. Þetta fyrirkomulag hentar mér líka vel því ég fæ afslátt hjá Magnúsi,“ segir Lovísa og hlær, og bætir við að vegna þess hve vel samstarfið gangi sé ætlunin að hún og Magnús hefji strax vinnu við nýja plötu. Sú plata verði á ensku, en í framtíðinni gefi hún eflaust út aðra plötu með íslenskum ljóðum.

Bara stelpa með gítar

Magnús Óder vann einnig með Lovísu að fyrstu breiðskífunni hennar, Please Don't Hate me, en á þeirri plötu var að finna mörg lög sem lýsa mætti sem blússkotnum. Platan vakti gríðarlega athygli þegar hún kom út og gerði Lay Low að þekktu andliti nánast á einni nóttu.

„Það koma mér algjörlega í opna skjöldu, því ætlunin var aldrei að gera tónlistina að lifibrauði. Ég var voðalegur klaufi, vissi ekkert hvað ég var að gera, og stundum þegar ég heyrði lög af fyrstu plötunni fæ ég þínkúlittinn kjánahroll. Mér þykir samt mjög vænt um þessa plötu og skammast mín hreint ekki fyrir hana. En aldrei hefði mig óráð fyrir því hversu vel hún seldist. Eina stundina vissi enginn hver ég var og svo skyndilega myndaðist gríðarlegt „hæp“ í kringum þessa litlu indíplötu. Ég hafði gert mér vonir um að selja í kringum tvö hundruð stykki en

nú hefur hún selst í yfir tíu þúsund eintökum,“ segir Lovísa, sem var í þeirri óvenjulegu aðstöðu að starfa í Skífunni á þessum tíma og afgreiddi því fjöldann allan viðskiptavinum sem keyptu plötu hennar sjálfrar.

„Stundum spurðu viðskiptavinirnir mig um álit mitt á þessari plötu með Lay Low og vissu ekkert hver ég var. Oftast sagði ég að platan væri ágæt, „bara svona stelpa með kassagítar“. Ég á erfiðara með þetta í dag því fólk tekur dálítið eftir mér, svona hálf-srílenskri,“ segir Lovísa, en faðir hennar er frá Srí Lanka og býr í London þar sem Lovísa fæddist. Hún ólst að megninu til í Laugarneshverfinu, gekk í Menntaskólann við Hamrahlíð og lærði á píanó upp undir 5. stig.

„Svo fékk ég leið á píanóinu og fór að læra á bassa í staðinn. Mér fannst það meira kúl. Á tímabili bjó ég á Selfossi og þar kynntist ég Magnúsi og hinum strákunum í Benny Crespo's Gang, sem leyfðu mér að vera með í hljómsveitinni sinni. Þannig hófst þetta tónlistarbrölt allt saman.“

Reynslan skilar sér vonandi

Útgáfutónleikar Brostins strengs fóru fram í gærkvöldi í Hofi á Akureyri og Lovísa heldur samvarandi tónleika í Reykjavík hinn 18. nóvember næstkomandi. Þá kemur hún fram í Frikirkjunni, en þar hafa allir hennar útgáfutónleikar til þessa farið fram.

„Á fyrstu útgáfutónleikum mínum jarmaði ég af óöruggi. Ég var veik á þeim næstu, röddin í ólagi og ég í hálfgerðu stress-blakk-áti í fyrstu þremur lögnum, svo ég stefni að því að vera mjög róleg og afslöppuð á þessum tónleikum. Áhorfendurnir eiga það skilið og vonandi fer þessa fimm ára reynsla úr bransanum eitthvað að skila sér,“ segir Lovísa að lokum.

LAMBAKJOT.IS

KJÖTSÚPUDAGURINN

- fyrsta vetrardag - 22. október



PÉR ER BOÐIÐ Í DAG

Tökum saman á móti vetrinum með íslenskri kjötsúpu og íslensku fjöri - taktu með þér fjölskylduna og vinina og njóttu stemningarinnar frá kl. 14 á Skólavörðustígnum.

Úrvals matreiðslumenn kynna og gefa rjúkandi heita kjötsúpu milli kl. 11-16 í Krónunni Bíldshöfða, Granda, Lindum, Mosfellsbæ, Akranesi og Selfossi.

Einnig í öllum Hagkaupsverslunum sem selja matvöru, frá kl. 12-16.

Lambakjöt

NÁTTÚRULEGA
Í STEMMNINGUNNI

KRÓNAN **HAGKAUP**

SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR
alltaf brattur

Vopnuð rán fáheyrð hér á landi

Skipulögð vopnuð rán eru ekki algeng á Íslandi. Raunar er talað um að fyrsta vopnaða ránið hafi verið framið hér á landi árið 1984. **Pórunn Elísabet Bogadóttir** rifjaði upp nokkur eftirminnileg rán sem framin hafa verið undanfarna áratugi.

■ RÁNIÐ Í BÚNAÐARBANKA ENN ÓUPPLÝST

Hvenær? 18. desember 1995 **Hversu margir?** Þrír ræningjar
Hvaða vopn? Haglabýssa og hnifar

Um hálfellefu að morgni 18. desember 1995 réðust þrír menn inn í útibú Búnaðarbankans við Vesturgötu 54 og hrópuðu „vopnað rán“ á viðstadda. Þeir voru allir klæddir í bláa vinnugalla og voru með lambhúshettur til að hylja andlit sín. Einn þeirra var vopnaður haglabýssu sem hann ógnaði fólki með á meðan hinir tveir stukku inn fyrir afgreiðsluborð, brutu upp kassa hjá fjórum gjaldkerum og hirtu hátt á aðra milljón króna. Þeir höfðu komið á stolnum bíl með stolnum númeraplötum á, en þann bíl skildu þeir eftir í gangi fyrir utan bankann og hlupu í burtu frá ránsstaðnum. Þeir voru sagðir hafa hlaupið niður að höfn, en þar hvarf slóð þeirra. Síðar fannst annar stolinn bíll með stolnum númeraplötum og var talið að mennirnir hefðu flúið lengra frá ránsstaðnum í honum. Þetta var talið merki um að ránið hefði verið vel skipulagt, og stóð í Tímanum daginn eftir ránið að það hefði verið bírfæfið og borið harðari og skipulagðari blæ yfir sér en fyrri tilraunir til bankarans hér á landi. Ránið í Búnaðarbankanum við Vesturgötu hefur aldrei verið upplýst. Ári eftir ránið lágu menn, sem höfðu orðið uppvisir að miklum tryggingasvikum, undir grun um að hafa einnig framið ránið, en þeir voru sýknaðir af ákærum um það.

■ MYRTU MANN FYRIR INNAN VIÐ 200 ÞÚSUND

Hvenær? 25. apríl 1990 **Hversu margir?** Tveir ræningjar/morðingjar
Hvaða vopn? Melspíra

Þegar ránmorð var framið á bensinstöð við Stóragerði hinn 25. apríl 1990 voru landsmenn slegnir óhug. Manni hafði verið misþyrmt hryllilega og peningum stolið, innan við tvö hundruð þúsundum. Ekki bætti úr skák að morðinginn eða morðingjarnir fundust ekki strax og engar vísbendingar voru um hverjir hefðu verið að verki.

Snemma morguns hafði hinn myrti mætt til vinnu á undan öðrum og tekið öryggisferfi úr sambandi, eins og hann gerði yfirleitt. Þetta vissu ræningjarnir, sem höfðu mætt á undan honum að bensinstöðinni. Þeir gáfu sig fram við hann og sögðu að bíll þeirra hefði bilað í nágrænninu. Starfsmaðurinn bauð þeim því inn. Það sem svo gerðist er ekki á hreinu, en ljóst er að ránið var á hinn myrta með grimmilegum hætti. Morðingjarnir notuðu melspíru við verknadinn, en slíkt tæki var notað til að splæsa saman víra á fiskiskipum. Við yfirheyrslur bar þeim ekki saman um hvað átti sér stað inni á bensinstöðinni, og þeir sökuðu hvor annan um alvarlegustu árásirnar.

Eftir að mennirnir tveir höfðu drepið starfsmanninn stálu þeir bíl hans og komust þannig undan. Bíllinn fannst svo við Vesturgötu samdægurs. Það tók hins vegar lengri tíma að finna morðingjana. Fljótlega beindist rannsóknin að fólki sem hafði unnið á bensinstöðinni og þekkti til staðhátta. Einnig beindist rannsóknin að eiturlyfjaneytendum. Þá féll undir grun maður sem hafði unnið á bensinstöðvum og hafði þekkt hinn látna, sem hafði raunar reynt honum mjög vel. Maðurinn var nú sjómaður og hafði neytt æ meira áfengis og fíkniefna. Í ljós kom að hann bjó ásamt konu sinni og öðru pari í miðbænum. Hinn maðurinn átti yfir höfði sér dóm fyrir innflutning á LSD. Öll fjögur voru handtekin og eftir nokkurra daga neitanir viðurkenndu mennirnir verknadinn. Þeir höfðu sagt konum sínum frá málinu og öll höfðu þau notað ránsfenginn dagana eftir morðið. Konurnar voru dæmdar fyrir að hylma yfir og þiggja gjafir sem voru keyptar fyrir ránsfenginn, og mennirnir hlutu sextán og sautján ára fangelsi.

■ NÁÐUST Á LEIÐ ÚR LANDINU



Hvenær? 17. febrúar 1984 **Hversu margir?** Einn **Hvaða vopn?** Haglabýssa

Þegar tveir starfsmenn ÁTVR voru rændir í febrúar 1984 vakti það gríðarlega athygli og talað var um fyrsta vopnaða ránið. Slíkt rán mun þá ekki hafa verið framið frá því á nítjándu öld. Starfsmennirnir voru að fara með afrakstur föstudagsins í næturhólf í Landsbankanum á Laugavegi 77 og höfðu lagt bíl sínum og voru á leið út þegar ræninginn birtist og skaut á bíllinn svo að dekk sprakk. Öðru skoti var þá skotið úr haglabýssunni og uppgjörinu, 1,8 milljónum króna, var sleppt. Ræninginn náði peningunum og flúði á brott á stolnum leigubíl. Fyrir um kvöldið hafði hann látið leigubílstjóra fara með sig í Nauthólsvík þar sem hann ógnaði bílstjóranum með byssunni og neyddi hann út úr bílnum. Byssunni hafði hann stolið úr versluninni Vesturröst nóttina fyrir ránið.

Ræninginn var þó ekki alveg einn, því hann hafði fengið kunningja sinn til að bíða sín í Brautarholti eftir ránið og koma sér í burtu. Skömmu eftir ránið greindi ræninginn svo föður sínum frá málinu og síðar öðrum fjölskyldumeðlimum. Hann hafði ætlað að létta undir með foreldrum sínum og bauð þeim meginhluta ránsfengsins. Fjölskyldan vildi ekki segja til hans og faðirinn ætlaði að koma syni sínum til Bandaríkjanna. Lögreglan hafði þá fylgst með manninum í nokkurn tíma sökum ábendinga um að hann hefði ári fyrr spurt fyrrverandi starfsmann ÁTVR mjög ítarlega um peningaflutninga. Lögreglan handtók feðgana í Leifstöð 24. febrúar og svo aðstoðarmanninn. Allir þrír fengu dóma fyrir aðild sína og vitneskju um ránið.

■ HAPPRÆTTISRÆNINGINN SEM ALDREI FANNST



VETTIVANGUR RANNSAKAÐUR Lífsýni úr ræningjanum í Happraetti Háskóla Íslands fundust, en á meðan engar upplýsingar eru um ræningjann gagnast þau lítið.

Hvenær? 30. janúar 2006 **Hversu margir?** Einn **Hvaða vopn?** Skotvopn

Ungur maður réðst með látum inn í höfuðstöðvar Happraettis Háskóla Íslands í janúarlök 2006. Hann virtist vita nákvæmlega hvað hann var að gera, ógnaði starfsfólki með skotvopni, gekk að peninga-skúffunni og braut hana upp. Hann náði 95 þúsund krónum úr skúffunni og komst undan á hlaupum. Starfsmaður elti hann úr Tjarnargötunni, inn Suðurgötu og upp Túngötu. Maðurinn hljóp síðan niður Grjótagötu, þar sem blár kuldagalli sem hann hafði klæðst fannst. Seinna sama dag var maður um tvítugt handtekinn vegna málsins, en honum var sleppt eftir yfirheyrslu. Lífsýni náðust úr manninum sem framið ránið, en þau gögnuðust lögreglu lítið þar sem ekki voru til upplýsingar um ræningjann. Fréttablaðið veit ekki til þess að eini maðurinn sem rænt hefur Happraetti Háskóla Íslands hafi nokkurn tímann fundist.

■ FYRRVERANDI UPPLÝSTI

Hvenær? 27. febrúar 1995 **Hversu margir?** Þrír ræningjar **Hvaða vopn?** Slökkvitæki

Skeljungsránið svokallaða var framið á mánudagsmorgni hinn 27. febrúar 1995. Tvær ungar konur voru á leið með helgaruppgjör af bensinstöðvum Skeljungs í Íslandsbanka í Lækjargötu. Um leið og þær stigu út úr merktum bíl komu tveir grímuklæddir menn út úr hvítum Saab-bíl, réðust að þeim og börðu aðra þeirra í höfuðið með litlu slökkvitæki. Því næst tóku þeir uppgjörstösku sem í voru rúmar fimm milljónir króna í peningum og ávísunum, og settust aftur upp í bíllinn sem þriðji grímuklæddi maðurinn ók. Bíllinn, sem var stolinn og með stolnum númeraplötum, fannst nokkru síðar í innkeyrslu við Ásvallagötu. Þar lá einnig tóm peningataska. Síðar um daginn fundust fleiri uppgjörspokar ásamt fatnaði í fjöru í Hvalfirði. Reynt hafði verið að kveikja í þessu. Ljóst var frá upphafi að ránið hafði verið þaulskipulagt.

Lögreglu gekk lengi illa að komast til botns í málinu. Maður var handtekinn nokkrum dögum eftir ránið en reyndist ekki hafa komið nálægt því. Það var ekki fyrr en í ágúst 2002 sem rannsóknin tók kipp. Þá hafði fyrrum kona eins ræningjans samband við lögreglu og sagði frá því að maðurinn hefði játað aðild að málinu fyrir henni. Eftir að hún hafði séð þátt um Skeljungsránið í þáttaröðinni Sönn íslensk sakamál sagðist hún ekki hafa getað haft vitneskjuna á samviskunnilengur. Maðurinn var yfirheyrður og játaði sinn hlut í málinu árið 2003. Hann fór yfir atburðarásina og gaf úr sér lífsýni sem kom í ljós að passaði við sýni sem fundust á mununum í fjörinni í Hvalfirði. Seinna dró hann játninguna til baka, en hvorki héraðsdómur né Hæstiréttur tók það trúanlegt.

Annar grunaður maður var yfirheyrður en ekki tókst að sanna neitt á hann. Þriðji maðurinn sem grunaður var hafði látist áður en til yfirheyrslna hjá lögreglu kom. Aðeins lítill hluti ránsfengsins hefur verið endurheimtur.



■ DÆMDUR EFTIR DNA Í NÆLONSOKKI



HÓTAÐI GJALDKERA LÍFLÁTI Lögreglan sendi út myndir úr öryggis-myndavélakerfi SPRON þegar mennirnir fundust ekki. Annar ræninginn náðist vel á myndum, eins og sést á þessari mynd þar sem gjaldkeri afhendir peninga.

Hvenær? 9. janúar 2004 **Hversu margir?** Tveir **Hvaða vopn?** Rörbútar

Tveir menn ruddust með miklum látum og ógnandi hegðun inn í útibú SPRON við Hátún rétt fyrir hádegi föstudaginn 9. janúar 2004. Mennirnir voru með nælonsokka á höfði til að þekkjast ekki og voru einnig með hanska. Þeir voru með rörbúta sem þeir börðu í innanstokksmuni og hótuðu viðskiptavinum og gjaldkerum með. Gjaldkerum var hótad lífláti létu þeir ekki peninga af hendi. Mennirnir fengu 610 þúsund krónur upp 42 ára krafnsinu áður en annar hjólaði burt og hinn hljóp. Þeir voru á bak og burt þegar lögregla kom á vettvang þrátt fyrir að það hafi verið aðeins nokkurn mínútum eftir að ráðið var inn.

Átta manns höfðu verið handteknir eftir helgina vegna málsins og höfðu aldrei fleiri verið handteknir vegna bankarans hér á landi. Tveir menn voru handteknir skömmu eftir ránið og úrskurðaðir í gæsluvarðhald en sex voru handteknir í gleðskap á sunnudagsmorgun. Gleðskapsfólkinu var þó sleppt eftir yfirheyrslur. Hinum mönnum tveimur var svo sleppt nokkrum dögum síðar. Í nokkurn tíma var enginn grunaður um ránið. Hins vegar höfðu munir úr ránu fundist, meðal annars nælonsokkur, húfa og hanskar. Lífsýni fundust í mununum og reyndust passa við 42 ára gamla mann. Maðurinn var handtekinn ásamt félaganum en þeim var svo sleppt þar sem ekki þótti nauðsynlegt að óska gæsluvarðhalds. Aðeins var hægt að sanna aðild þess 42 ára að málinu, og hann sagði aldrei til félagans síns. Maðurinn var því einn dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir ránið, en hann þagði bæði um ránsfenginn og ránsfélagann.

Allt fínt fyrir jólin

Risa tilboðshelgi

Mikið úrval af viðar- og plastparketi á ótrúlegu verði!

Plastparket eik

999kr/m²

15% afsláttur*

Allt Megafloor plastparket á 15% afslætti



LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR

Eik þriggja stafa
Plastparket 6 mm.
146937,147049

PARKET RÁÐGJÖF

í Skútuvogi kl. 13-15

Jón Einarsson meðlimur í Félagi íslenskra parketmanna verður með ráðgjöf í parketlögn.

Komdu og fáðu góð ráð og tilboð í gólfefnið um helgina!



Byrjaðu að spara Osram sparperukynning

Sérfræðingar frá Osram segja þér hvernig þú sparar með sparperum. Í Skútuvogi kl 14-16



INNI MÁLNING
25% afsláttur*
um land allt í október

FLÍSAR
20% afsláttur*
um land allt

LJÓS
25% afsláttur*
um land allt

SPAR PERUR
20% afsláttur*
um land allt



Pylsa eða pizza og kók 199kr.

Kaffi Garður Skútuvogi opið til kl. 17 um helgar.

Ís aðeins 99kr.



HÚSASMÍÐJAN

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar", enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Opnum klukkan tíu Opnum klukk



145
KR. KG

KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA



198
KR. KG

NÝUPTEKNAR GULRÓFUR



FRÁ AKURSELI
1/2 KG. LÍFRÆNT
RÆKTAÐAR
GULRÆTUR
359 KR.



FRÁ NÝJA SJÁLANDI
LÍFRÆNT RÆKTUÐ
RAUÐ EPLI

398
KR. KG



98
KR. KG

HOLLENSKUR RAUÐLAUKUR



69
KR. KG

HOLLENSKUR LAUKUR



398
KR. 2 STK

**BRAUÐGERÐ KRISTJÁNS
KRYDDBRAUÐ-
DRAUMKAKA**



298
KR. 420 G

**MYLLU MÖNDLUKAKA
420 GRÖMM**



**EMMESS ÍSBLÓM
DAIM ÍSBLÓM
JARÐARBERJA
ÍSBLÓM**

398
KR. 6 STK



198
KR. 500 G

BÓNUS KJARNABRAUÐ



198
KR. 600 G

**GÆÐABAKSTUR BÓNUS
PRIGGJAKORNABRAUÐ**



298
KR. 2 LTR.

**BÓNUS ÍS 2 LTR
SÚKKULAÐI- VANILLA- JARÐARBERJA**



ALLTAF NÝBAKAÐ
**BÓNUS
BAGUETTE**

129
KR. STK



**OS BRAUÐOSTUR
TILBOÐ
998 KR.KG**

**300 KR.
VERDLÆKKUN**

VERÐ ÁÐUR
1298 KR.KG



198
KR. 400 G

**VENJULEGT & SPELTDEIG 400 GRÖMM
BÓNUS FERSKT PIZZADEIG**

259
KR. 400 G



298
KR. 200 G

**OS 200 GRAMMA
PIZZAOSTUR**




298
KR. 250 G

**BÓNUS FETAOSTUR 250 GR
FETI-OSTUR Í KRYDDOLÍU OG Í ÓLÍFUM OG KRYDDOLÍU**

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veititungda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarkúbbur



1395
KR. KG

**KJARNAFÆÐI FERSKT
KRYDDAÐ HEIÐALAMB**



**ÍSLENSKT
JÁ TAKK**

**1. LTR. FULLELDUÐ
ÍSLENSK KJÖTSÚPA
ÞARF AÐEINS AÐ HITTA!
998 KR.**



298
KR. KG

FROSIN LAMBAHJÖRTU



259
KR. KG

FROSIN LAMBALIFUR



998
KR. KG

**ALI STÓRKAUP
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR**



3998
KR. KG

**LAMBA-FILLET
MANGÓKRYDDAÐ**



2998
KR. KG

**LAMBA-PRIME
MANGÓKRYDDAÐ**



398
KR. KG

**KJARNAFÆÐI BLANDAÐ
LAMBASALTKJÖT
2.FLOKKUR**



1995
KR. KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



698
KR. KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR



698
KR. KG

BÓNUS FERSK KJÚKLINGALÆRI



695
KR. KG

FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



598
KR. KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR



298
KR. KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

Allir búinir að gleyma hruninu

Stærsta breyting í heilbrigðiskerfinu eftir hrun er að stofnanir héldu sig innan fjárheimilda. Skorið hefur verið niður um 20 prósent í málaflöknum frá 2008. **Guðbjartur Hannesson** heilbrigðisráðherra segir að efnahagsaðstæður hafi ekki boðið upp á annað en niðurskurð. Hann ætlar ekki að handstýra honum en segir *Kolbeini Óttarssyni Proppé* að ábyrgðin sé öll hans.

Guðbjartur Hannesson settist í stól velferðarráðherra í ársbyrjun. Hann tók við víðfeðmasta málaflökki ríkisins á tímum efnahagslegra þrenginga og hefur þurft að glíma við niðurskurð og hagræðingu. Hann telur hins vegar að grunnur heilbrigðiskerfisins sé svo sterkur að þrátt fyrir þrengingar sé ekki verið að eyðileggja neitt.

Fregnir bárust af því á dögnum að loka þyrfti þremur deildum á Landspítalanum og 85 störf gætu tapast, vegna minnkandi fjárframlags. Frá árinu 2008 hafa framlög til heilbrigðiskerfisins dregist saman um 20 prósent og til Landspítalans um 23 prósent. Guðbjartur hefur sagt að hingað til hafi verið hægt að hagræða, en nú sé svo komið að minnka verði þjónustun. En hvað segir það okkur að hægt sé að skera niður um 20 prósent án þjónustuskerðingar, ef sú er raunin? Var kerfið þá ekki of stórt?

„Menn hafa verið að glíma við niðurskurð í heilbrigðiskerfinu síðan löngu fyrir hrun og það hefur auðvitað verið mat manna að kerfið hafi bólgnað of mikið út á tilteknum tíma, að það hafi verið á sjálfstýringu. Niðurskurðurinn er því að hluta til í leiðinni viðurkenning á að margt hefði mátt breytast.“

Guðbjartur bendir þó á að með aukinni þróun, nýrri tækni, viðhorfum og betri menntun, breytist kröfurnar til heilbrigðisþjónustu. Þar sem áður hafi þurft langa sjúkrahúslegu þurfi nú mun skemmri tíma. Það hafi áhrif á nýtingu fjárveitinga.

Áttum ekkert val

Guðbjartur segir að í umræðu um niðurskurð í heilbrigðiskerfinu verði að hafa það í huga að menn hafi einfaldlega ekkert val haft. Skera hafi orðið niður og laga útgjöld að tekjum.

„Eftir hrúnið töpuðum við 10 til 15 prósentum af tekjum okkar og vaxtakostnaður hækkaði úr 5 prósentum í 15. Það þurfti að fjármagna hallann á fjárlögum, taprekstur Seðlabankans og ýmislegt annað. Þar til viðbótar jukust verkefni, til dæmis með auknu atvinnuleysi. Þá hefur orðið til kostnaðar við ný embætti eins og sérstakan saksóknara og umboðsmann skuldara. Allt hefur þetta minnkað svigrúmið og spurningin hefur verið hvernig við gætum stillt upp á nýtt.“

Guðbjartur segir að strax hafi verið gefið út að draga þyrfti fjárlög saman um 20 prósent, að minnsta kosti, til að endar næðu saman.

„Það er það sem við höfum verið að gera. Við höfum reynt að hlífa ákveðnum málaflökum meira en öðrum, heilbrigðis- og menntamála, og að hluta til dómskerfinu. Þess í stað höfum við skafið meira utan af stjórnsýslustofnunum.“

Umframkeyrslu útrýmt

Guðbjartur segir að lagt hafi verið af stað með lög um heilbrigðiskerfið frá árinu 2007, en þar er skilgreining á hlutverki kerfisins. Heilsugæslan skuli vera fyrst viðkomustaður, grunnþjónusta verði að vera fyrir hendi um allt land og tveir stórir spítalar, á Akureyri og í Reykjavík, séu reknir.

„Til að byrja með var þessum stofnunum hlíf, en þegar við komum í síðustu lotuna sagði ég að við gætum ekki hlíf Landspítalanum. Útgjöld til hans nema 32 til 33 milljörðum á meðan allar heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni eru með 13 milljarða.“

Stærsti niðurskurður Landspítalans var í raun og veru strax í upphafi, þegar honum var gert að aðlaga sig fjárlögum. Ef útgjöld til heilbrigðismála eru skoðuð aftur í tímann var það þannig að ákveðnar stofnanir fóru alltaf fram úr fjárheimildum og fengu það bætt að einhverju leyti í fjáruka-lögum. Þetta gilti um heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu, Landspítalanum og einstaka aðrar stofnanir.

Eftir hrúnið og með nýjum stjórnendum tóku menn sig á og aðlöguðu reksturinn að fjárlögum, hafa jafnvel skilað afgangi. Þeim var ekki gert að



VELFERÐARRÁÐHERRANN Guðbjartur Hannesson segir ekki hafa verið í boði að draga ekki úr útgjöldum ríkisins. Ríkisstjórnin hafi kappkostað að verja heilbrigðis- og menntamál og þrátt fyrir að enn sé skorið niður búi Íslendingar við gott heilbrigðiskerfi.

greiða hallann aftur í tímann, nema að óverulegu leyti, en þarna var tekin upp ný hugsun miðuð við nútímakröfur.“

Guðbjartur segir að heilt yfir hafi menn farið að standa áætlanir, það sé mesta breytingin í heilbrigðiskerfinu. Það beri að þakka forstöðumönnum og starfsfólki og öllum þeim sem hafi hugsað upp á nýtt einstaka þætti.

Ekki handstýrt

Ákvörðunin um 1,5 prósentu niðurskurð á Landspítalanum þýðir að eitthvað þarf undan að láta varðandi þjónustu. Guðbjartur segir Björn Zoëga, forstjóra spítalans, hafa tilkynnt honum það strax. Ákveðið var að hætta starfsemi réttargeðeildarinnar að Sogni, lífnardeildar við Landakot og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Guðbjartur segir valið ekki hans, en hann taki ábyrgð á því.

„Ég hef sagt við alla mína forstöðumenn að ég ætli ekki að vera sá ráðherra sem annars vegar segir þeim að skoða hlutina upp á nýtt, endurskipuleggja starfsemina út frá lögum og grundvallarhugmyndum sem við leggjum fram, og hins vegar ætla að segja þeim hvað þeir mega og mega ekki. Ég hef lagt á það mikla áherslu að það skipti máli að annaðhvort stjórnar maður stofnuninni, og ber þá ábyrgð á henni, eða henni er handstýrt úr ráðuneytinu. Það vil ég ekki.“

Guðbjartur segir mikla greiningu hafa farið fram innan spítalans á mögulegum úrræðum og starfsmenn hafi staðið sig einstaklega vel. „Það væri fánærlegt af mér að segja: Þið megið þetta en ekki hitt. Það hef ég ekki gert, en ég hef staðið þétt á bak við starfsfólkið á Landspítalanum og hið sama gildir um aðrar stofnanir.“

Kerfið stendur styrkt

Margir hafa haft af því áhyggjur að



Ég held því fram að við séum að verja grundvallaratriðin áfram og tryggja það að við verðum áfram í fremstu röð.

■ VERÐUM AÐ KOMA Á TILVÍSANAKERFI

Í fjáruka-lögum 2011 eru útgjöld til heilbrigðismála aukin um 2,5 milljarða. Guðbjartur segir það í raun þýða að niðurskurðurinn í ár hverfi alveg. Ástæður aukafjárveitinganna liggja að mestu í lækningum erlendis, s-merktum lyfjum og síðast en ekki síst sérgreinalækningum. Ekki er lengur í gildi samningur um sérgreinalækna og gjöld ríkisins til þeirra hafa staðið í stað. Guðbjartur segir það umhugsunarefni.

„Mér finnst að heilbrigðisstéttir og raunar þjóðin öll þurfi að ræða þetta. Við erum að skera niður um 20 prósent til heilbrigðismála og var það endilega í greiðslum til sérgreinalækna sem við ætluðum að bæta í?“

Guðbjartur segir Ísland eitt fára landa sem búa ekki við tilvísanakerfi. Það þýði að oft og tíðum sé verið að nota dýrasta úrræðið í kerfinu í stað þess ódýrasta, þegar fólk leitar beint til sérfræðinga. „Við þurfum að ná tökum á þessu og færa þetta að einhverju leyti inn á sjúkrahúsin. Breyta kerfinu, taka upp tilvísanir og styrkja heilsugæsluna. Við erum að undirbúa það og erum í viðræðum við sérgreinalækna. Vonandi gengur það.“

svo sé komið varðandi heilbrigðiskerfið að frekari niðurskurður eyðileggi innviði þess. Guðbjartur telur svo ekki vera, við búum að sterku kerfi sem muni standa þetta af sér.

„Ég held því fram að við séum að verja grundvallaratriðin áfram og tryggja það að við verðum áfram í fremstu röð. Það er sama hvaða kenntölu maður skoðar; þó að við séum að rýra eitthvað þá er af góðu að taka.“

Það gleymist nú stundum, eins og nýverið komu fram upplýsingar um, að best sé að vera kona á Íslandi, best sé að vera barn á Íslandi, hér er minni fátækt, þrátt fyrir að við séum með stækkandi hóp sem verður að glíma

við. Við erum með betri aðgang að sérfræðiþjónustu en er á Norðurlöndunum, fleiri sem sinna heimilislækningum, þótt hér séu færri sérmenntaðir í þeirri grein og margt fleira.

Þó að hér hafi orðið fækkun í heilbrigðisstéttum þá er hún ekkert svo mikil, miðað við þá aukningu sem orðið hafði á undan, ef skoðað eru 20 ár aftur í tímann. Engu að síður er þróunin áhyggjuefni.

Við getum stáð af því að vera áfram með mjög góða heilbrigðisþjónustu og það líður ekki á löngu þar til við verðum í toppnum aftur, þar sem við höfum verið.“

ÚTGJÖLD TIL HEILBRIGÐISMÁLA (Á ÁÆTLUÐU VERÐLAGI 2012)

Breyting frá '06-'12

	2006	2008	2010	2012	m.kr.	%
Almenn sjúkrahúspj.	55.087	57.833	48.118	46.543	-8.544	-16%
Hjúkrunar- og endurhæfstofn.	26.135	26.766	24.553	27.149	1.013	4%
Almenn heilsugæsla	12.163	13.157	12.173	13.635	1.472	12%
Sérfræðilæknar	5.299	6.325	6.298	6.016	717	14%
Lyf og hjálpartæki	15.019	18.108	18.632	18.025	3.006	20%
Alls heilbrigðisþjón.	113.703	122.189	109.774	111.367	-2.336	-2%

HÖRKUTÓL

NÝ LÍNA

ÖFLUGRI

TAUTASKA M/HÖRÐUM BOTNI

Stórar og rúmgóðar töskur með hörðum botni og fjölda hólfu Tvær típur, 18" og 20"




VERÐ FRÁ

19.900 m/vsk

HARÐAR TÖSKUR

"Tough system"
Vatnsheldar
Staflanlegar
Hægt að fá trillu og læsa töskunum við hana.



VERÐ FRÁ

15.900 m/vsk

94DW087 + DE0737

LASER OG MÆLISTIKA

2 línu laser
lárétt og lóðrétt lína
nákvæmni: +/- 0,3mm/m
Rafhlaða: 3 x AA
Stíka fylgir.



Fullt verð 84.900 kr

59.900 m/vsk

94DCK211S2

HLEÐSLUSETT 10,8V

Borvél m/10mm patrónu
Herslúkyll 107Nm
Rafhlaða: 2 x 1,3Ah
Mjúk taska.



64.900 m/vsk

Nýja XR línan frá Dewalt er byggð á áralangri þróunarvinnu, þar sem **kraftar** notenda og hönnuða voru sameinaðir. Nýr **tölvustýrður** rofi stýrir snúningi vélar og virkar einnig sem **öryggisbúnaður** rafhlöðu. Nýr **rammalaus mótur** skilar meiri **krafti** og **betri nýtingu** á rafhlöðunni. Nýju **3,0 Ah Li-Ion** rafhlöðurnar tryggja lengri vinnslutíma.

94DCD730L2

HLEÐSLUBORVÉL

14,0 volt
Patróna: 13mm
Rafhlaða: 2 x 3,0Ah
Hersla: 32 Nm
Þyngd: 1,73 Kg



14,4 Volt

69.900 m/vsk

94DCD985L2

HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI

18,0 V
Patróna: 13mm
Rafhlaða: 2 x 3,0Ah
Hersla: 55 Nm
Þyngd: 2,42 Kg



18,0 Volt

99.900 m/vsk

94DCD780L2

HLEÐSLUBORVÉL

18,0 V
Patróna: 13mm
Rafhlaða: 2 x 3,0Ah
Hersla: 35 Nm
Þyngd: 1,84 Kg



18,0 Volt

79.900 m/vsk

94DCK285L2

HLEÐSLUBORVÉL OG HERSLÚKYLL

Borvél 3 gíra m/höggi
Herslúkyll 155Nm
Rafhlaða: 2 x 3,0Ah
Hörð taska



Tvær saman í pakka

129.900 m/vsk

94DCK296L2

HLEÐSLUBORVÉL OG SKRÚFVÉL

18V Borvél m/höggi
10,8V skrúfvél
Rafhlaða 18V: 2 x 1,5Ah
Rafhlaða 10,8V: 2 x 1,3Ah
Hörð taska



Tvær saman í pakka

124.900 m/vsk

www.sindri.is / sími 575 0000



SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík

Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Með fyrirvara um villur

Tókst að bjarga sambandinu

Pó að þeim **Eva Maríu Jónsdóttur** og **Óskari Jónassyni** hafi ekki auðnast að halda hjónabandi sínu gangandi tókst þeim að bjarga sambandi sínu með því að leita sér hjálpar úr ýmsum áttum. Hjónin fyrrverandi settust niður með grænan morgundrykk í hönd og sögðu **Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur** sögur af samstarfinu sem dæturnar þrjár eru sérstaklega ánægðar með.

Eva María býður heim í spínatdrykk og kaffisopa í morgunsárið. Til dyranna kemur Óskar Jónasson með yngstu systur dætra hans þriggja í fanginu. Þessi litla stúlka er þó ekki hans, heldur barn Evu Maríu og núverandi sambýlismanns hennar, Sigurpáls Scheving. Þau Óskar og Eva María voru saman í fjórtán ár og eignuðust þrjár dætur. Þau skildu fyrir þremur árum en þeim hefur tekist það sem svo marga dreymir um – að eiga vinsamleg og vandræðalaus samskipti eftir skilnað. Þetta hefur þó kostað mikla vinnu af beggja hálfu. Undanfarna mánuði hafa þau unnið saman að bókinni *Dans vil ég heyra*, sem er nýlega komin út hjá Forlaginu. Í bókinni hefur Eva María safnað saman þremur íslenskum sagnadönsum og nokkrum lausavísu og þær hefur Óskar myndskreytt. Með bókinni fylgir geisladiskur með upptökum af kvæðunum úr fórum Stofnunar Árna Magnússonar.

Prófaði dansana á dætrunum

Hugmyndina að bókinni fékk Eva María árið 2008, þegar hún var að hefja meistaranám í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. „Á þessum tíma var ég mikið að skoða gömul handrit og rakst á fornkvæðabók Gissurar Sveinssonar frá árinu 1665. Sum kvæðin sýndust mér vel geta höfðað til barna. Ég fór að prófa þau á stelpunum og þetta fór svona vel í þær. Mér fannst hálforsorglegt að þetta væri allt saman til, en fólk hefði ekki almennilegan aðgang að þessu.“

Hana langaði að búa til bók með sagnadönsum þar sem áhersla væri ekki síður á skemmtilegar myndir en kvæðin sjálf. Því leitaði hún til Óskars, sem tók áskoruninni, en hann hafði ekki áður tekist við á bóka-skreytingar, öðruvísi en við eldhúsbordid heima með dætrum sínum.

Eins og arabískir söngvar

Eva María ber þá von í brjósti að Íslendingar byrji aftur að kveða sér til skemmtunar. „Það er frekar stutt síðan fólk missti þetta af vörum. Það rofnaði eitthvað, þegar nútíminn hélt innreið sína. Fólk sneri baki við kvæðunum rétt eins og það sneri baki við torfkofunum. En ég er viss um að það er heimikið af fólk til í dag sem hefur áhuga á að endurvekja þetta.“

Óskar: „Það þarf alltaf eina eða tvær kynslóðir til að enduruppötva svona hluti. Fólk hefur bara fundist þessi kveðskapur minna á sagga, kulda og steinolúlykt. En það er mjög athyglisvert við þessar upptökur hvað raddirnar eru sérstakar. Þær minna á einhvern hátt á gólandi arabíska söngva. En síðan er ákaflega gaman að heyra stelpurnar syngja þetta, með sínum hreinu tæru röddum. Þá verður þetta svo falllegt.“



HAFNAÐ GAMAN SAMAN Þau Óskar Jónasson og Eva María Jónsdóttir eru eins og sjá má ánægð með afrakstur samstarfs síns, bókina *Dans vil ég heyra*. Bókin geymir sagnadansa og lausavísur sem Eva María valdi en Óskar myndskreytir.

Dæturnar kátar með samstarfið

Það gætu alveg örugglega ekki allir hugsað sér að vinna bók með fyrrverandi eiginnanni eða -konu. Gekkt það alveg áttakalaust fyrir sig?

Óskar: „Þetta hefur bara alveg gengið á afturfótunum...“ Hér grípur Eva María fram í, hlæjandi. „Nei, nei. Þetta gekk einmitt algjörlega snurðulaust, vegna þess að ef maður skilur almennilega, þá verður framhaldið svo miklu léttara.“

Óskar: „Ég hugsa að við hefðum ekki getað gert þetta fyrir tveimur árum. Um það leyti fórum við saman á Árnastofnun og vorum að spá í þetta, en við byrjuðum ekki á þessu strax.“

Eva María: „Enda er ofsalega mikið mál að skilja. Í það fer mikil vinna og hugarorka,

sem er ekki hægt að nota í annað á meðan.“

Óskar: „En nú erum við þó komin á þann stað að þetta samstarf var algjörlega vandræðalaust og skemmtilegt. Kannski var mest gaman að sjá hvað stelpurnar elskuðu að við skyldum vera að gera þetta. Þær voru alltaf að horfa yfir öxlina á mér þegar ég var að teikna.“

Besta ráðstöfunin að skilja

Þau Eva María og Óskar virðast bæði hafa haft að leiðarljósi að þeirra samband yrði sem best gert upp, dætranna vegna.

Óskar: „Ég þekki svo mörg dæmi þess að fólk geti ekki talað saman eftir skilnað. Og þó það sé ekki illt á milli fólks skynja börnin misklið svo vel.“

Eva: „Börnin þurfa að venjast því að foreldrarirnir búi ekki saman lengur, en það þýðir ekki að þau geti ekki staðið saman. Skilnaður verður af því að fólk trúir því að það sé best. Þá er í raun og veru auðvelt að kenna börnunum að sjá hlutina þannig líka. Kenna þeim að þetta hafi verið góð ráðstöfun, þó að hún hafi verið erfið. Þegar við vorum búin að vera skilin í svona eitt ár sagði Matthildur, elsta dóttir okkar, sem þá var tíu ára: „Skriftið mamma. Lífið er ekki eins og ég vil hafa það, en samt er það alveg frábært!“ Þá hugsaði ég: „Hjúkk! Hún er komin í höfn... eða í það minnsta fyrir horn!“

Hjálp úr öllum áttum

Óskar: „Það er auðvelt að segja að þetta hafi allt gengið mjög vel hjá okkur. En það breytir því ekki að þetta var mjög erfið. Það er ekkert sjálfgefið að fólk geti orðið vinir eftir skilnað. Það kostar mikla vinnu...“

Eva: „...og mikla hjálp! Ég talaði við prest, sálfræðing og sálgreini. Við fórum bæði á námskeið til London og ég fór meira að segja á hugleiðslukúrs í Ameríku. Þegar ég var í þessu ferli hitti ég konu sem sagði við mig: „Mér heyrir að það sé of seint fyrir þig að bjarga hjónabandinu, en þú getur ennþá bjargað sambandinu.“ Mér fannst þetta góður útgangspunktur.“

Óskar: „Ég held við höfum verið heppin að vera á sömu línunni með þetta. Við fórum ekki samferða á námskeiðin heldur vildi það bara þannig til að við leituðum okkur bæði hjálpar. Íslenski hátturinn hefur kannski frekar verið að bita á jaxlinn. En þetta er ekki hægt nema maður taki út allar tilfinningarnar, fari í gegnum reiðina, sorgina og allan öldudalinn. Það er ekki hægt að stytta sér leið.“

Eva: „Einmitt. Þetta er ákveðinn sorgarfasir og maður kemst ekki hjá því að fara í gegnum hann. Á tímabili var auðvitað best fyrir okkur að vera ekkert mikið að blanda geði, því við gátum auðvitað ekki verið að hugga hvort annað í þessari sorg.“

Óskar: „Svo er það engin lygi að tíminn lækni sárin. En það gildir bara ef maður vinnur vinnuna sína, annars græyr þetta bara skakkt. En ég held samt að maður sé aldrei alveg búinn með þetta. Við eigum stelpurnar okkar þrjár og þeirra vegna munum við alltaf umgangast hvort annað. Þetta er þess vegna eitthvað sem maður þarf að vinna í alla ævi, en það þarf ekki að vera slæmt.“

Líf og fjör og stóísk ró

Eva María býr í raðhúsi úti á Nesi, ásamt Sigurpáli og samantlagt sjö börnunum, en Óskar býr í húsinu sem þau Eva áttu áður, í miðbænum. Dæturnar eiga því

tvö heimili, þar sem ríkir talsvert ólík stemning.

Óskar: „Í þessu húsi hér er alltaf líf og fjör. Þau eru níu þegar mest lætur! Svo er bara stóísk ró og fuglasöngur hinum megin hjá mér. Ég hugsa að það sé ágætis mótvægi. Stelpurnar þurfa ákveðna festu en það er mikilvægast fyrir þær að finna að allt er í góðu jafnvægi. Að við mamma þeirra getum bæði talað saman og unnið saman. Ég passa meira að segja fyrir hana! Síðast í gær var ég að passa hana Sigríði litlu...“

„Heyrðu, er ekki örugglega einhver keppni um besta skilnaðinn í gangi hérna? Þá hljótum við að vinna hana!“ segir Eva María að lokum glettislega.

■ ÞEGAR EVA MARÍA UPPGÖTVAÐI ÓSKAR



Óskar er myndlistarmenntaður, en hann lærði í Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Hann hefur hins vegar ekki verið þekktur fyrir það hingað til að gera teikningar. „Ég hafði mjög gaman af því að búa þessa karaktera til. Það var eiginlega Eva María sem „uppgötvaði mig“. Ég hef haft gaman af því að teikna frá því að ég var lítið barn en hef ekkert nýtt mér það í

kvikmyndagerðinni, nema þá helst til að búa til „storyboard“. Ég er hins vegar oft að búa til svona teikningar fyrir stelpurnar okkar, sem þær svo lita inn í. Þær panta hjá mér myndir: „Ég vil fá stelpu á ról og við hlíðina á henni á að vera strákur í rennibraut.“ Eva María sá tækifæri í þessu.“



FRÁBÆRT
ÚRVAL AF
ÁKLÆÐUM
OG LEÐRI

Avignon 3ja sæta sófi kr. 211.800 - Avignon 2ja sæta sófi kr. 257.300



Eterna 3ja sæta kr. 192.300 / 2ja sæta kr. 159.900



Hera 3ja sæta kr. 218.900 / 2.5 sæta kr. 193.800



Simone 3ja sæta kr. 199.800 / 2ja sæta kr. 171.400



Manchebo 3ja sæta kr. 226.800



Gyro snúningsstóar
í leðri eða áklæði



Kertaluktur

LOKADAGUR
SÉRPANTANNA
SEM AFHENTAST
FYRIR JÓL
ER Í DAG
LAUGARDAG



Revir stóll kr. 118.800



Allegro 3ja sæta leðursófi kr. 435.800



Edge hornsófi 280x200 cm kr. 283.000 / 245x200 cm kr. 258.700



Vittoria hornsófi 359x240 cm - kr. 486.700

LÍNAN

Bæjarlind 16 - 201 Kópavogur - Sími 553 7100 - www.linan.is - Opíð mán til fös 12 - 18 Laug 11 - 16



NBA

tímabilið hangir á blápræði

Samningar milli NBA og leikmanna hafa verið lausir frá í sumar og hart er deilt. Þegar hefur hundrað leikjum verið aflýst og ekki útséð um frekari áföll. *Porgils Jónsson* kynnti sér kjaradeilu milljónamæringanna.

Síðasta ár var eitt það allra besta í sögu NBA-deildarinnar, samkvæmt flestum mælikvörðum. Tekjur hafa aldrei verið meiri, sjónvarpsáhorf jókst stórum sem og aðsókn á leiki, þannig að flestir NBA-áhugamenn horfðu með tilhlökkun til komandi leiktíðar sem átti að hefjast um næstu mánadamót. Þeir mega hins vegar bíða enn um sinn.

Um fjögurra mánaða vinnustopp vegna kjaradeilu hefur lamað deildina þar sem ekki hefur einu sinni verið leyfilegt að skiptast á leikmönnum, og miðað við fullyrðingar forystusveita leikmanna og eigenda liða ber enn mikið á milli.

Þegar hefur tveimur leikvikum, samtals 100 leikjum, verið aflýst og ef ekki fer að ganga saman með deiluaðilum gæti farið svo að ekki yrði leikið fyrr en eftir áramót. Í allra versta falli verður tímabilinu aflýst, en það mun þá sennilega ekki skýrast fyrr en á nýju ári.

Samningar runnu út í sumar, en í mörg ár þar á undan hefur legið fyrir að þessi deila yrði gríðarhörð. Það sem helst er deilt um er annars vegar fyrirkomulag á launabaki leikmanna og hins vegar skipting tekna sem NBA-deildin tekur inn.

Launabakið

Núverandi launabak í NBA veitir ákveðið svigrúm andstætt því sem gildir um margar aðrar stórdeildir vestra. Það þýðir að þótt launabakið sjálft sé um 58 milljónir dala á ári fyrir hvert lið er hægt að fara upp fyrir það með ýmsum undanþágum. Þar mega lið til dæmis semja upp á nýtt við leikmann sem hefur

verið hjá því í nokkur ár þótt það þýði að viðkomandi lið fari yfir hámarkið. Nú er málum þannig háttað að lið mega, strangt til tekið, greiða í laun allt að 70,3 milljónir dala á ári án þess að líða mikið fyrir það, en fari þau upp fyrir það mark er þeim gert að greiða svokallaðan lúxusskatt til deildarinnar. Fyrir hvern dal sem lið fer yfir lúxusmarkið verður það að greiða annan dal til deildarinnar, sem skiptist að mestu jafnt milli liðanna sem eru undir lúxusmarkinu.

Eigendur benda á að deildin í heild sinni hafi verið rekin með 300 milljóna dala tapi á síðustu leiktíð, og þar að auki hafi langflest liðin verið rekin með tapi. Aðeins stærstu liðin, sem trekkja flesta á völinn og fá mestar sjónvarpstekjur, hafa verið ofan við núllið.

Þessa þróun vilja eigendurnir stöðva með því að herða á launabakinu og meðal annars hækka lúxusskattinn til muna, en við það myndu launagreiðslur að sjálfsgöðu lækka. Leikmennirnir eru vitanlega mótfallnir þessum hugmyndum og benda sumir á að eigendum sé í sjálfsvald sett hvort þeir sprengi sig upp úr öllu í yfirboðum í meðaleikmenn eins og oft hefur verið raunin.

Skipting auðsins

Seinna atriðið og sennilega það veigameira er skipting tekna deildarinnar. Tekjurnar eru margvíslegar, en fyrir utan aðgangseyri, sjónvarpstekjur og auglýsingatekjur eru talin með atriði eins og sala á veitingum og búningum, bifreiðastöðugjöld og tekjur af sýningum liósdansara og lukkuðýra annars staðar en á leikjum.

Sá samningur sem er nýútrunninn var í gildi frá 2005 og kvað á um að leikmenn fengju 57 prósent af tekjum, en liðin og deildin sjálf 43 prósent. Í yfir-

standandi viðræðum hafa báðir aðilar lagt áherslu á að halda 53 prósentum fyrir sig.

Leikmönnum finnst þar fulltíð gert úr hlutverki sínu, en án þeirra hæfileika væri auðvitað engin deild og þar af leiðandi engar tekjur. Þarna er um stórmál að ræða þar sem hvert prósentstig jafngildir um 40 milljónum dala á mánuði.

Kreppir að

Fleiri atriði eru umdeild, meðal annars gildistíminn. Eigendur vilja gera tíu ára samning en leikmenn vilja gera samning til sex ára. Möguleiki er á að mála-miðlun náist um uppsagnarákvæði eftir sjö ár.

Flestra mat er að eigendurnir hafi sterkari stöðu þar sem stór hluti hinna 450 leikmanna NBA, þá aðallega þeir sem hafa verið í deildinni í nokkur ár á meðallaunum, eru jafn háðir mánaðarlegum launagreiðslum og hinn almenni borgari. Jafnvel telja margir sérfræðingar vestan hafs að eigendurnir séu reiðubúnir til að fórna heilu tímabili til að hafa sitt fram en það yrði reiðarslag fyrir fjárhag hundraða leikmanna.

Vonarglætan dofnar

Reynt var til þrautar í síðustu viku að ná samningum til að bjarga því sem bjargað yrði, og sat sáttasemjari yfir deiluaðilum á löngum fundum sem stóðu í þrjú daga. Það þótti foga góðu en stór orð voru látin falla á fimmtudag og engar frekari viðræður hafa verið boðaðar. Allt útlit er fyrir að leikjum verði aflýst fram yfir júl, en ef allt fer á versta veg gæti þetta orðið fyrsta tímabilið í sögunni sem fellur alfarið niður. Það yrði döpur niðurstaða fyrir NBA-unnendur um heim allan.

ANNAD STOPP NBA-DEILDARINNAR FRÁ UPPHAFI

Útrásarvíkingar NBA-deildarinnar

NBA-leikmenn sitja ekki allir á strák sínum á meðan deildin er á ís, heldur hafa tugir þeirra leitað á önnur mið. Sumir þeirra eru erlendir leikmenn sem fara heim á leið. Til dæmis spila Tony Parker, Ronny Turiaf og Nicolas Batum nú í heimalandi sínu Frakklandi, Andrei Kirilenko í Rússlandi, Danilo Galinari á Ítalíu og Rudy Fernandez fór til Spánar. Svo eru það Bandaríkjamenn sem fara til Evrópu eins og Deron Williams sem leikur í Tyrklandi og enn aðrir leita allt til Kína eins og Kenyon Martin, J.R. Smith og Wilson Chandler gerðu.

Rísanöfnin hafa hins vegar haldið kyrru fyrir, en þó er ekki loku fyrir það skotið að Kobe Bryant sjálfur haldi á æskuslóðir á Ítalíu áður en langt um liður. Ítalir geta á meðan yljáð sér við að horfa á afreksmanninn Brian Scalabrin, sem samdi við Benetton Treviso.

Stoppið 1998

Venjuleg leiktíð í NBA telur 82 leiki á hvert lið. Aðeins einu sinni áður hefur leikjum verið aflýst af nokkrum sökum, en það var leiktíðina 1998-1999. Eins og nú var það vegna deilu milli leikmanna og eigenda um laun og skiptingu tekna. Deilan var í hnút allt fram yfir áramót. Samningar náðust loks hinn 6. janúar, rétt áður en tímabilinu var aflýst í heild sinni. Hvert lið lék því aðeins 50 leiki.

Ekki beint á vonarvöl

Mörgum finnst sennilega erfitt að finna í sér samúð með NBA-stjórnunum sem hafa ansi ríflegar tekjur. Þær geta þó verið ansi mismunandi milli leikmanna. Eftirfarandi upphæðir eru í íslenskum krónum og voru í gildi á síðasta tímabili.

Árslaun

Lágmark: 57 milljónir til 163 milljónir (fer eftir árafjölda í NBA)
Meðaltal: 672 milljónir
Hámark: 2.200 milljónir

Launabak hvers liðs á ári

6,8 milljarðar
Lúxusskattur leggst á lið ef þau greiða meira en 8,2 milljarða í laun á ári.

Heildarárstekjur liðanna 30 í NBA-deildinni

Um 460 milljarðar

LYKILMENNIRNIR Í DEILUNNI



Derek Fisher

Forseti leikmannasamtakanna er bakvörðurinn Derek Fisher. Hann er einn reyndasti maðurinn í bransanum, en hann kom inn í deildina árið 1996 og hefur unnið fimm meistaratitla með stórlíði LA Lakers. Fisher hefur lagt mikla áherslu á samstöðu leikmanna og hefur fengið stórstjórnur eins og Kevin Garnett og LeBron James með sér í lið til að berjja mönnum kjark í brjóst.



David Stern

Frankvæmdastjóri NBA-deildarinnar og því fulltrúi eigenda liðanna er David Stern. Hann hefur verið gríðarlega farsæll í starfi síðustu 27 árin, en hann er líka annálaður fyrir að vera harður í horn að taka og er því einnig mjög umdeildur. Hann er 69 ára gamall og hefur látið hafa eftir sér að þetta verði hans síðustu samningar á ferlinum.



Hið margrómaða Jólahlaðborð Hótel Eldhesta

Pantanir á hið margrómaða jólahlaðborð Hótel Eldhesta á aðventunni eru hafnar - það fyrsta verður 25. nóvember.



Jólahlaðborð og gisting aðeins 9.900 kr. á mann!

Innifalið: Jólahlaðborð, gisting í 2ja manna herbergi í eina nótt, ásamt morgunverðarhlaðborði. Einnig er hægt að sleppa gistingunni, en þá er verðið 6.400 kr. á mann.

Pantanir móttekna hjá Fríðu í síma 4804800 eða með tölvupósti - info@eldhestar.is

Hótel Eldhestar er kjörinn staður til ráðstefnuhalds

- Friðsæll fundarstaður
- Hálf tíma akstur frá Reykjavík
- 26 rúmgóð herbergi
- Afþreying í næsta nágrenni

Nánari upplýsingar um Hótel Eldhesta má sjá á vefslóðinni www.hoteleldhestar.is

HÓTEL Eldhestar

Vellir • 810 Hveragerði • Sími 480 4800 • Fax: 480 4801
info@eldhestar.is • www.hoteleldhestar.is



KÓSÝ Í VETUR!

NÝ SENDING AF FALLEGRI SMÁVÖRU FYRIR HEIMILIÐ



2.490

fullt verð 2.990

SPIZY púði. Margar gerðir og litir.

3.990

fullt verð 4.490

SPIZY Uglupúði.



GOTT VERÐ!
2.900

ANNE Borðlampi.
Svartur, hvítur, grænn eða rauður.



GOTT VERÐ!
90 X 210 cm boxdýna með yfirdýnu og fótum

89.970

ÁÐUR: 147.970

NÚNA
58.000
KR. AFSLÁTTUR

NOCTURNE®


NOCTURNE 322 Millistíf dýna. Þrjúnað áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 273 svæðaskipta poka-gorma á m². Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m². Hægt er að velja yfirdýnu með 40 mm latex- eða celsiusheilsuvampi með hita- og þrýstijöfnun. Yfirdýnumar eru klæddar Coolmax® áklæði, sem hleypir raka frá líkamanum og heldur líkamanum þurrum yfir nóttina.



6.990

fullt verð 7.990

SPIZY teppi. Svart eða grænt.



GOTT VERÐ!
490

SPIZY Diskamottur, margar gerðir.



NÚNA
20.000
KR. AFSLÁTTUR

79.990
FULLT VERÐ: 99.990

LAZBOY®

ASPEN La-z-boy stóll. Brúnt eða natur áklæði. B:80 D:85 H:100 cm.



89.990
FULLT VERÐ: 109.990

LAZBOY®

RIALTO La-z-boy stóll. Brúnt, svart eða natur áklæði. B:80 D:90 H:100 cm.



NÚNA
20.000
KR. AFSLÁTTUR

139.990
FULLT VERÐ: 159.990

LAZBOY®

RIALTO La-z-boy stóll. Svart eða hvítt leður. B:80 D:90 H:100 cm.



GOTT VERÐ!
6.980

ANNE Gólf lampi.
Svartur, hvítur, grænn eða rauður.

Einar Áskell er strákurinn minn

Heilmikil tíðindi eru fólgin í útgáfu nýjustu bókarinnar um **Einar Áskel**, litla strákinn sem stór hluti Íslendinga hefur tekið ástfóstri við í gegnum tíðina, en í henni er minnst á móður drengsins í fyrsta sinn. **Kjartan Guðmundsson** spjallaði við **Sigrúnu Árnadóttur**, þýðanda bókanna, um nýstárlegt fjölskyldumynstrið, boðskapinn og persónuna sem hitti hana strax í hjartastað.



Oft í tímans rás, þegar ég hef spjallað við krakka, hef ég sagst vera amma Einar Áskels.

É g gerði mér svo sem aldrei neinar sérstakar hugmyndir um mömmu hans Einar Áskels heldur sneri mér bara forvitin að næstu bók. En það má vissulega segja að þetta séu stórtíðindi,“ segir Sigrún Árnadóttir þýðandi um þær vendingar sem eiga sér stað í barnabókinni Einar Áskell og allsnægtapokinn sem kom út fyrir skömmu. Bókin er sú 25. í röðinni um þennan góðkuningja fjölda Íslendinga, en stærstu tíðindin felast hugsanlega í því að í henni er í fyrsta sinn minnst á móður Einar Áskels. Eins og lesendur þekkja hefur söguhetjan hingað til búið ein með föður sínum en mamman kemur við sögu í nýjustu bókinni, þótt í mýflugumynd sé, sem gamall og indæll draumur sem gleður þabba Einar Áskels.

Tók strax ástfóstri við Einar

Sigrún hefur þýtt allar bækurnar um Einar Áskel yfir á íslensku frá því að sú fyrsta, Góða nótt Einar Áskell, var gefin út hér á landi árið 1980, en sú bók hafði komið út í Svíþjóð átta árum fyrr.

Þýðandinn man vel hvernig það kom til að hún hóf að þýða bækurnar fyrir rúnum þremur áratugum. „Þorleifur Hauksson hjá Máli og menningu var kunnugur bókaútgáfu í Svíþjóð og vildi gefa þessa bók eftir Gunillu Bergström af því að hún hafði mælst vel fyrir þar í landi. Af einhverjum ástæðum var ég beðin um að þýða bókina og því fylgdi að finna söguhetjunnar gott, íslenskt nafn. Það tókst þannig til að Einar Áskell varð fljótlega að þessari merkispersónu í íslenskum barnaheimi,“ segir Sigrún og bætir við að hún hafi strax tekið ástfóstri við feðgana í sögunni. „Gunilla Bergström myndskreytir bækurnar sjálf og henni tókst að skapa ótrúlega skemmtilegar persónur. Þennan litla og skrítna strák í rifinni peysu og örfá hástrá upp úr höfðinu og luralegan þabbann sem reykir pípu. Þessar persónur eru dásamlegar og þótt ég ætti oft annríkt tímindi ég aldrei að láta þær frá mér. Einar Áskell hitti mig beint í hjartastað.“

Sá sjálfa mig í ömmunni

Hún segir fjölskyldumynstur Einar Áskels einnig hafa heillað sig og marga lesendur á sínum tíma. „Þetta var mjög nýstárlegt, bara þabbinn með strákinn og aldrei var mamman nefnd á nafn. Fólkí fannst þetta skemmtilegt og ég er ekki frá því að þetta hafi vakið



ÞÝÐANDI Sigrún Árnadóttir hefur þýtt bækurnar um Einar Áskel frá árinu 1980.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

einhverja til umhugsunar. Kannski boðaði þetta nýja tíma. Síðar kom amman inn í myndina, sem mér þótti afar skemmtileg og sá sjálfa mig í. Hún gerði við rifnu fötin af barnabarninu sínu og lýsti ávallt þeirri skoðun sinni að Einar Áskell gerði aldrei neitt ljótt af sér, eins og ömmur trúá alltaf,“ segir Sigrún, en hún á sjálf níu barnabörn sem hún segir öll hafa lesið bækurnar um Einar Áskel upp til agna og heimtað meira. „Oft í tímans rás, þegar ég hef spjallað við krakka, hef ég sagst vera amma Einar Áskels. Nú er ég komin á þann aldur að ég ætti eiginlega að fara að kynna mig sem langömmu hans,“ segir Sigrún og hlær.

Aðspurð segir hún sér vissulega líða eins og hún eigi heilmikið í Einari Áskeli. „Hann er strákurinn minn. Ekki sist vegna þess að ég gaf honum nafn.“

Ýmiss konar boðskapur

Eftir að hafa þýtt 25 bækur um Einar Áskel, sem lesnar hafa verið af stórum hluta landsmanna, liggur beint við að spyrja Sigrúnu hvort hún sjálf hafi merkt einhverjar breytingar á Einari Áskeli í gegnum tíðina.

„Nei, ekki ýkja miklar á sjálfri persónunni,“ útskýrir hún. „En þó má segja að í nýlegustu bókunum taki Bergström upp talsvert víðara sjónarhorn. Í bókinni Einar Áskell og stríðspabbinn kynnist hann fjölskyldu af framandi uppruna, verður heimagangur hjá henni og sér frábrugðna innanstokksmuni, matarvenjur og slíkt. En Einar Áskell er kominn á þann aldur að hann er farinn að sjá alls kyns myndir þar sem stríðsátök og vopn koma við sögu, og verður verulega spennur fyrir að heyra stríðspabbann segja sögur úr stríðinu. Stríðspabbinn er fjarskalega tregur til,

en fellst þó á endanum á að segja Einari Áskeli og syni sínum eina stríðssögu, sem reynist vera alveg dásamleg lítil dæmisaga. Í sögunni leita stríðspabbinn og félagar hans sér skjóls undan árásum í hrundu húsi. Þar sem hann liggur flatur á gólfinu virðir stríðspabbinn fyrir sér maur sem bjástrar með þunga byrði heim í búið sitt. Á miðri leið skellur á skothrjú og maurinn stansar, en um leið og árásinni léttir heldur hann sínu striki með sína þunga byrði. Svo dregur stríðspabbinn þessa dæmisögu yfir á annað svið, þegar nokkrir krakkar hafa brotið niður fótboltamark sem hann hafði hjálpað strákunum að setja upp úti á velli. Strákarnir verða geysilega vonsviknir, en stríðspabbinn minnir þá á sama lærdóm, að ekkert sé annað að gera en að reyna aftur, halda sínu striki og hann skuli hjálpa þeim með það. Það leynist ýmiss konar boðskapur í þessum bókum ef vel er gáð,“ segir Sigrún og bætir við að hún hafi mjög gaman af því þegar foreldrar, sem sjálfir ólust upp við Einar Áskel, lesa bækurnar fyrir börnin sín. „Foreldrarnir lesa af innlifun því þau hrifust sjálf af þessum sögum.“

Dáist að Gunillu Bergström

Sjálf hefur Sigrún aðeins einu sinni hitt höfund bókanna, Gunillu Bergström, þegar sú síðarnefnda heimsótti Bókmenntahátíð í Reykjavík árið 1992.

„Ég hitti hana í skamma stund, sem var gaman, en spjallaði ósköp lítið við hana. Gunilla er þó greinilega myndin og hæfileikarík manneskja. Hún er auðvitað orðin öldruð, þótt hún sé ekki eins gömul og ég, og ég dáist að henni fyrir að vera enn að skrifa nýjar bækur. Vonandi heldur hún því áfram sem lengst,“ segir Sigrún.

■ HVAD VARÐ SVO UM EINAR ÁSKEL?

Ýmsir hafa velt fyrir sér afdrifum Einar Áskels á unglings- og fullorðinsárum í gegnum tíðina, en sem kunnugt er hefur söguhetjan lítið sem ekkert elst á þeim tæpu þrjátíu árum sem Gunilla Bergström hefur fjallað um hana.

Til að mynda gaf norskri rithöfundurinn Johan Harstad út skáldsöguna Hæsselby árið 2007, þar sem umfjöllunarefnið er tédur Einar Áskell, en nú orðinn rúmlega fertugur og býr í úthverfi Stokkhólms sem samnefnt er bókinni, ásamt þabba sínum sem fyrr. Eftir dauða þabba í bílslysi verður Einar Áskell loks að standa á eigin fótum og endurmetur líf sitt í kjölfarið. Stór hluti sögunnar byggist á endurliti til niunda áratugarins þegar Einar, sem unglingur, fer í ferðalag um Evrópu ásamt vini sínum. Hlutir sem tengjast dægurmenningu þess tíma, á borð við Stjórnustríðsmyndirnar og poppljómsveitina Police, ber á góma auk þess sem Einar Áskell kynnist ástinni í fyrsta sinn.

Þá vakti einnig athygli árið 2002 þegar nokkrir dagskrárgerðarmenn sænska ríkisútvarpsins útvörpuðu þáttum þar sem teiknimyndastrákurinn var orðinn að melludógi og eiturflyfjasala. Þetta gerðu þeir með því að klippa saman brot úr leikriti um Einar Áskel og dönsku myndinni Pusher, sem fjallar um ofbeldi og eiturflyf. Gunilla Bergström var allt annað en ánægð með uppátækið og kærði dagskrárgerðarmennina fyrir brot á höfundarrétti, en tapaði málinu á öllum dómstigum.

Á svipuðum nótum var óþekktur höfundur sem hélt úti íslenskrum blogg síðu, einaraskell.blogg.is, fyrir fáum árum. Þar býr Einar Áskell, fjórtán ára, með taugabíluðum þabba sínum í Efra-Breiðholti og byrjar að reykja, drekka og stela peningum frá þabba sínum.



BORGARFERÐ

Vetrartilboð

Lúxus Stúdíóíbúð fyrir 2 ásamt 3ja rétta kvöldverði á Sjávargrillinu.

24.900 kr. nóttin

Einnig 2,3,4 og 5 svefnherbergja íbúðir. Tilvalið fyrir fjölskyldur og hópa.


Gjafakort í boði.

Hafið samband við móttöku fyrir frekari upplýsingar.

Lúxus hótélíbúðir á sama verði og hótélherbergi

Room With A View er staðsett í hjarta borgarinnar með iðandi menningarlíf, leikhús, veslun, veitingahús og næturlíf á næsta leiðu.

- Frítt þráðlaust net í öllum íbúðum
- Eldhús í öllum íbúðum
- Heitir pottar og gufubað
- Frí bílastæði



Einn af hverjum hundrað er sjálfboðaliði

Sjálfboðaliðar Rauða krossins

vinna óeigingjarnt hjálparstarf í þágu samfélagsins. Að vera sjálfboðaliði Rauða krossins er mjög gefandi og skemmtilegt og það er alltaf pláss fyrir gott fólk. Þú getur látið gott af þér leiða með því að:

- ✓ gerast sjálfboðaliði
- ✓ gerast félagi
- ✓ gerast MANNVINUR
- ✓ styrkja starfið með fjárstuðningi
- ✓ gefa föt



Meðal sjálfboðaliðaverkefna okkar eru:

Athvörf
Rauða krossins



Félagsvinir



Tombólubörn



Hjálparsími
Rauða krossins
1717



Fata-
söfnun
Rauða krossins



Heimsóknavinir



Frú Ragnheiður



Prjónahópar



Göngum
til góðs
landssöfnun



Neyðarvarnir



Skoðaðu nýja vefsíðu!
www.raudikrossinn.is



Stoltur styrktaraðili:
Arion banki



Rauði kross Íslands

Fimm hollráð handa foreldrum

Hugo Þórisson barnasálfræðingur tekur sjálfan sig á sálfræðinni í glímunni við krabbamein. Hann nýtur lífsins dag frá degi og kvíðir ekki framtíðinni. Nú eru Hollráð Hugos komin út á bók, sem er fengur fyrir foreldra sem hafa áhuga á að bæta samskiptin við börnin sín. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* heimsótti Hugo og fékk hjá honum nokkur ráð.

Líf Hugos Þórissonar sálfræðings hefur í 32 ár snúist um að vinna náð með foreldrum og börnum til að bæta samskipti þeirra. Þegar hann fékk þær fregnir í fyrrihaust að hann væri kominn með krabbamein fann hann knýjandi þörf fyrir að miðla af þessari reynslu. „Ég fór, svona eins og fólk gerir flest sem lendir í þessari stöðu, að fara í gegnum þetta líf mitt í huganum. Ég fann að ég var alsáttur. Ég er búinn að eiga svo góða ævi. Ég á yndislega fjölskyldu og hef unnið við það sem ég elska mest af öllu. Þetta bara gat ekki verið betra. En ég fann samt að það var eitt sem ég þurfti að gera. Ég hef litið á það sem mikið traust sem börn og foreldrar hafa sýnt mér. Ég hef lært mikið af því og þroskast mikið. Mig langaði að koma því áleiðis.“

Að miðla af reynslu sinni var það sem Hugo þurfti að gera og hann lét ekki veikindin með tilheyrandi lyfjameðferð draga úr sér. Hann hófst handa við að taka saman hollráð sín og nú, tæpu ári síðar, er bókinn hans, *Hollráð Hugos*, komin í verslanir. Væntanlegur er líka DVD-diskur sem Hugo hefur verið að vinna í samstarfi við Þorstein J. Hugo er ánægður með bókina. „Ég er mjög sáttur. Bókin er nákvæmlega eins og mig langaði að hafa hana. Þetta er enginn dórantur og hún er heldur ekki skrifuð á fagmáli. Ég vona að hún geti hjálpað fólki.“

Hugo er rólegur og yfirvegaður, hraustlegur að sjá og glaðlegur. Hann lítur ekki út fyrir að vera alvarlega veikur. „Ég var í góðu líkamlegu formi áður en ég veiktist og það hefur eflaust hjálpað mér. Svo er ég í pásu frá lyfjameðferð núna, þannig að ég er bara hress og mér líður frábærlega. Ég er búinn að eiga alveg yndislegt sumar og þó ég viti að það sé lyfjagjöf fram undan er ég ekkert að kvíða því. Ég nýt þess sem við höfum hér og nú.“

Svo virðist sem Hugo takist vel að taka sjálfan sig á sálfræðinni og hann samsinnir því með bros á vör. „Ég hef notið þess sem faðir og sem maki að hafa unnið sem sálfræðingur og vera alltaf að velta fyrir mér samskiptamálum. Mér finnst ég hafa þroskast mikið af því. Ég hef aðstoðað aðra við að lifa fyrir núnið, í að geta slakað á og að stjórna hugsunum sínum til að hafa áhrif á tilfinningar sínar. Þetta finnst mér bara ganga mjög vel hjá sjálfum mér núna.“

Hér á eftir fara nokkur ráð sem Hugo hvetur foreldra til að hafa í huga.

Hlustaðu!

1 Undirtitill *Hollráða Hugos* er „hlustum á börnin okkar“ og er það gegnumgangandi stef í bókinni að foreldrar þurfi að leggja betur við hlustir í uppeldinu. „Ef ég mætti bara gefa foreldrum eitt ráð þá væri það að hlusta meira. Það er svo oft sem foreldrar segja: „Komdu, við þurfum að tala við þig.“ Þá rennur börnum, og hvað þá unglingum, kalt vatn milli skinns og hörunds. Sjá fyrir sér klukkutíma sem endar með því að þau segja: „Ertu búinn? Má ég fara núna?“. Samtalið verður ekkert samtal, heldur eintal. Ég hef unnið með börnum og unglingum í 32 ár. Megingagnrýni þeirra á foreldra sína er: „Það hlustar enginn á mig!“ Börn vita yfirleitt að það er fullorðna fólk sem á að ráða, en þau vilja samt fá að vera með. Þess vegna ættu foreldrar að temja sér að segja heldur: „Komdu hérna, ég þarf að hlusta á þig.“

Sýndu samhygð og áhuga

2 Hugo segir að foreldrar ættu að gefa sér tíma til að kyssa á bágt barna sinna og sýna þeim hluttekningu, jafnvel eftir smæstu slyss og óhöpp. „Með því að sýna börnum samhygð kennum við þeim að þau geti alltaf komið til okkar þegar þeim líður illa. Við viljum að börn geti sagt okkur frá því ef það er eitthvað í umhverfi þeirra sem þau ráða ekki við. Til þess þarf traust. Það traust byggist ekki upp ef við hlustum ekki á þegar börnin koma með litlu sárin sín. Langflest börn, sem ég hef hitt og hafa orðið fyrir einelti en ekki sagt frá, reyndu langflest að segja frá einu sinni. Þeim var kannski ekki vel tekið á þeim tímapunkti og þá reyndu þau ekki aftur. Börn leita til þeirra með vandamál sín sem þau geta helst treyst til að hlusta á sig. Ef þeim finnst enginn hlusta lesa þau þannig í aðstæðurnar að þau skuli bara eiga vandamálið við sjálf sig.“

Líttu svo á að eiginleikar barna séu styrkleikar þeirra en ekki veikleikar

3 „Mér finnst svo leiðinlegt að sjá börn upplifa að það sé rangt að vera eins og þau eru,“ segir Hugo. „Sumir eru opnir, aðrir lokaðir, sumir virkir og aðrir rólegir. Börn fá of oft þau skilaboð að það sé ekki í lagi að vera eins og þau eru. Foreldrar barna sem eru viðkvæm og næm tilfinningalega líta oft á það sem sitt hlutverk að herða þau. Kasta þeim út í laugina og vita hvort þau geti ekki bjargað sér á sundtökunum. En við þurfum á næmu, viðkvæmu og tilfinningaríku fólki að halda líka. Þetta eru því röng skilaboð.“

Að sama skapi er Hugo ósáttur við að heyra sagt við skapmikil börn að þau eigi að hætta að reidast. „Þetta eru ekki góð skilaboð. Það er ágætt að hafa skap, það kemur fólki í ótrúlegustu áttir. Það sem mér finnst miklu mikilvægara er að kenna börnum hvernig þau eigi að bregðast við þegar þau reidast. Kenna þeim að þau hafi ekki leyfi til að láta reidi sína bitna á öðrum og þurfi að koma henni í einhvern farveg sem vinnur með þeim.“



Í **STOFUNNI HEIMA** Hugo hefur aðstoðað aðra við að lifa fyrir núnið, slaka á og stjórna hugsunum sínum til að hafa áhrif á tilfinningar sínar. Þetta segir hann koma sér vel nú þegar hann þarf sjálfur að takast á við veikindi. Hann kvíðir ekki lyfjagjöf sem fram undan er vegna krabbameins, heldur nýtur þess sem hann hefur hér og nú.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvíldu skammmarkrókinn, fýlustólinn og aðferðina 1, 2, 3

4 „Ég kalla þetta „farðu inn í herbergið þitt og komdu fram aftur þegar þú ert orðinn góður“ aðferðirnar, og ég er ekki hrifinn af þeim. Börn hafa sagt við mig beint: „Pabbi og mamma vildu bara eiga mig þegar mér leið vel. Ef mér leið illa vildu þau ekki sjá mig.“ Börn sjá ekki alltaf það sem þau gera. Þau vita bara að þegar þeim líður illa gera þau alls konar hluti: Kasta, brjóta, stappa niður fótunum. Samhengið sem þau sjá er að þegar þeim líður illa eru þau rekin í burtu eða refsað á annan hátt. Þegar börn sitja á stólnum eða inni í herbergi geta foreldrar verið vissir um að þau eru ekki að hugsa sinn gang. Þessi aðferð snýst um niðurbrot á sjálfsmýnd barna.“

Með þessu móti sé verið að kenna börnum að tekist sé á við ágreining með því að sá sem valdið hafi sigri. „Og það er sá sem er feitari, frekari og fæddist fyrst sem sigrar. Þegar börn svo lenda í átökum sjálf fara þau að beita aðferðum sem byggja á valdi. Vilja foreldrar að börnin þeirra læri að leysa

á sanngjarnan hátt úr ágreiningi? Þá hljóta þeir að þurfa að leysa þannig sjálfir úr ágreiningi við barnið. Börn læra þau sem fyrir þeim er haft.“

Breyttu einhverju hjá sjálfum þér ef illa gengur með uppeldið

5 Oft heyrir Hugo foreldra segja: „Ég held ég sé búin að nefna þetta þúsund sinnum við barnið“ en aldrei breytti það hegðuninni. Það kemur honum lítið á óvart. „Ef maður gerir alltaf það sama fær maður sömu viðbrögð. Ef maður vill önnur viðbrögð þarf maður að breyta einhverju sjálfur. Ég las einhvers staðar að Einstein hafi sagt: „Insanity is doing the same thing over and over again and expecting different results.“ Það er mikill sannleikur í þessu. Þess vegna bið ég foreldra að prófa að breyta einhverju í eigin hegðun. eru þeir til dæmis „farðu“ eða „komdu“ foreldrar? Segja þeir alltaf „farðu að bursta, farðu að læra, farðu og ég kem svo... farðu!“ Þeir ættu að prófa að segja frekar „komdu“. Komdu að bursta! Það er ótrúlegt hvað svona lítil hlutur getur breytt miklu.“

JÓLAHLAÐBORÐ

LAUGARDAGUR 22. OKTÓBER 2011

Kynningarblað Gleði, veisla, kalkúnn, drykkir, hangikjöt, fjölskyldur, vinnustaðir.

Sælkeraveisla norðan heiða

Hótel Akureyri er huggulegt hótél sem var opnað með viðhöfn í hjarta Akureyrar í sumar. Dýrindis jólahlaðborð verður í boði í fyrsta sinn á hótelinu í nóvember þar sem matreiðslumenn galdra fram hvern sælkeraréttinn á fætur öðrum.

Aflslappað andrúmsloft og ilmur af kræsingum og kruðeríi bíða þeirra sem leggja leið sína á Icelandair Hótel-ið við Þingvallastræti á Akureyri. Hótel-ið var opnað með viðhöfn í sumar og býður í fyrsta sinn upp á glæsilegt jólahlaðborð nú í nóvember.

„Við ætlum að fara nýja leið, brjóta upp hefðina í kringum dæmigerð jólahlaðborð með því að bjóða að hluta til í sitjandi veislu og sneiða þannig hjá löngum biðröðum. Gestirnir geta setið áhyggjulausir og notið matarins í mestu makindum. Eiginlega má frekar kalla þetta jólaborð en hlaðborð,“ segir hótélstjórinn Sigrún Björk Jakobsdóttir og eftirlætur Hallgrími M. Jónassyni matreiðslumanni útlistun á matseðli.

„Ég get lofað að við munum dekra við bragðlaukana, matseðillinn er margrétta og byggir á fersku og góðu hráefni,“ segir hann og lýsir fyrirkomulaginu.

„Tvær gerðir síldar bíða gesta í fallega innréttuðum matsal sem tekur allt að 90 manns og að þeim loknum berum við á borð hvern forréttinn á fætur öðrum; grafið folald með rauðlauk og beikoni, rauðkarrýmaríneraðan nautahrygg með rommrúsínu dressingu, villigæsapaté með rauðrófusultu, taðreykta nautatungu, einiberjagrafinn lax með hunangs dillsósu, skelfisksalat með engifer og soja og humarsúpu. Réttirnir verða bornir beint á borðin og þannig spörum við gestum ekki aðeins sporin heldur fá þeir greinargóða lýsingu á réttunum og hvernig best sé að raða þeim saman.“

Aðalréttirnir verða aftur á móti framreiddir með hefðbundnu sniði þar sem gestir sækja matinn sjálfir. Í boði verða fimm réttir, þrjú heitir og tveir kaldir. „Annars vegar léttsaltaður hamborgarahryggur, mangóglaseruð kalkúnabringa og hreindýrabollur í ostasósu. Hins vegar köld og niðurbrytjuð ítölsk hráskinka og hangikjöt með tilheyrandi meðlæti. Að ógleymdu eplasalati, ávaxtasalati, fersku rauðkáli og heimabökuðu flatbrauði og rúgbrauði.“

Að sögn Hallgríms er rúsínan í pylsuendanum gott og fjölbreytt úrval eftirrétta. „Marsipanrúlla með heimalöguðum ís, hnetukaka, ris à l'amande og smákökur, sem verður hægt að fá beint á borð eða upp á loft í notalega setustofu.“

Sigrún segir þetta frjálsræði hluta af því hlýlega og afslappaða andrúmslofti sem ein-kenni hótelið. „Þeir sem vilja geta fengið sér fordrykk eða eftirrét í setustofunni þar sem hægt er að



Sigrún Björk Jakobsdóttir hótélstjóri og Hallgrímur M. Jónasson taka vel á móti gestum á Icelandair Hótel-i á Akureyri. Jólahlaðborð hótelsins hefst 18. nóvember og verður allar helgar fram til 17. desember.

Matseðill Icelandair Hótel á Akureyri

Forréttir Tvær gerðir síldar, grafið folald með rauðlauk og beikoni, rauðkarrýmaríneraður nautahryggur með rommrúsínu-dressingu, villigæsapaté með rauðrófusultu, taðreykt nautatunga, einiberjagrafinn lax með hunangs-dillsósu, skelfisksalat með engifer og soja og humarsúpa.

Aðalréttir Léttsaltaður hamborgarahryggur, mangóglaseruð kalkúnabringa, hreindýrabollur í ostasósu, ítölsk hráskinka og hangikjöt.

Eftirrétir Marsipanrúlla með heimalöguðum ís, hnetukaka, ris à l'amande og smákökur.

ylja sér við eldinn í arninum eða við opin eldstæði úti í garði en þá þarf bara að muna að hafa meðferðis hlýjan fatnað. Þar eru fyrir notaleg garðhúsgögn sem hægt er

ad tylla sér í og gamaldags fallegur sleði úr birki og lerki úr Kjarnaskógi eftir listamanninn Georg Hollanders,“ segir hún og getur þess að á hótelinu sé að finna

verk eftir marga af fremstu listamönnum þjóðarinnar.

„Þannig leggst allt saman, ljúffengur matur, drykkur og fallegt og hlýlegt umhverfi þrýtt einstakri list og undir áhrifum Vetrar konungs, á eitt um gera dvöl gesta að ógleymanlegri stund,“ segir Sigrún.

Jólaborð Icelandair Hótel-sins hefst hinn 18. nóvember og verður allar helgar fram til 17. desember. Tilboð verða í boði fyrir hópa sem taka gistingu með jólahlaðborði. Borðapantanir eru teknar í síma 518 1000 en einnig er hægt að senda tölvupóst á akureyri@ice-hotels.is.



FJÖLSKYLDUSTUND Í STOFU 14

Stofa 14 er setustofa hótelsins en í þessu húsi var áður Háskólinn á Akureyri. Stofa 14 var stærsti fyrirlestrarsalurinn og í henni hafa fjölmargir stundað nám og tekið próf. „Við ákváðum að fyrsta sunnudag í aðventu, 4. desember, verði fjölskyldujólastund í Stofu 14,“ segir hótélstjórinn Sigrún Björk Jakobsdóttir. „Boðið verður upp á kakó og smákökur við arininn og jólasögur. Þetta verður tilvalin samverustund fyrir fjölskyldur í erli dagsins. Setustofan er mjög hlýleg og við arineld og kertaljós er gott að hlusta á góða jólasögu.“

EINSTAKT UMHVERFI

Útigarðurinn er mjög fallegur. Hann þrýðir stór skíðasleði úr lerki og birki eftir listamanninn Georg Hollanders, tilvalinn fyrir myndatökur. Í garðinum eru útihúsgögn með íslenskum gærum og eldaskálar sem ylja manni. Tilvalið er að hefja kvöldið á heitum fordrykk í garðinum. Í vetur verður boðið upp á „Aprés Ski“-stemningu í garðinum eftir góðan dag í Hlíðarfjalli.



TILBOÐ Á GISTINGU Á HÓTELINU Á AÐVENTUNNI

Gisting, morgunverður og jólahlaðborð 13.100 krónur á mann í tveggja manna herbergi á nótt. Aukanótt 5.000 krónur á mann.

Eins manns herbergi, morgunverður og jólahlaðborð 15.900 á nótt. Aukanótt 8.000 krónur á mann. Allir gestir á hótelinu sem gista frá 11.-24. desember fá í skóinn eins og vera ber.

LJÚFIR TÓNAR

Lifandi tónlist með tónlistarmönnum af svæðinu verður á jólaboðskvöldunum á ljúfum nótum.



Svavar Helgason og Jón Tryggvi Jónsson eru nýir húsbændur á Lækjarbrekku sem fagnar 30 ára afmæli um þessar mundir. MYND/GVA



Það er stutt fyrir jólasveininn að skreppa í Skíðaskálanum ofan úr fjöllum til að dansa við börnin í kringum jólatréð.

Dansað við sveinka í jólaævintýri

Jólin verða hvergi rómantískari en í **Skíðaskálanum í Hveradölum** og litlu, jólalegu **Lækjarbrekku** sem á adventunni breytast í dásamleg jólalönd með kertaljósum, greniangan og norrænu hlaðborði dýrindis jólakrása. Það ráða ríkjum sömu húsbændur sem taka gestum fagnandi með jólasveinum, matarveislum, jólaglöggi og töfrandi anda jólanna.

Skíðaskálinn er paradís jólabarnsins, þar sem tindrandi jólasnjór skreytir náttúruna undir stjörnuþrýddum himni. Inni fyrir snarkar í arni undir ómi jólalaga og fótataks jólasveins sem nælir sér í hangikjöt á ómótstæðilegu hlaðborði við kátínu allra sem varðveita jólabarnið í sjálfum sér,“ segja þeir Jón Tryggvi Jónsson og Svavar Helgason, veitingamenn í Skíðaskálanum í Hveradölum og veitingahúsinu Lækjarbrekku

í Bankastræti, en þeir félagar keyptu Lækjarbrekku í sumar og hafa síðan fært þá þjóðargersemi í hæstu hæðir.

„Lækjarbrekka stendur á þrítugu og er með rótgrónustu veitingahúsum landsins sem velflestir Íslendingar tengja góðar minningar við. Yfir pottunum hefur áherslan frá upphafi verið þjóðlegir réttir og íslenskt hráefni, og í öllum þessum ári ekki tekið í mál að taka út suma upprunalegu réttina, eins og Fjall og

flóa, sem er matreiðsla á lambi og humri saman,“ upplýsa þeir Jón Tryggvi og Svavar, sem á Lækjarbrekku hafa nostrað við eitt mesta dálæti landa sinna og gert heimsókn þangað að enn meiri upplifun en nokkru sinni.

Jólahaðborð Skíðaskálans verður opnað 26. nóvember og Lækjarbrekku fimmtudaginn 17. nóvember. Ópið verður alla daga vikunnar á Lækjarbrekku en um helgar í Skíðaskálanum.

„Sunnudagar í Skíðaskálanum eru fjölskyldudagar,“ segja Jón Tryggvi og Svavar. „Þá gerast jólaævintýri sem börnunum gleymist seint eða aldrei, enda koma sömu fjölskyldurnar ár eftir ár. Vart er hægt að komast í meira jólasveinir en í Skíðaskálanum því húsið sjálft er eins og heimili jólasveinsins, tær jóladraumur í yndislegri náttúru í aðeins tuttugu mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.“

Þess má geta að í Skíðaskálanum og í Kornhlöðu og Litlu-Brekku á Lækjarbrekku er til staðar afbragðs ráðstefnuaðstaða fyrir allt frá 20 upp í 300 manns. Þá er Skíðaskálinn einkar vinsæll til brúðkaupsveislna og annarra fagurra tilefna, enda umlukinn heillandi umhverfi og spennandi gönguleiðum.

Til að fá vatn í munninn og láta sig hlakka til má lesa um freistandi krásir jólahlaðborðanna á www.lækjarbrekka.is og skidaskalinn.is.

Má bjóða þér veislu?



Jólahaðborð

Árshátíðir
Þorramatur
Brúðkaup
Smáréttir
Fermingar
Veislusalir

Jóla-, smárétta- eða sælkerahlaðborð?

Á sælkerahlaðborðinu má finna einiberjagrafinn sebravöðva með týtuberjum og rósmarínolíu, innbakað grágæsapaté með skógarberjasósu, hráskafið sauðahangikjöt með melónusalsa í glasi og margt fleira sem gælir við bragðlaukana.

Sendu okkur póst á lystauki@lystauki.is eða hafðu samband í síma 571 5777. Við gerum okkar besta til að uppfylla óskir þínar.

Lystauki
veislupjónusta

Búðakór 1, 203 Kópavogi, Sími 571 5777, lystauki@lystauki.is, lystauki.is



Jólasvall hefur verið iðkað á öllum öldum.

MYND/SAGA JÓLANNNA

Jólagleði til forna

Dansaði nú allur selskapurinn í Þingeyrarstofu á hverju kvöldi fram á miðjar nætur, frá þriðja í jólum til nýárs inclusive, með gleði og gjálífi miklu. Þar til var og boðið þeim helstu verðslegu mönnum í héraðinu, jafnvel kvenfólki.

...Þessi leikur skal vera framinn með glenski og gamni af kallmönnum og kvenfólki til samans, með mörgum snúningum allt um kring, með stappi aftur á bak og áfram, með hoppi upp og niður, með hlaupum til og frá... Þegar suma svimar svo þeir tumba um koll, þá verða ýmsir undir... Brennivín er þá við höndina að hressa hinn gamla Adam, svo hann þreytist hvorki né uppgefist, fyrr en mælir syndanna er upp fylltur.

Fásögn af jólagleði á Þingeyrum um miðja 18. öld, eftir sr. Þorstein Pétursson á Staðarbakka í Miðfirði.

Heimild/Saga jólanna eftir Árna Björnsson þjóðháttafræðing

STRENGURINN VÍKKAÐUR

Krásum hlaðin veisluborð jólahlaðborðanna freista. Úrval rétta er mikið og flestir reyna að smakka á öllu enda eru jólahlaðborð síst ætluð þeim sem eru í aðhaldi. Góð hugmynd er að mæta í fremur þægilegum fötum á jólahlaðborð, í það minnsta buxum eða pílsum með sveigjanlegum streng eða beltum sem hægt er að víkka um eitt eða tvö gót.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000. Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411. Aðrygðarmaður: Jón Laufdal.



Boðið verður upp á lifandi tónlist í anda amerísku snillinganna Frank Sinatra, Bing Crosby, Dolly Parton og fleiri en það eru Ólöf Jara & félagar sem munu syngja ljúfa jólatóna fyrir gesti.

Hóparnir eiga heima hjá okkur

Veitingastaðurinn Nítjándi í Veisluturninum á Smáratorgi hefur fyrir allnokkru hafið jólaundirbúninginn. Margir hafa nú þegar pantað borð á sívinsælu jólahlaðborði staðarins en í ár verður boðið upp á New York-jólastemningu. Þórey Ólafsdóttir, sölu- og markaðsstjóri, veit allt um það.

Já, það hefur verið nóg að gera hjá okkur að undirbúa jólahátíðina og komu gesta okkar. Það yljur okkur alltaf um hjarta-rætur að sjá sömu fjölskyldurnar, vinahópana og vinnustaðina koma hingað ár eftir ár,“ segir Þórey Ólafsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Veisluturnsins / Nítjándi veitingastaðar. Hún segir veitingastaðinn sérlega vel búinn til að taka á móti hópum af öllum stærðum enda vítt til veggja á báðum hæðum, gott aðgengi að húsinu og næg bílastæði. „Nú, síðan er það okkar frábæra starfsfólk, kokkararnir í eldhúsinu, sem galdra fram þessi óviðjafnanlegu hlaðborð hvert á eftir öðru og þjónarnir í salnum taka á móti hverjum gesti eins og gömlum vini,“ segir hún og bætir við glettin: „Sem hann kannski er þar sem fólk kemur jú alltaf til okkar aftur og aftur.“

Jóla ljósín skína skært

Það má til sanns vegar færa að það finnst fáir staðir á Íslandi með jafn jólalegt útsýni og Veisluturninn / Nítjándi veitingastaður sem staðsettur er á tveimur efstu hæðunum í Turninum við Smáratorg í Kópavogi. „Við njótum þess að vera með útsýni yfir allt höfuðborgarsvæðið. Þegar komið er

fram í nóvember og desember og myrkið er skolið á, þá fyrst njóta ljósín sín við hús og í gördum. Það er sannkölluð ljósasýning og þegar jóla skreytingarnar eru komnar upp hjá fólki eru fáir staðir sem boðið verður upp á að njóta þeirra,“ segir Þórey dreymin.

New York-stemning

Jólin í Turninum hefjast miðvikudaginn 16. nóvember og þá verður boðið upp á gómsætt jólahlaðborð öll miðvikudags- til sunnudagskvöld fram að jólum. Meðal þess sem boðið verður upp á á jólahlaðborðinu má nefna blóðbergsgrafinn lambavöðva með sætri valhnetudressingu, reykt hunangsskinka með trönuberjasultu, smjörsteikta kalkúnabringu með brasseruðum sætum kartöflum, léttreykt grísalæri á beini með sætum sinnepsgljáa og heilsteikt nauta Rib Eye með kryddaðri rauðvínssósu sem eflaust einhverjir kannast við, algjörlega ómótstæðilegt. Boðið verður upp á lifandi tónlist í anda amerísku snillinganna Frank Sinatra, Bing Crosby, Dolly Parton og fleiri en það eru Ólöf Jara & félagar sem munu syngja ljúfa jólatóna fyrir gesti.

Jól í hádeginu

„Jóla-brunch-inn okkar er alltaf jafn vinsæll og þá er það stórfjölskyldan sem kemur til að eiga saman hátíðlega samverustund og gæða sér á gómsættum veitingum,“ segir Þórey og bendir á að þá sé mikið mikið líf í húsinu. „Þá koma margir krakkar enda vita foreldrar af því að hingað kíkja jólasveinar í heimsókn á hverju ári sem kæta börn á öllum aldri. Disney-leikherbergið er líka á sínum stað en það hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá börnunum og þar erum við líka með tvær yndislegar stúlkur sem hafa auga með þeim meðan þau leika sér.“

Þórey segir um að gera að huga fljótlega að borðapöntunum. „Það er strax orðið vel mjög bókað og ég get því bara hvatt fólk til að setja sig í samband við okkur sem fyrst til að tryggja sér borð í tíma því það er svo magnað hvað þessi yndislegu jól eru alltaf komin áður en maður veit af,“ segir Þórey og hlær við.

Að lokum má nefna að einnig verður boðið upp á hefðbundið hádegisverðarhlaðborð með jólalegu ívafi allan desember en allar frekari upplýsingar má finna á www.veisluturninn.is eða í síma 575 7500.

MATSEÐILL JÓLAHLAÐBORÐS NÍTJÁNDA

Forréttir

Blóðbergsgrafinn lambavöðvi með sætri valhnetudressingu
Heimalöguð síldarsalöt, 4 tegundir
Reykt hunangsskinka með trönuberjasultu
Skelfisk-terrine með sinnepskreimi
Birkireykt bleikja með piparrótarkreimi
Hreindyra-terrine með blönduðum berjum og pekanhnetum
Tvíreykt hrefnufillet með rauðlaukssultu

Aðalréttir

Smjörsteikt kalkúnabringa með brasseruðum sætum kartöflum, kalkúnafyllingu og kastaníuhnetum
Heilsteikt nauta Rib Eye með kryddaðri rauðvínssósu
Léttreykt grísalæri á beini með sætum sinnepsgljáa og rauðrófusalatí með pekanhnetum og fetaosti
Svínapurusteik með kanilkrydduðu brúnkáli og rauðvínssósu
Hangikjöt með heimalöguðu rauðkáli, laufabrauði og uppstúf

Eftirréttir

Volg amerísk súkkulaðikaka með þeyttum rjóma og gljáðum berjum
Grenikryddað crème brûlée
Karamellu eplakaka með tonkabaunum og kanil
Mandarínu- og appelsínufrauð með hnetubakstri
Ris à l'amande með kirsuberjum



Ekta danskt jólahlaðborð

Kokkurinn veisluþjónusta rekur bæði **Brauðbæ** á Þórsstötu og **kaffihúsið Bryggjuna** í Sjóminjasafninu við Grandagarð. Boðið verður upp á hefðbundið danskt jólahlaðborð á báðum stöðum auk þess sem Kokkurinn sér um að færa jólin heim í hús.

Við verðum með jólahlaðborð bæði á Brauðbæ, fyrir einstaklinga og fjölskyldur, og á Bryggjunni á Grandagarði fyrir smærri og stærri hóp,“ segir Petra Dís Magnúsdóttir sem rekur veisluþjónustuna Kokkurinn ásamt manni sínum Snorra Birgi Snorrasyni. Undir því nafni reka þau einnig veitingastaðinn Brauðbæ á Hótel Óðinsvéum og kaffihúsið Bryggjuna í Víkinni Sjóminjasafni. „Á Bryggjunni eru nokkrir salir af ýmsum stærðum með sæti fyrir allt að 130 manns. Þar er yndislegt að vera enda óviðjafnanlegt útsýni yfir höfnina,“ segir Petra Dís.

Petra og Snorri reyna að halda í gamlar hefðir. „Við höfum rekið Brauðbæ í þrjú ár en upphaflega stofnaði Bjarni í Brauðbæ staðinn árið 1964. Hann var sá fyrsti til að halda jólahlaðborð á Íslandi árið 1980 og til að halda í hefðina höfum við boðið upp á klassískt danskt jólahlaðborð,“ segir Petra og telur upp nokkra af þeim réttum sem boðið verður upp á. „Við bjóðum upp á nokkrar tegundir af síld, grafinn lax með gini, lime og einiberjum, heita lifrarkæfu, svínapurusteik og jólaskinku svo eitt hvað sé nefnt,“ segir hún og nefnir einnig að þau leggi mikið upp úr notalegri stemningu. Kokkurinn er einnig í samstarfi við Hótel Óðinsvé og býður gestum upp á sérstakt tilboð í jólahlaðborð ásamt gistingu og morgunverði á



Petra Dís situr út við glugga við Bryggjuna en þaðan er óviðjafnanlegt útsýni og án efa mikil stemning að fara þar á jólahlaðborð. MYND/GVA

12.700 krónur miðað við tvo í herbergi. „Þetta er frábært tilboð sem gerir fólki kleift að kíkja í bæinn fyrir jólin og fara út að borða fyrir sanngjarnt verð eða fyrir fólk sem vill leyfa sér smá huggulegheit og fara á hótél eina helgi,“ segir Petra.

Kokkurinn býður einnig upp á að sjá um jólahlaðborð í heima-húsum. Matseðillinn er sá sami en lágmarksfjöldi er tíu manns. „Þetta er þægilegur kostur fyrir vinahópa, fyrirtæki eða fjölskyldur sem vilja borða heima hjá sér eða í vinnunni,“ segir Petra Dís og bætir

við að þessi kostur sé mjög vinsæll.

Jólahlaðborðin hefjast 19. nóvember. Opið er öll hádegi vikunnar á Brauðbæ en á kvöldin frá miðvikudegi til sunnudags. Ódýrara verður á miðvikudögum og sunnudögum en það eru einnig sérstakir fjölskyldudagar. Á Bryggjunni verður opið frá miðvikudegi til sunnudags en einungis fyrir hóp. „Við erum þegar byrjuð að taka við pöntunum og er staðurinn fljótur að fyllast,“ segir Petra og bendir á pöntunarsímann 511 6677.



JÓLABORÐ BRAUÐBÆJAR OG BRYGGJUNNAR HEFST 19. NÓVEMBER

Forréttir

Síld með karrý og eplum
Síld með brennivíni og rauðbeðusa
Síld í hunangi, balsamediki og tómat-compot
Grafinn lax með gini, lime og einiberjum
Heit leverpostej (lifrarkæfa) með beikoni og sveppum
Steikt rauðspretta með heimalög-uðu remúlaði og sitrónum

Aðalréttir

Svínapurusteik með epla- og sveskjumauki
Jólaskinka með karamelluðum ananas

Kryddbakaðar kalkúnabringur
Heimalagað rauðkál
Eplasalat með valhnetum
Kartöflugratín

Eftirréttir

Crème brûlée
Ris à l'amande
Gammeldags dansk æblekage



7.600 kr. fim.-lau.

4.900 kr. mið. og sun. 3.900 kr. í hádegini.

Jólahlaðborð í hádegini inniheldur færri rétti og tekur skemmir tíma.

Jólahlaðborð af öllum stærðum og gerðum

Hið margróaða og sívinsæla jólahlaðborð verður í **Súlnasal Hótel Sögu** alla föstudaga og laugardaga frá 18. nóvember fram til jóla.

Þetta er ekki bara jólahlaðborð á veitingastað heldur jólahlaðborð á skemmtistað,“ segir Birgir Guðmundsson, veitingastjóri Radisson Blu, spurður hvað einkenni jólahlaðborðin á Hótel Sögu umfram önnur. „Tekið er á móti gestum með lifandi jólatónum og Örn Árnason skemmtir eftir borðhald eins og honum er einum lagið og Jónas Þórir sér um að spila undir. Sigurður Hlökkversson sér svo um dansiball fram eftir nóttu. Það hefur verið einkennismerki okkar í mörg ár að við höfum boðið upp á jólahlaðborð sem einnig er söng- og grínskemmtun.“

Jólahlaðborðið í Súlnasalnum er þó ekki það eina sem gestum Hótel Sögu stendur til boða. Í Skrud verða jólahlaðborð bæði í hádegini og á kvöldin og fyrir þá sem vilja gera enn betur við sig í mat og drykk býður Grillið upp á sérstakan jólamatseðil þar sem hægt er að panta þrjú, fjóra eða sjö rétti eftir því sem lystin leyfir. „Síðast en ekki síst þá bryddum við upp á þeirri nýjung í ár að vera með jólahlaðborð fjölskyldunnar í Súlnasalnum síðustu helgina í nóvember og fyrstu helgina í desember í hádegini bæði laugardag og sunnudag. Þar verðum við með Örn Árnason sem gestgjafa og Solla stirða og Íþróttáalf-



Jólahlaðborð á Radisson Blu njóta mikilla vinsælda.

„Tekið er á móti gestum með lifandi jólatónum og Örn Árnason skemmtir eftir borðhald eins og honum er einum lagið“

urinn koma í heimsókn ásamt fleiri góðum gestum.“

Birgir segir engar sérstakar nýjungar verða í matargerðinni á jólahlaðborðunum í ár en þróunin hafi verið sú síðustu árin að matargerð-

in hafi aðlagð sig að þeim breytingum sem tímarnir krefjast. „Fólk hefur verið það ánægð með matinn hjá okkur að það er engin ástæða til að breyta breytinganna vegna,“ segir hann „Matreiðslumeistarinn er G. Kristinn Stefánsson bæði í veisludeild og Skrud en á Grillinu ræður Sigurður Helgason ríkjum.“

Þeim sem vilja vera út af fyrir sig stendur til boða að leigja einkasali sem taka allt frá fjörutíu manns og upp í hundrað fimmtíu og fá jólahlaðborðin þangað inn. Það ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á Hótel Sögu fyrir jólin.



Birgir Guðmundsson, veitingastjóri Radisson Blu.



Jólahátíð á Hilton

Jólin byrja á Hilton Reykjavík Nordica og VOX þann 19. nóvember.

Dýrindis jólahlaðborð í hátíðarsal Hilton öll föstudags- og laugardagskvöld frá 19. nóvember og fram til jóla. Listamennirnir **Jógvan Hansen** meistaralögur og **Pálmi Sigurhjártarson** píanósnillingur sjá um að töfra fram ósvikna jólastemningu með ljúfum tónum.

Á sama tíma bjóða meistarakokkarnir upp á stórglæsilegan jólamatseðil á VOX og ógleymanlega kvöldstund fyrir þá sem kjósa framúrskarandi þjónustu og umgjörð.

Hinn sívinsæli sunnudagsbróns og hádegishlaðborðið virka daga verða með sérstökum jólasvip frá 20. nóvember.



JÓLAGRAUTURINN GÓÐI

Orðið jólagrautur þýðir í munn íslendinga á 20. öld þykkur hrísgrjónamjólkurgrautur með rúsinum. Grautur af því tagi verður reyndar ekki algengur hér fyrr en upp úr aldamótum 1900 en áður hafði jólagrauturinn oftast verið úr bygggrjónum, mjólk og rúsinum. Hrísgjónagrauturinn er borinn fram með kanilsykri og rjóma eða mjólk, stundum saft eða saftsósu og víða er grautur af þessu tagi kallaður jólagrautur hvort sem hann er á borðum á jólum eða aðra daga. Sums staðar á Íslandi var jólagrauturinn hafður fyrir matinn á aðfangadagskvöld þegar líða tók á 20. öld en slíkt mun hafa verið algengast í Danmörku. Í Skandinavíu þar sem jólagrautur af þessu tagi er hefðbundinn réttur á jólum er grauturinn venjulega eftirrétur á aðfangadagskvöld.

HEIMILD: VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Möndlugrautur

Soðinn er venjulegur þykkur hrísgrjónagrautur. Grauturinn er kældur og saman við hann er blandað góðum slatta af þeyttum rjóma og ferskri vanillu. Ekki má gleyma möndlunni og sá sem fær hana á skilið að fá ofurlitla möndlugjöf. Gott er að bera fram heita berjasósu með grautnum.

LACTOCARE

Bætir meltinguna

Slæmt mataræði, streita, sjúkdómar, óhófleg kaffidrykkja, lyfjanotkun og fleira geta leitt til röskunar á meltingunni.

Með daglegri inntöku á Lactocare daily stuðlar þú að bættri þarmaflóru og jafnar ástand meltingarinnar.



Lactocare daily inniheldur sjö afbrigði mjólkursýrugerla. Hvert hylki inniheldur 7 milljarða lifandi gerla. Allir þjóna þeir ákveðnum tilgangi og gerlarnir vinna hver með öðrum að bættri þarmaflóru. Gerlarnir draga m.a. úr uppþembu og lofti í ristli og þörmum.

- *Lactobacillus acidophilus*
- *Lactobacillus plantarum*
- *Lactobacillus rhamnosus*
- *Bifidobacterium lactis*
- *Bifidobacterium longum*
- *Bifidobacterium breve*
- *Streptococcus thermophilus*

Ráðlagður skammtur er 1 hylki á dag. Hylkið má gleypa með glasi af vatni eða dreifa út á mat.

Inntaka á mjólkursýrugerlum kemur aldrei í stað hollrar fæðu

Innihald hylkisins er með tvöfaldri Duolac húðun sem tryggir virkni og geymsluþol.

Lactocare fæst í apótekum.

 **actavis**



SKREYTT MEÐ TRÖNUBERJUM

Trönuber eru tilvalin í borð- og jólaskreytingar, svo sem í kransa, með greniskreytingum eða einfaldlega með því að dreifa þeim yfir hátíðarhaðborð. Þau eru einnig tilvalin í matargerð en í Bandaríkjunum er rík hefð fyrir því að sjóða þau í sósu sem borin er fram með kalkúninum. Hana má einnig nota með villibráð, lambakjöti, sumum fiski og jafnvel út á ís.



SMJÖRDEIG

Spennandi bökur er hægt að fylla með alls kyns jólalegum fyllingum, sætum súkkulaðifyllingum og ósætum, svo sem með skinku, aspas og pylsum. Smjördeig getur verið einkar jólalegt að nota í slíkar bökur og þessi útfærsla er afar einföld og þægileg, þar sem deigið er skorið í litla ferninga og skinka og smá ostur settur ofan á.

RÚGBRAUÐ MEÐ SÍLDINNI

750 gr rúgmjöl
450 gr heilheiti
4 tsk. natron
2 tsk. salt
250 gr síróp (1 lítil dós)
1 ½ l súrmjól

Öllu hrært saman og skipt í fjórar mjólkurfurnur sem er svo lokað með heftara. Þetta er bakað í 8-9 klst. (yfir nótt) við 100°. Athugið að fernurnar verða að standa á neðstu rim í ofninum.





Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands, og Erlingur Gíslason leikari verða í gestaspjalli á Kjarvalsstöðum á morgun klukkan 16. Þau voru bæði á meðal stofnenda leikhópsins Grímu, sem var fyrsta tilrauna-leikhúsið á Íslandi.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

Íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur
eðlisfræði - þýska - franska - spænska - stafsetning o.fl.

Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendajónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233



Kanínuvesti
Verð frá 15.500,-

Laugavegur 55, sími 551-1040 • Opíð mán.-fös. kl. 11-18 • lau. kl. 10-16
Sendum í póströfu um allt land. Þjóðum upp á raðgreiðslur.
Það er aðeins ein alvöru hanskabúð og hún er á Laugaveginum við hliðina á Bónus.



Gæði & Glæsileiki

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum

www.gabor.is

Sérverslun með
Gabor

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opíð mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16



FJÖLVARP

Discovery CHANNEL

MYTHBUSTERS

Alla virka daga kl. 18.00

Discovery Channel er fánleg í FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆÐSLA FJÖLVARP TOPPUR FJÖLVARP LANDSBYGGÐ

Rússlandsfræðingurinn Gísli Magnússon breytist í Gímaldin þegar listagyðjan bankar upp á í lífi hans.

Þarf faðmlag eftir fæting

Ég var frekar andstyggilegt barn, ofstopafullur og erfiður, með hávaða og læti. Það stórlagaðist þegar ég fékk útrás í tónlistarsköpun, en fimmtán ára var ég kominn í hljómsveit með eigið frum-samið efni og farinn að dútla við smásöguskrif,“ segir Gísli sem kallar sig listamannsnafninu Gímaldin sem hann segir fyrirbæri sem sjái um hans listrænu þarfir svo hann geti lifað tvöföldu lífi.

Gísli er sonur eins mest metna tónlistar-manns þjóðarinnar og víst að líkindi eru heil-mikil á milli Gímaldins og Megasar.

„Ég ólst upp við þungarokk og fór ekki að hlusta á tónlist þabba af neinu viti fyrr en á unglingsaldri og það var góður skóli. Við aðhyll-umst svipaða tónlistarstefnu sem enginn annar en hann ástundaði og ég gat lært

af. Pabbi fékkst við nákvæmlega það sama og ég heyrði alltaf innra með mér, þessa blöndu af þjóðlegri tónlist og tungumáli sem er til hliðar við það sem á að heita venjuleg íslenska,“ segir Gísli sem varð snemma mjög áhugasamur um tungumál sem ekki þótti boðlegt og er utan við almenna málnotkun.

„Flestir láta kúga sig til að nota sama tungu-mál og allir hinir, og ákaflega litlaust þegar allir tala í sömu frösum og nota sömu orðin. Ég tók því snemma að mér að segja það sem enginn þorir að segja, eins og sannur krossferðarridd-ari.“

Gímaldin og félagar gáfu á dögnum út nýja plötu þar sem Gísli semur og yrkir öll lög og texta, en af lögum Megasar segir hann bálkinn (fjögurmílljóndollaraog nítúognúsenta) mann-úðarmálfræði vera í mestu dálæti.

FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dúnsængur á draumatilbóði



sendum frítt
úr vefverslun
www.lindesign.is

Stærð 140x200
100% hvítur andadúnn
790 grömm dúnfylling
270 þráða Pima bómull

Áður 33.490 kr
Nú 19.990 kr
aðeins 100 stk

Opíð laugardag 11 - 16

Lin
DESIGN

Lín Design | Laugavegi 176 | Sími 5332220 | www.lindesign.is



Karllakórinn Eldri Prestir er tuttugu ára um þessar mundir og mun hann af því tilefni efna til tónleika í Fríkirkjunni í Hafnarfirði í dag klukkan 17. Söngstjóri er Guðjón Halldór Óskarsson og píanóleikari Bjarni Jónatansson.

VETRARGLEÐI

Í MIÐBÆNUM

Dagana 21. og 22. október.

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM!

Í Tösku- og hanskabúðinni finnur þú mikið úrval af handtöskum, tölvu- og skjalatöskum, seðla- og leðurveskjum, ferðatöskum, leðurhönskum og vönduðum göngustöfum svo fátt eitt sé nefnt. Þú getur litið við í verslun okkar eða farið á slóðina www.th.is þar sem hægt er að skoða úrvalið og gera góð kaup!



Tösku og hanskabúðin • Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is



Ný plata Gímalðins og féлага, Þú ert ekki sá sem ég valdi, fæst í Smekkleysu. Útgáfutónleikar verða á næstu vikum.

Framhald af forsiðu

„Pabbi hefur frá fyrstu tíð verið hrifinn af tónlist minni og þegar ég var yngri fórum við í heilmikið ferli þar sem ég fékk hann til að gagnrýna textana mína og kenna mér að ritstýra þeim. Við erum svipaðir í raddböndunum sem heyrir vel á nýju plötunni. Þar liggur rödd mín dýpra en áður þegar ég söng flest í sópran, og hentar mér betur nú þegar röddin hefur elst og þroskast,“ segir Gísli sem á nýju plötunni fer ótroðnar slóðir.

„Á þessu sinni ákvað ég að láta eftir mér að fara alveg inn í hliðartungumál mitt, sem sumir kalla rödd hins geðveika. Í textunum segi ég umbúðalaust það sem þykir óviðeigandi, ómálefnalegt, barnalegt og banalt. Það er mikilvægt að leyfa sér að segja hluti sem koma upp í tónlist og láta ekki gagnrýnar raddir þeirra sem skapað hafa reglur um hvað má og má ekki segja stoppa sig í ritskoðun út frá einhverjum réttitunarstíl.“

Gísli hélt utan til Rússlands eftir prófgráðu í rússnesku við Háskóla Íslands. Í austri lauk hann námi

í pólitískri svæðafræði um landsvæði gömlu Sovétríkjanna eftir hrun þeirra. Þá hvarf hann frá meistaranámi í rússnesku eystra þegar íslenskt efnahagslíf fór á hausinn 2008.

„En mig dreymir um að fara aftur og klára gráðuna því það er gaman í Rússlandi. Ég heillaðist af landinu vegna stærðar þess og víðáttu, en líka vegna þess hve það er langt í burtu. Mér fannst ég kominn á útmörk veraldar svo langt, langt í austur. Það var því land og þjóð en ekki ástin sem dró mig þangað, en ég lokaði ekki á þann möguleika að ástin gæti leynst þar. Hjartað er hins vegar bara með sjálfum mér, það tilheyrir engu landi,“ segir Gísli alvarlegur og lítur upp úr rússneskum þýðingum, en annars starfar hann við leynileg verkefni hjá hinu opinbera.

„Tónlistin mun svo alltaf fylgja mér því hafi ég góðan texta er eins og hljómarnir breimi á mig. Ég vinn nú að sveitatónlist fyrir næstu plötu því eftir langvarandi hávaða roksins þarf maður aftur til baka, rétt eins og maður þarf gott faðmlag eftir fæting.“

thordis@frettabladid.is

Á FERÐINNI



Sölufulltrúar:

Jóna María

jmh@365.is 512 5473

Brynja Dan

brynjadan@365.is 512 5465

Snorri

snorris@365.is 512 5457

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

TILBOÐSDAGAR HJÁ PITSTOP

FJÖGUR VETRARDEKK ÁSAMT UMFELGUN MEÐ YFIR 25% AFSLÆTTI



STÆRÐ	TILBOÐSVERÐ	fullt verð
175/65 R14	45.900 kr.	fullt verð 61.400 kr.
185/65 R14	49.900 kr.	fullt verð 66.400 kr.
185/65 R15	51.900 kr.	fullt verð 70.200 kr.
195/65 R15	54.900 kr.	fullt verð 73.400 kr.
205/55 R16	63.900 kr.	fullt verð 83.000 kr.
225/45 R17	72.900 kr.	fullt verð 97.400 kr.

TILBOÐIN GILDA AF NEGLANLEGUM OG ÓNEGLANLEGUM VETRARDEKKJUM Á ÖLLUM ÞJÓNUSTUSTÖÐVUM PITSTOP Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

568 2020 SÍMI PITSTOP.IS WWW

DUGGUVOGI 10 RVK RAUÐHELLU 11 HFJ HJALLAHRAUNI 4 HFJ



HOLLUR BITAFISKUR

+80% prótín

Fiskneysla er góð fyrir heilabúið



GULLFISKUR

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli



Fyrsti vetrardagur er laugardagurinn að lokinni 26. viku sumars (eða 27. viku sé um sumarauka að ræða). Fyrsta vetrardag ber upp á 21. til 27. október.

FYRIR VETURINN



Vinsælt er að spinna nýjar sögur kringum Star Trek. Í einni fyrstu sögunni kemur í ljós að Spock og Kirk kaffeinn eru ekki aðeins góðir vinir heldur elskendur á laun.

Spinna óskaendi

Alveg frá útgáfu fyrstu nútímaskáldsögunnar, Don Kíkóta, hafa leikmenn klætt þekkt verk í nýjan búning. Slík skrif eru kennd við áhugasþuna og á netinu er fjöldi vefsíðna helgaður þeim.

Hvað ef Harry Potter hefði lotið í lægra haldi fyrir Voldemort, Bridget Jones endað með Daniel Cleaver eða Rómeó og Júlía lifað? Þetta eru spurningar sem leikmenn velja upp í svokölluðu „fan fiction“ eða áhugasþuna þar sem þekkt skáldverk eru klædd í nýjan búning. Anna Arnardóttir, nemi í ritlist, tilheyrir ört stækandi hópi fólks sem leggur stund á slík skrif.

„Þetta byrjaði nú bara með því að mér bauðst umsjón með vefsvæði um Harry Potter-bækurnar á hugi. Þar fyrst skynjaði ég gríðarlegan áhuga fólks fyrir því að vinna með höfundarverk annarra. Ógrynni sagna barst þar sem breytt var út af söguþræði eða búnar til alveg nýjar sögur. Gæðin voru misjöfn og það varð til þess að við settum viðmið um hvað teldist birtingarhæft og bjuggum til nokkur dæmi. Þannig kviknaði minn áhugi og smám saman fór mér að þykja skemmtilegra að spinna út frá Harry Potter en að lesa bækurnar.“

Anna segir erfitt að gera sér í hugarlund hversu stór hópur fólks skrifi í þessum anda héraendis. Hann hljóti þó að vera ágætlega afkastamikill miðað við fjölda sagna sem bærust hugi.is og voru eingöngu skrifaðar út frá Harry Potter. Alþjóðlegar vefsíður helgaðar áhugasþuna eru hins vegar ágæt vísbending um umsvif spuna-meistara erlendis. Síðurnar skipta þúsundum, sögurnar milljónum og fjöldi notendanafna gefur til kynna að fleiri hundruð þúsunda séu að baki skrifunum.

„Sumar eru gríðarlega stórar og almennar. Aðrar smærri og

leggja áherslu á afmörkuð efni og sumar blanda ólíkum söguheimum saman,“ upplýsir Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir bókmenntafræðingur.

Brynhildur hefur kynnt sér áhugasþuna og rekur uppruna hans til þess þegar aðdáendur Star Trek tóku að semja sögur um persónur þáttanna á 8. áratugnum „Aðrir benda svo á að hann nái allt aftur til 17. aldar með útgáfu fyrstu nútímaskáldsögunnar, Don Kíkóta, eftir de Cervantes sem gat af sér alls kyns framhald eftir aðra og voru höfundinum á móti skapi.“

Brynhildur segir þetta sýna að höfundar frumtextanna séu ekki á eitt sáttir um slík skrif. Meirihlutinn sé upp með sér að eiga gallharða aðdáendur sem leggi það á sig að vinna áfram með verkin. Aðrir leggist gegn áhugasþuna og reyni að fá lögbann á hann. „Það getur haft lítið upp á sig þar sem alþjóðleg höfundarlög segja ekki til um hvort þetta er löglegt eða ekki. Sú venja hefur myndast að ef ekki er verið að græða á verkinu láta flestir útfegendur og framleiðendur áhugasþuna í friði.“

Hvaðan kemur þessi þörf að vinna áfram með verk annarra? „Oft á fólk bara erfitt með að skilja við heillandi söguheim og vill vita meira um afdrif persóna,“ útskýrir Anna og getur þess að áhugasþuni sé líka góð æfing fyrir upprennandi rithöfunda. Þannig hafi margir byrjað ferilinn. „Í mínu tilviki varð hann til þess að ég fór að skrifa og skellti mér í ritlistina. Nú er ég að leggja drög að minni fyrstu skáldsögu.“ roald@frettabladid.is



Edda Björg og Guðmundur Ingi í hlutverkum sínum sem Halla og Eyvindur.

Ástir og örlög Eyvindar og Höllu

Fjalla-Eyvindur og Halla, túlkuð af Guðmundi Inga Þorvaldssyni og Eddu Björgu Eyjólfsdóttur, verða á fjöllum í kvöld og annað kvöld í Norðurpólnum á Seltjarnarnesi. Það eru síðustu sýningar leikfélagsins Aldrei óstelandi á þessu sígilda verki Jóhanns Sigurjónssonar um ástir og örlög þekktasta útilegupars Íslandssögunnar. Ásamt Guðmundi Inga og Eddu Björgu leika Valdímar Örn Flygenring og Bjartur Guðmundsson í verkinu og Marta Nordal er leikstjóri.

Sýningin, sem tekur eina klukkustund og 20 mínútur, hefur hlotið lof gagnrýnenda. Hún fékk tvær Grímutilnefningar, meðal annars sem besta sýning ársins. Í dómi sagði Elísabet Brekkan meðal annars: „Sýningin er heildstæð og laus við alla tilgerð.“ - gun

Dúnsængur og koddar fyrir veturinn.



Ítölsk rúmföt frá Bellora



DÚN & FIÐUR

Laugavegi 87 • sími: 511-2004



YKKAR TÍMI ER KOMINN

FJÖLSKYLDAN Á SKAUTA

SKAUTAHÖLLIN LAUGARDAL
www.skautaholl.is

BYLGJAN 25 ÁRA
989
Heimir & Kolla vakna með þér í bítíð
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



Arnar og kamínur

- Reykrör
- Skörungasett
- Neistagrindur

Arinbúðin
Sími: 511 5011 - 8212100
Netfang: arinn@arinn.is
www.arinn.is

TAX FREE DAGAR
TIL 1. NÓVEMBER

Í Kátum krökkum færðu fallegan og vandaðan barnafatnað. Komdu í heimsókn – við tökum vel á móti þér!

NOVA STAR

Smáfolk

lipfish

Afgreiðslutími:
mán.-fös. 11-18, lau. 11-16

Barnafataverslun | Suðurlandsbraut 52, bláu húsunum Faxafeni | 561 3500

KÁTIR KRAKKAR

BÍLAR & FARATÆKI

Bílalíf



TILBOÐ 1.990.000.-

JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4. Árgærd 2005, ekinn 124.þ km, bensín, sjálfskiptur. Verð áður 2.490.000.- Rnr.124483. Sími :562-1717



TILBOÐ 2.590.000.-

BMW 3 320i S/D E90. Árgærd 2006, ekinn aðeins 69.þ km, bensín, sjálfskiptur. Verð áður 2.980.000.- Rnr.244069. Sími:562-1717



GÓÐUR BÍLL

TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD. Árgærd 2002, ekinn 219.þ km, bensín, 5 girar, nýleg dekk. Verð 980.000. Rnr.245125. Sími:562-1717



SJÁLFSKIPTUR

SKODA OCTAVIA ELEGANCE 2.0 Árgærd 2004, ekinn aðeins 83.þ km, bensín. Verð 1.280.000. Rnr.124199. Sími :562-1717



VW PASSAT BASIC SEDAN. Árgærd 2003, ekinn aðeins 115.þ km, bensín, 5 girar. Verð 890.000. Rnr.124546. Sími :562-1717

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18
www.bilalif.is

bilfang.is

S. 567 2000



ALVÖRU TILBOÐ! Cadelac Escalade Luxury (NEW) 11/2007 ek 65 þ km, Glæsilegt eintak hlaðinn búnaði, innfluttur nyr, DVD kerfi, 22" felgur á nýlegum dekkjum, verðið skemmir ekki! 5.9 mill (8648989 eftir lokun)



7 manna Mazda MPV 03/2006 ek 105 þ km flottur 7 manna bíll verð 2.4 mill vill skipta á ódyrari eða svipað verð station bíll!

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

NETBÍLAR

www.netbilar.is



1.000.000 Í AFSLÁTT - DODGE Durango 5,7 hemi. Árgærd 2007, ekinn 43 þ km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.999.999. ásett verð 3.990. Rnr.100805.



MMC Lancer glxi/stw. Árgærd 1998, ekinn 171 þ km, bensín, sjálfskiptur. Verð 350.000. Rnr.103156. Frí auglýsing í Fréttablaðinu fyrir þá sem vilja. Skráðu bíllinn frítt www.netbilar.is



DAEWOO Nubira. Árgærd 1999, ekinn 137 þ km, bensín, 5 girar. Verð 410.000. Rnr.103155. Frí auglýsing í Fréttablaðinu fyrir þá sem vilja. Skráðu bíllinn frítt www.netbilar.is

Netbilar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is



Sértilboð á húsbílum.

Hymer CC G644 árg 06
tilb. 4.990.000.

Hymer CC G684 árg 06
tilb. 5.200.000.

LMC Breezer V654G árg 09
tilb. 8.990.000.
www.pkarlsson.is/www.lmc.is

P. Karlsson ehf
Ögurharfi 2, 203 Kópavogi
Sími: 824 3900

B.STURLUSON

Tilboð á sóluðum vörubíla- og vagnadekkjum frá Boss



Sóluð Boss vetrardekk með N41 munstri, 315 80 R22.5, tilboðsverð 56.873,- með VSK Sóluð Boss vagnadekk með heilsársmunstri, 385 65 R22.5, tilboðsverð 59.735,- með VSK Dunlop vetrarframdekk til í 295, 315, 385 og 385 mikróskorið. Bjóðum upp á neglingu.

B. Sturluson ehf
Vagnhöfði 6, 110 Reykjavík
Sími: 577 1189
Eigum til stálfelgur undir vörubíla og vagna
http://www.trucks.is

BÍLALIND.is



AUDI RS4 QUATTRO 02/2007, ekinn aðeins 26 þ km, 421 hð, 6 girar. 4,5 sek í 100 km/h, Recaro sport stólar! Verð 8.890.000. #283644 - Þessi hrikalegi bíll er í salnum og hátt í 5.000 hestöf í viðbót!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is



Dísel - 4x4 - 7 manna!

HYUNDAI H-1 starex 4x4 dísel. Árgærd 2007, ekinn 97 þ km, dísel, 5 girar. Verð 2.690þ. (lán 1650þ.) Rnr.100024. Gripurinn er á staðnum - BILAPRIS Sjá fleiri myndir og frekari uppl. á www.bilapris.is

Bílapris
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 575 1010
Opíð virka daga 10-18 og laug. 12-16
http://www.bilapris.is

STÓRA BÍLASALAN



Toyota Land Cruiser 120 VX Árgærd 9/2004, ekinn 148þ km, ssk, leður. Mjög gott eintak á frábræru verði! Verð aðeins 3.690.000kr. Raðn. 131808. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is



HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



BMW M5. Árg. 2003, ekinn 97 þ km, bensín, 6 girar. Verð 2.990. þús Rnr.121392. Opíð í dag laugardag.



BMW M3 smg. Árg. 2003, ekinn 143 þ km, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 3.990.000 Rnr.153880. Opíð í dag laugardag.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn
www.hofdabilar.is

667 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN



LAND ROVER Discovery 3 s. Árgærd 2008, 7 manna ekinn 90 þ km, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.217417.



LAND ROVER Discovery 3 se g4 . Árgærd 2006, ekinn 75 þ km, dísel, 7 manna sjálfskiptur Leður, luga. Verð 6.200.000. Rnr.11945.



NISSAN Micra visia. Árgærd 2006, ekinn 20 þ km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.280.000. Einn eigandi Rnr.272092.



VOLVO Xc90 2.5 turbo. Árgærd 2004, ekinn 120 þ km, bensín, sjálfskiptur. ÁSETT VERÐ 2.890 TILBOÐ 2.690.000. UMBOÐSBÍLL Rnr.111961.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

100 bílar.is



Skráðu bíllinn frítt hjá okkur!! Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.
www.100bilar.is

bilauppbod.is

Parftu að kaupa eða selja bíl?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is
www.bilauppbod.is

Bílar til sölu

Betra METAN



50% ódyrara eldsneyti með metan breytingu. Engin útborgun. Greiðst með rekstrarspamaði! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódyrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - S. 5522000.



VW Touareg árg. '04 Lækkað verð!

Vel með farinn svartur Touareg V6, bensín, ekinn aðeins 76 þús. km. Leður, sólluga, hiti + rafm. í sætum & rúðum, gardínur, ofl., ekkert áhv. Verð 2.390 þ. S. 896-0747.



M. Benz jeppi 320 árg. '00. Ek. 114 þ. Sjálfs., bensín. Ný dekk, vatnskassi og fl. Verð 1.390.000. Uppl. í s. 660 9802.




Dogde Ram ,44. Klár fyrir veturinn. Tilboð tilboð Skoða allt s. 777-2000



Til sölu Toyota LC 120 GX, 8 manna, árg. 2008. Einn eigandi og ekinn aðeins 53 þ km. Einstaklega vel með farinn bíll. Ásett verð 6.650 þ. Uppl. í síma 860 2275



Skoda Octavia Ambiente 4x4. Bensín, ek. 119þ. árg. '06, Ný tímareim + vatnsdæla. Esp Skrivvöm, 15" álfelg+ 4 vetrad. á felgum. 1.700 þ. staðgr. Uppl. 899 9533.



Til sölu Nissan Terrano 7 manna. 3LTDI, ssk, ek. 64 þ. 33" dekk álfelgur. Tilboð óskast. Uppl. 867 7604



Til sölu Toyota Land Cruiser árg '97. Ek. 266 þúsund. S. 699 4543



Toyota Yaris '99. Ek. 128 þús. Verð 510 þús. Ný vetrar- og sumardekk. S.773 6221



Til sölu Susuki Swift góður í skólun. Ssk, ek. 88 þ sk. 12. Sumar og vetrad. á felgum. Litur vel út, í góðu lagi. V. 135.000. þ. Uppl. 899 0117



Toyota Celica, árg. '00, ek. 120 þ km. Ásett verð 950 þ. Selst vegna sérstakra aðstæðna. Uppl. 821 3854.



Gerðu felgurnar eins og nýjar!

Nísterk duftlökkun. Héðinsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.



Audi A6 3.2 2007

Ekinn 47 þús km. Hlaðinn aukahlutum 250 HÖ. 19 tommu felgur. Skipti möguleg. Uppl í síma 665-8052



Suzuki Baleno 1998 Beinsk. Ekinn 178 þ km. Skoðaður. Góður bíll. Verð: 260 þús. Uppl. í S: 896 3044.



M.Benz. 200. '79. Ssk. Sk. '13. Gott eintak. V. 320 þ. S. 896 3044.



Mits. L-300. árg. 91. Ek.247þús. 12skoðun. Skráður fyrir 6 manns. Set 180þús. S. 846 5746



Til sölu Nissan Terrano 7 manna. 3LTDI, ssk, ek. 64 þ. 33" dekk álfelgur. Tilboð óskast. Uppl. 867 7604



Til sölu Renault Kangoo '04, e. 116 þ km. Verð 650 þ. Vsk bíll. Uppl. 892 3257



VWFOX '06 ekinn 32 þús./ Verð 950 þús.: Útborgun 370 þús., hagstætt lán./ GSM 663 4811.



Til sölu Mitsubishi Pajero sport '00. Bíll í topp standi. 4x4 DIESEL. Ásett verð 1050 þús fæst á 590 þús. S. 821 3770



Nissan Micra, árg. '10/2005, ek. 106þ., sjálfsk., fjarst samlaesingar. CD magasín, rafdr rúður, smurbók. Mjög góður bíll. Ásett v. 990þ. Nýtt í bremsum að framan. Skoðaður 2012. Uppl. í síma 896 5651.

Tækifærið þitt!

Sjá nánar á www.intellecta.is

- Linux/Unix
- .NET forritun
- Forritun-sambætting kerfa
- Java forritun
- Vefforritun
- Hugbúnaðarsérfræðingar

intellecta

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

Capacent Ráðningar

VERSLUNARSTJÓRI REYKJANESBÆR



BYKO rekur stærstu byggingavöruverslun landsins í Breiddinni í Kópavogi, auk 6 annarra verslana á höfuðborgarsvæðinu og víða um land. BYKO hóf starfsemi 1962 og verður því 50 ára á næsta ári. Frá upphafi fyrstu verslunar BYKO hefur fyrirtækið lagt áherslu á að vera leiðandi á markaði og að bjóða viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Allir stjórnendur fyrirtækisins gegna mikilvægu hlutverki í því að ná árangri. Við leggjum áherslu á ráða hæft starfsfólk sem býr yfir faglegri þekkingu og þjónustulipurð. BYKO er hluti af eignarhaldsfélaginu NORVIK.

BYKO í Reykjanesbæ leitar að öflugum verslunarstjóra til starfa sem fyrst. Leitað er að jákvæðum og drífandi aðila með mikla leiðtoga- og skipulagshæfileika, skýra þjónustuvitund og söluhæfileika.

Starfssvið:

- Dagleg stjórnun verslunar og starfsmanna
- Ráðningar starfsmanna og þjálfun
- Skipulag vakta og vinnutíma
- Uppgjör verslunar
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Önnur verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun og rekstri skilyrði
- Háskólamenntun, t.d. á sviði reksturs og vörustjórnunar, mikill kostur
- Reynsla af sölu og samskiptum við viðskiptavini
- Metnaður, sjálfstæði og frumkvæði í starfi

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Laus störf hjá Hagstofu Íslands

Hagstofa Íslands gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð og mikill metnaður einkennir starfið sem þar fer fram. Hlutverk Hagstofu Íslands er að veita tölfræðilegar upplýsingar um þjóðfélagsleg málefni og tryggja að áreiðanleiki og óhlutdrægni séu í fyrirrúmi í opinberri hagskýrslugerð. Alþjóðlegt samstarf er öflugt og þróunarvinna skipar veglegan sess í starfsemi stofnunarinnar. Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is.

Sérfræðingur í þjóðhagsreikningum

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann til starfa við gerð þjóðhagsreikninga. Starfið felst í vinnu við ýmsa þætti þjóðhagsreikninga, bæði reglulegri vinnslu og þróunarvinnu.

Hæfniskröfur

- ✓ Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- ✓ Þekking á þjóðhagsreikningum er kostur.
- ✓ Góð almenn tölvuþekking er nauðsynleg.
- ✓ Reynsla af gagnagrunnsvinnslu (SQL) er kostur.
- ✓ Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu er kostur.
- ✓ Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð.
- ✓ Samskipta- og skipulagsfærni til að vinna að umfangsmiklum samvinnuverkefnum.

Starf við rannsóknir og gagnasöfnun

seinni árum,“ segir Rúnar. Þegar matseðillinn er skoðaður koma þar fyrir eðalréttir eins og heitreyktur lundi, grafin villigæsarbringa með hindberja-vinaigrette og hreindýrasteik með rauðvínskjarna. Kokkarnir veislubjónusta var stofnuð 2002 og þar starfa nú níttján manns í fullu starfi. Rúnar segir allan mat gerðan á staðnum og einungis úr völdum hráefnum. „Við gerum graflaxinn okkar sjálfir og erum mjög stoltir af því hvað hann er

hrikalega góður, graflaxsósan er líka æðisleg og hún fæst líka í Hagkaup,“ tekur hann fram. Fyrirkomulag þjónustunnar er þannig að Kokkarnir koma þangað sem óskað er, að sögn Rúnars, hvort sem það er í veislusali eða heimahús. Fyrir utan matinn auðvitað, taka þeir með sér borðbúnað og allt sem til þarf, sé þess óskað. „Það fer bara eftir aðstæðum á hverjum stað fyrir sig hvaða farangur við höfum með okkur,“ segir yfirkokkurinn.

MY FRIENDS AND I

STÓRBROTIN AFMÆLISSÝNING
MAGGA KJARTANS
Á BROADWAY - 45 ÁR Í BRANSANUM

Lögin sem
þjóðin elskar!

Glæsilegt jólahlaðborð með afmælistýningu
Magga Kjartans. Pantaðu jólahlaðborðið á
Broadway og skemmtu þér konunglega í leiðinni.
Verð á mann með afmælistýningu kr. 8.400.

Magnús Kjartansson þekkja allir úr hljómsveitum á borð við Óðmenn,
Júdas, Trúbrot, Mannakorn, Brunaliðið, HLH-flokkinn, Brimkló,
Hauka, Hljómsveit Björgvins Halldórssonar, Hljómsveit Magnúsar
Kjartanssonar og Sléttuúlfana ...



... og lögin líka; *My friend and I*, *Einskonar ást*,
Lítill drengur, *Skólaball*, *To be grateful*, *Sólarsamba*, *Svefnljóð*,
Trúbrotslögin og allar hinar perlungar.

Ásamt Magga og hljómsveit koma fram:

Jónsi * Gísli Einars * Gunní Þórðar
Stefanía Svavars * Jóhann Vilhjálmss * Þórir Úlfarsson



Hljómsveitina skípa: Jóhann Hjörleifsson, trommur
Friðrik Sturluson, bassi • Jens Hansson, saxófónn og hljómborð
Pétur Valgarð Pétursson, gítar • Sigurgeir Sigmundsson, gítar
Hljómsveitarstjóri: Þórir Úlfarsson, hljómborð
Leikstjórn: Egill Eðvarðsson

Láttu ekki magnaða tónlistarveislu
framhjá þér fara!

ALMENNIR MANNASIÐIR

Gott er að hafa nokkrar kurteisiss-reglur á bak við eyrað þegar kemur að mannamótum og þá ekki síst jólahlaðborðum. Til dæmis er misskilningur að hlaðborð séu ávísun á kappát. Ekki ryðjast fram fyrir aðra í röðinni, fylla diskinn í einni ferð og skófla matnum í þig. Æskilegra er að fara nokkrum sinnum, fá sér smærri skammta í hvert skipti og gefa sér góðan tíma í að njóta matarins.



EFTIRRÉTTUR Í GLÖSUM

Ferskir ávextir bragðast alltaf jafn vel og sérstaklega í jólabúningi; svo sem með rjóma, súkkulaðispæni, búðingi og sírópi. Sterkgulir ávextir og rauðir koma þar sérstaklega jólalega út, og mangó og ástaraldin því til að mynda kjörin í réttinn. Það kemur afar fallega út að útbúa slíka eftirrétti með því að setja hvern skammt í glært glas svo ávextirnir sjáist og ef fólk er svo heppið að komast yfir glasapinna sem þessa í jólastíl, er borðið orðið einkar hátíðlegt.



MATARSKREYTINGAR

Granatepli hafa spilað stórt hlutverk í matarmenningu þjóða Mið-Austurlanda í margar aldir en hér á landi er ekki ýkja langt síðan þessi fallegi ávöxtur fór að fást í verslunum. Granatepli eru bráðholl. Þau voru notuð til lækninga áður fyrr eins og í dag. Einkum eru fræin rík af andoxunarefnum en ólíkt mörgum öðrum ávöxtum eru fræin ekki síður góð en ávöxturinn sjálfur. Fyrir jólahlaðborðin eru granateplin einkar jólaleg til að nota í skreytingar um leið og hægt er að nota þau til matar. Hægt er að skera þau til helminga og stilla upp á borði eða sneiða þau niður og raða á fót.



JÓLALYKT

Lyktin af hangikjöti þykir mörgum jólaleg en einn einfaldur pylsuréttur er til sem framkallar unaðslegan jólaílm. Rétturinn er vel þekktur vestanhafs og hefur líka notið vinsælda héraendis, ekki síst í Eurovision-partíum og sumarveislum en á ekki síður vel við jólin. Það sem til þarf í uppskriftina eru einfaldlega kokteílpylsur og beikonsneiðar. Gert er ráð fyrir að ein beikonsneið dugi fyrir þrjár pylsur. Beikonsneiðarnar eru skornar niður í þrjá hluta og er hverjum hluta vafið þétt utan um hverja pylsu. Pylsunum er þá raðað við hlið við á bökunarplötu og hitaðar í þrjátíu mínútur við 190 gráðu hita. Sniðugt er að vefja beikoninu utan um pylsurnar degi áður en þær eru hitaðar.

Eitt mesta úrval landsins af **hvíldarstólum**



Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar. Innbyggður skemill.

Verð aðeins **kr. 139.000.-**



Italsofa
The Italian Touch

Verð aðeins **kr. 179.000.-**

Vandaður hvíldarstóll frá Italsofa með leðri



Verð aðeins **kr. 119.000.-**

Vandaður hvíldarstóll með leðri



Verð aðeins **kr. 159.000.-**



Verð aðeins **kr. 99.000.-**

Vandaður hvíldarstóll með leðri



Verð aðeins **kr. 119.000.-**

Vandaður hvíldarstóll með leðri

Taktu það létt...
12
mán. vaxtalausar greiðslur

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

www.valhusgogn.is

Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 11-16 Sími 581-2275 ■ 568-5375

Krummahólar 2
111 Reykjavík
Frábært verð, laus við kaupsamning

Stærð: 130,1 fm
Fjöldi herbergja: 4-5
Byggingarár: 1975
Fasteignamat: 18.650.000
Bílskúr: Já

RE/MAX
Lind

Kristín Skjaldardóttir
Sölufulltrúi
8244031
kristins@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

Sunnudag kl 17:00-17:30. Bjalla 2 B
Verð: 20.500.000

Falleg og vel um gengin 4-5 herbergja íbúð á annari hæð í hólahverfinu. Góður 27,1 fm bílskúr. Stórar suðursvalir. Stutt í skóla, leikskóla og framhaldsskóla. Ljósleiðari í hús og íbúð sem tryggir hraðari netaðgang og fjölda sjónvarpsrása. Frábær eign fyrir stóra fjölskyldu, laus við kaupsamning.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Berjabraut 18
270 Mosfellsbær
Í Kjós aðeins 30 mín frá Reykjavík

Stærð: 83,2 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2005
Fasteignamat: 11.241.000

RE/MAX
Senter

Auður Sigríður
Sölufulltrúi
824 7772
audur@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
arg@remax.is

Opið hús sunnudaginn 23. okt kl. 14-15
Verð: 22.500.000

Hægt að vera með bát. Mögulegt að taka bíl upp í hluta kaupverðs. Nýr íóðarleigusamningur til 99 ára. Heilsárhús á steypum grunni með upp 60 fm pöllum, heitum rafmagnspotti og húsgögnum. Húsið er 83 fm að grunnfleti með lofti yfir hluta hússins. Á neðri hæð er alými með eldhúsi og stofu, 2 herbergi, baðherbergi og forstofa. Á efri hæð er opið rými, sem hægt væri að loka af í eitt eða fleiri herbergi og yfirbyggðar svalir. Efri hæðin er ekki inni í fermetratölu.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Mosprýði 5
210 Garðabær
Vandað og fjölskylduvænt parhús

Stærð: 229,9 fm
Fjöldi herbergja: 5-6
Byggingarár: 2010
Fasteignamat: 21.120.000
Bílskúr: Já

RE/MAX
Senter

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
arg@remax.is

Sunnudag kl. 15.00-15.30
Verð: 46.000.000

RE/MAX Senter og Þóra kynna glæsilegt og vandað hús í hrauninu í Garðabæ. Húsið er staðsteypt og og skiptist í opið eldhús, stofu, sjónvarpshol, 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stóran bílskúr auk geymslu og þvottahúss. Gert er ráð fyrir pöllum og lagnir komnar fyrir heitan pott. Húsið er þússað að utan, glerjæð og hurðir komnar í. Nánast tilbúið til innréttingar að innan sjá nánar í lýsingu á www.remax.is
Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Leirubakki 26
109 Reykjavík
Snyrtileg og vel skipulögð eign!

Stærð: 96 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1970
Fasteignamat: 14.650.000

RE/MAX
Senter

Guðni Svavarsson
Sölufulltrúi
696-6946
gudni@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
arg@remax.is

Opið hús á sunnudaginn 15:30-16:00
Verð: 18.600.000

RE/MAX Senter og Guðni kynna fallega 86,4 fm 3. herbergja íbúð á 1. hæð. Ásamt ca 10 fm aukageymslu. Íbúðin er rúmgóð og nýtt plássíð þannig að það er hægt að hafa litla skrifstofu í holinu. Búið að gera upp eldhúsið með nýlegri innréttingu og tækjum. Baðherbergið er flísalagt með ljósum flísum. Þar er baðkar og sturta. Stór garður með leiktækjum fyrir börnin. Órútt í leikskóla og skóla. Hafðu samband við Guðna í síma 696-6946 eða gudni@remax.is fyrir frekari upplýsingar.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Ánanaust 15
101 Reykjavík
Laus við kaupsamning

Stærð: 88,7 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1978
Fasteignamat: 17.700.000

RE/MAX
Lind

Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
662 1166
johanna@remax.is

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
663 3219
sigga@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

Laugardaginn 22. október 15:00-15:30
Verð: 24.900.000

Forstofa með fataskáp. Rúmgóð parketiðgð stofa, úr stofu er gengið út á góðar svalir. Stofa og eldhús eru samliggjandi, í eldhúsi er hvít innrétting, dökkar flísar á gólfu. Tvö svefnherbergi, fataskápar í báðum, eikar parket á gólfum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf með hvítum flísum, hvít innrétting. Þvottahús er innan íbúðar. Sér geymsla við hlið íbúðar og sameiginleg hjólageymsla í sameign. Virkilega falleg og eiguleg eign.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is



Nýr og **byltingarkenndur** fasteignavefur

- **Byltingarkennd leitarvél.** Notaðu google map.
- **Gríðarlega öflug leitarvél fyrir kaupendur og leigjendur.**
- **Fjölbreyttari, einfaldari hraðari, nákvæmari og skemmtilegri fasteignaleit.**



www.RE/MAX®.is



INNLIÐUN Í HAFNARHÚSINU Það var mikið líf í tónleikagestum í Hafnarhúsinu. Þessi tvö komu sér fyrir fremst og lifðu sig inn í tónlistina.

Gleðin við völd á Airwaves

Prettánda **Iceland Airwaves-hátíðin** fór fram í miðborg Reykjavíkur í síðustu viku. Hátíðin heppnaðist vel og laðaði að sér aragrúa af erlendum gestum sem settu svip sinn á miðborgina. **Arnþór Birkisson** ljósmyndari fangaði stemninguna.



PREDIKUN Arnór Dan, söngvari Agent Fresco, var tilkomumikill á sviðinu.



STUÐMANNABARNIÐ Bryndís Jakobsdóttir, dóttir Stuðmannanna Ragnhildar Gísladóttur og Jakobs Frimanns Magnússonar, tróð upp í Hörpu. Ætternið leynir sér ekki.



STANSLAUST STUÐ Gleðin jókst jafnan eftir því sem leið á kvöldið. Þessir krakkar voru í góðum gir.



ÍSLANDSVINUR Tónleikar Johns Grant voru á meðal þeirra bestu á hátíðinni að mati gagnrýnenda Fréttablaðsins. Grant talaði mikið um ást sína á Íslandi og ávarpaði gesti á íslensku.



SINÉAD Í KIRKJU Bæði gítar og líkami Sinéad O'Connor bera vitni þess að hafa gengið í gegnum ýmislegt á sinni tíð.

Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?



Til hamingju með grænt gagnaver!

Við óskum Verne Global til hamingju með opnun á 500 m² gagnaveri á Ásbrú í Reykjanesbæ. Gagnaverið er fyrsti áfangi uppbyggingar á alþjóðlegri miðstöð gagnavera á Ásbrú sem verður knúin af endurnýjanlegum orkugjöfum. Gagnaverið er þar að auki sérhannað til þess að nýta vindkælingu á svæðinu sem sparar gríðarlegt magn af orku. Gagnaverið er umhverfisvænn hátækniíðnaður. Framtíðin er græn.


Verne Global er eitt fjölmargra fyrirtækja sem kjósa Ásbrú, samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs, sem sína bækistöð.

www.verneglobal.is



Ásbrú í Reykjanesbæ er kjörinn staður fyrir fyrirtæki á sviði tækni og heilsutengdrar þjónustu, auk fyrirtækja sem sjá hag sinn í nálægð við alþjóðaflugvöll.

Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla og veitingastað.



Nánari upplýsingar um Ásbrú má finna á www.asbru.is og hjá Kadeco sem hefur frá árinu 2006 leitt uppbyggingu á Ásbrú.



Próunarfélag Keflavíkurlflugvallar
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is

Krossgáta

Lárétt

- Ósannindamaður hreiðrar þar um sig (10)
- Fær ekki að fara lengra þótt kaðall liggi frá áfangastað (9)
- Set mark á aftursætið en segi ekki orð á leiðinni (7)
- Höngsum út af íhaldskindum (7)
- Orkuveituhlaup hljómar vel (5)
- Harða beltið (5)
- Bara ég með minn bor og sígrænn runni (7)
- Nálgast að kona dragi andann (9)
- Sprett úr spori heitir lagið á íslensku, ekki það sem margir halda á sumrin (10)
- Minnir á ungling sem hlustar á Stones (7)
- Efnast og leiðin er greið (6)
- Færir sig um tíu, enda allt fært (6)
- Laglegi vertinn á Staupasteini er í þessu boði (7)
- Hún les konublað á frönsku (4)
- Kelið klaufdyr er smitandi en hættulaust (9)
- Eldhúsafríðgi algengasta frumefnis jarðar? (8)
- Tökum hest, natrium og nitur og hún birtist upp-rúluð þótt bönnuð sé (5)
- Stórfjölskyldan sameinast um það sem einkennir hana (8)
500. piskurinn smellur og hann tekur að renna (8)
- Ríki þar sem dvergvaðið fólk ræður öllu, sem þó er varla neitt (7)
- Öbreyttur þótt rámur borði (6)
- Smá noster og rugluð vísbending verður lagleg lausn (6)
- Rassinn ræður (7)

Lóðrétt

- Þetta gengi sem ræður veldur með-vitundarleysi (7)
- Landlaus úti í heimi (9)
- Að leika Töfraflautu án flautu er gott trix (11)
- Bliki gerist öfugsnúinn (9)
- Nokkuð stór kall, enda milli (9)
- Nokkru meira en nætursvefn stuðlar að bata (7)
- Set kút á íþróttalið og nær í land (6)
- Það er reikult, rótlaust og rekst um víðan sjá (6)
- Það má kalla bjánagang að nota þetta orð um þrályndi (8)
- Brjálað blóm drepur heimspeking (6)
- Eignast átján kletta í Atlantshafi (8)
- Sigta ruglið frá, það er brúðl (7)
- Á henni berja Sverrisdætur lóminn (9)
- Naut friðhelgi í æsku (9)
- Kræf nótt og blettótt (8)
- Með munnvatn í fötum og kjaftasögur á hraðbergi (8)
- Ærsladraugur hefur mjög hátt (6)
- Man ekkert þessa unaðsstund (8)
- Ottó gleymir ekki tyrkneska hægindinu (7)
- Hugrekki mömmu (5)
- Kratatákn fær falleinkunn og breytist í konu (4)
- Rek nefið inn á skemmtistað (4)



NAUTNA-
STULDUR

Lausnarorð síðustu viku var nautnastuldur.

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi gjafakörfu frá Te og kaffi að verðmæti 5.000 kr.. Vinningshafi síðustu viku var **Kjartan Jónsson**.



Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman finnurðu íslenskt örnefni. Sendið lausnarorðið fyrir 26. október næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „22. október“.

Dagkremið er komið aftur

Nýja EGF dagkremið frá Sif Cosmetics fékk frábærar viðtökur og seldist upp á örfáum dögum. Hundruð skráðu sig á biðlista. Dagkremið er nú aftur fáanlegt í verslunum um land allt.



EGF dagkremið er silkimjúkt krem sem hentar mjög vel undir farða og viðheldur rakastigi húðarinnar. Dagkremið var sérstaklega þróað til að styðja virkni EGF húddropanna sem notaðir eru að kvöldi.

Íslensk nýsköpun, hugvit og framleiðsla
www.sifcosmetics.is



Í PÁ TÍÐ: Árið 1962

Kennedy tilkynnir hafnbann á Kúbu

Forsettinn grípur til aðgerða gegn uppsetningu sovéskra eldflaugapalla.

Á þessum degi fyrir réttum 49 árum, hinn 22. október árið 1962, fréttir að njósnaflugvélar hersins hefðu uppgötvað sovéska eldflaugastöðvar á eyjunni Kúbu, sem liggur skammt út frá strönd Bandaríkjanna. Þar höfðu Sovétmenn, með leyfi Fíðels Kastró, hafið byggingu skotpalla sem gátu sent meðaldrægar flaugar með kjarnaoddum til fjölmargra borga í austurhluta Bandaríkjanna, þar á meðal höfuðborgarinnar Washington. Þetta var einstök ógrun Sovétmanna, undir stjórn Nikíta Krústsjoff, á viðkvæmum tímamarki, enda stóð kalda stríðið þá sem allra hæst.

Kennedy tilkynnti við sama tækifæri að hafnbann tæki gildi á Kúbu næsta dag til að koma í veg fyrir að sovésk skip kæmust með enn fleiri vopn til eyjunnar.

Þessi tilkynning markaði upphaf Kúbudeilunnar, sex magnþrunginna daga þar sem heimurinn var á barmi kjarnorkustyrjaldar milli stórveldanna.

Kennedy hafði að vísu fengið veður af áformum Sovétmanna viku áður og hafði fundað stíft með helstu ráðgjöfum sínum, þar sem meðal annars komu fram hugmyndir um að gera loftárásir á eldflaugastöðvarnar á Kúbu. Hafnbann og pólitískur þrýstingur varð hins vegar ofan á þótt herinn byggði sig undir allsherjarstríð.

Eftir nokkurra daga óvissuástand barst tilboð frá Moskvu, hinn 25. október, þar sem Sovétmenn buðust til að taka niður eldflaugapallana, gegn því að ekki yrði ráðist á Kúbu. Síðar bættist við krafa um að Bandaríkin tækju niður skotpalla sína í Tyrklandi.

Á meðan Kennedy velti tilboðinu fyrir sér var bandarísk njósnavél skotin niður yfir Kúbu og flugmaðurinn fórst. Það varð næstum til að hleypa öllu í uppnám, en Kennedy ákvað sem betur fer að sitja á sér.

Hann tók síðar tilboði Krústsjoffs, enda voru eldflaugarnar í Tyrklandi orðnar úreltar. Í framhaldinu tilkynnti Krústsjoff svo, hinn 28. október, að eldflaugapallarnir á Kúbu yrðu teknir niður.

Heimsbyggðin andaði því léttar þar sem komist hafði verið hjá kjarnorkustyrjöld.

Kennedy kom einstaklega vel úr út þessu máli og hefur allt upp frá því verið hampað fyrir þrautseigju og yfirvegun sem hann sýndi þar.

Kennedy lifði aðeins í eitt ár eftir þetta, áður en hann var ráðinn af dögum. en staða Krústsjoffs á heimavelli veiktist verulega og hann hrökklaðist frá völdum árið 1964.



STÓÐ Á SÍNU John F. Kennedy forseti sýndi flestar sínar bestu hliðar meðan á Kúbudeilunni stóð haustið 1962.

BYKO Breidd

Kíktu í heimsókn í dag!



Eldhúsdagar í BYKO

Kynningar-tilboð á pottum og pönnum

Kiddi kokkur leiðir okkur í allan sannleikann um hvernig eigi að nota potta og pönnur og galdrar um leið fram gómsæta rétti til þess að smakka, frá klukkan 12 til 15 í dag í BYKO Breidd.



Kaffi og kaka 199 kr.

Pizza og gos 199 kr.

Ódýrt og gott í Kaffihorninu!

Vinnur þú borgarferð fyrir tvo?

Dregið nk. mánudag

Komdu í BYKO Breidd og þú gætir verið á leiðinni í borgarferð fyrir tvo!

BYKO Breidd stendur nú fyrir spennandi happdrætti þar sem fyrsti vinningur er borgarferð fyrir tvo að verðmæti 150.000 krónur með Icelandair. Að auki verða dregnir út fimm vinningar að verðmæti 50.000 kr. hver í formi gjafakorta í verslunum BYKO, Intersport og ELKO.

Það eina sem þarf að gera er að fylla út þátttökuseðilinn hér fyrir neðan og skila honum í BYKO Breidd.

Dregið verður 24. október.

Nafn:

Heimilisfang:

Sími:

Netfang:

Þátttakendur verða sjálfkrafa skráðir í BYKO-klúbbinn!
Sjá nánar á www.byko.is/byko/byko_klubburinn/

Taktu þátt í spennandi happdrætti!

Á vefverslun BYKO, www.byko.is, getur þú keypt flest allt sem fest í BYKO. Sjá opnunartíma verslana á www.byko.is





ÓLAFÍA JÓHANNSDÓTTIR, rithöfundur og baráttukona (1863-1924), fæddist þennan dag. „Frjáls hugsun er skilyrði fyrir því að einstaklingurinn geti haft full not af því er fyrir hann ber.“

Merkisatburðir

- 1253** Bærinn á Flugumýri í Skagafirði er brenndur þegar brúðkaupsveisla fer þar fram og farast þar 25 manns.
- 1576** Um 500 byggingar í Haarlem í Hollandi brenna eftir að eldur kemur upp í brugghúsi.
- 1961** Bjarni Benediktsson er kosinn formaður Sjálfstæðisflokksins.
- 1976** Fyrsta breska pönkplatan kemur út í London, smáskífan New Rose með bresku hljómsveitinni The Damned.
- 1985** Fimm aurskriður renna niður í Þorpið á Bíldudal og valda nokkrum skemmdum.
- 1995** Heimsfrumsýning er á myndinni Toy Story.




Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elsku mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

Huldu Guðmundsdóttur
Hallveigarstig 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sóltúns.

Margrét Medek
Björk Hjaltadóttir
Vigdís Hjaltadóttir
ömmubörn og langömmubörn.

Peter Medek
Guðmundur Brynjólfsson



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju vegna fráfalls föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Gísli Már Gíslason
Keldulandi 11, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sunnuhlíðar, Kópavogi.

Gísli Már Gíslason
Halldóra Gísladóttir
Anna Gísladóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigrún Sigurðardóttir
Eiríkur Lindal
Kjartan Örn Ólafsson



Innilegar þakkir til allra þeirra fjölmörgu er vottuðu virðingu og sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Bergs Jónssonar
rafmagnsverkfræðings og fv. rafmagns-
eftirlitsstjóra ríkisins,
Löngulínu 27, Garðabæ.

Hjartans þakkir til allra þeirra er önnuðust hann; lækna, hjúkrunarfólks og starfsfólks á meltingardeild, krabbameinsdeild og líknardeild LHS á Landakoti. Sérstakar þakkir til hjúkrunarfræðinga Karitas sem sýndu honum einstaka umhyggju í sínu óeigingjarna starfi. Skátum þökkum við innilega veitta virðingu við útförina. Enn fremur þakkir til allra ættingja og vina sem sýndu honum umhyggju í veikindum hans. Við erum djúpt snortin. Guð blessi ykkur öll.

Ingunn Guðmundsdóttir

Magnús Bergsson
Bergþóra Bergsdóttir
Jón Örn Bergsson
Ásgerður Bergsdóttir

Guðrún Elín Guðnadóttir
Reynir Þór Sigurðsson

Högni Sigurþórsson
og barnabörn.



SVANHILDUR ÓSKARSDÓTTIR DÓSENT „Íslendingar höfðu mikinn áhuga á handritum Árna meðan barist var fyrir því að fá þau hingað heim um og eftir miðja síðustu öld. Þau hafa ekki verið jafn miðlæg í menningunni á seinni árum.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SVANHILDUR ÓSKARSDÓTTIR: RÖÐ ERINDA UM HANDRITIN HEFST Í DAG KL. 15

Minnir okkur á hvað góssið hans Árna er merkilegt

„Engin tvö handrit eru eins heldur hvert með sín sérkenni, líkt og einstaklingur. Í því liggur þeirra mikli sjarmi,“ segir Svanhildur Óskarsdóttir, rannsóknardósent hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hún sér um erindaröð fyrir almennung um handrit úr safni Árna Magnússonar sem verður hleypt af stokkunum klukkan 15 í dag – fyrsta vetrardag – í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Þar fjallar Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar, um kvæðahandrit Gísla Jónssonar biskups sem hann skrifaði hugsanlega handa Helgu dóttur sinni. „Þetta er merkilegt handrit frá 16. öld. Það geymir bæði kaþólsk helgikvæði og lúterska sálma og er því eins og gluggi inn í lífið á Íslandi einmitt þegar siðbreytingin gengur yfir,“ lýsir Svanhildur.

Handritasafn Árna Magnússonar, sem bæði er geymt í Reykjavík og Kaupmannahöfn, hefur verið tekið upp

á varðveisluskrá sem nefnist „Minni heimsins“ hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO. „Viðurkenning UNESCO sýnir hvað safnið er álitid mikilvægt í alþjóðlegu tilliti, enda varðveitt það miklar heimildir um menningu og sögu Norður-Evrópu – ekki bara Íslands,“ bendir Svanhildur á og segir erindaröðina haldna til að minna okkur á hvað góssið hans Árna er merkilegt og fjölbreytt. „Í því er næstum allur heimurinn,“ segir hún. „Þar eru dómur og lög, rímur, þulur og kvæði, Íslendingasögur og aðrar sögur. Flottustu miðaldahandritin hefur tekið marga mánuði að skrifa, maður fyllist lotningu við að virða þau fyrir sér. Sum þeirra eru líka fallega lýst, sem er orð yfir myndskreytingu handrita. Þar erum við komin út í listasöguna.“

Svanhildur segir ekki aðeins textana merkilega og rannsóknna virði heldur einnig margt sem tengist sögu þeirra. „Handritin ganga frá manni

til manns og safna á sig sögum því stundum nótera eigendurnir eitthvað á spássiurnar. Segja má að þau „fæðist“ á einum tíma og eigi svo langt líf sem markar þau og mótar.“

Annað erindið verður haldið miðvikudaginn 26. október klukkan 12.15 þegar Guðrún Ása Grímsdóttir fjallar umverka skjalabók vestan af fjórðum sem skráð var á 17. öld af séra Sigurði Jónssyni frá Vatnsfirði. Svo verða þau eitt af öðru á dagskrá annan hvern miðvikudag í vetur og lýkur síðasta vetrardag, 18. apríl. Hvert handrit verður til sýnis í Þjóðmenningarhúsinu meðan erindi um það er haldið. „Þá getur fólk komið í hádeginu og kynnst einu handriti, einum einstaklingi, hvaðan hann kemur og hvað hann hefur fram að færa. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill,“ segir Svanhildur brosandí og bendir á slóðina www.arnastofnun.is/page/hand_gossid_hans_arna



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jón Ægir Norðfjörð Guðmundsson

sem andaðist þriðjudaginn 18. október síðastliðinn, verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 28. október kl. 15.00.

María Þóra Benediktisdóttir
Gísli Páll Jónsson
Ágúst Norðfjörð Jónsson
Gróa Norðfjörð Jónsdóttir
Sunneva Sif Ingimarsdóttir
Salvör Norðfjörð Ágústsdóttir

María Ágústsdóttir



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurdís Guðmundsdóttir

Akurgerði 21, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 19. október. Útförin fer fram frá Akranes Kirkju föstudaginn 28. október kl. 14.00.

Kristjana Ragnarsdóttir
Kristín Svava Tómasdóttir
Dísa Lind Tómasdóttir
Eyrún Sif Ólafsdóttir
Tómas Ævar Ólafsson
Sívía Sif Ólafsdóttir
Tómas Þórisson

Tómas Ævar Sigurðsson
Ólafur Rúnar Björnsson

Guðmundur Sigurjónsson

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí álettrun
Fallegir legsteinar
á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími 571 0400 granit@granit.is

BÆTT HEILSA BETRA LÍF!



MAGNESIUM CITRATE
Náttúruleg slökun.



4x6 ACIDOPHILUS
Góðgerlablanda sem hefur góð áhrif á meltingarflóru.



EVE
Fjölvítamín sérstaklega hannað fyrir konur og með hámarksupptöku líkamans í huga.



8 BILLION
Asídófilus og bifidus eru tveir af algengustu góðgerlumum í meltingarflórunni.



WHEY PROTEIN ISOLATE
Bragðlausu whey próteinið frá NOW er eitt hreinasta og virkasta mysuprótein sem til er.



TILBOÐ
7.999 kr/stk
v.á. 9.999,-

HVEITIKÍMOLÍA
Rík af E-vítamíni, sem hefur græðandi áhrif á erfiða húðkvilla. Einnig öflug til varnar hættulegum sindurefnum sem er jafnfram forvörn gegn krabbameini. Gott er að taka inn eða bera á húð.



TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa

MYOPLEX MÁLTÍÐARBRÉF
Bragðgóður máltíðardrykkur sem hentar vel eftir æfingu. Inniheldur góða samsetningu próteina, kolvetna, fitu, trefja og annarra næringarefna sem aðstoða við vöðvauppbyggingu og orkuhleðslu líkamans.



TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa



TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa



TILBOÐ
189 kr/stk
v.á. 215,-

NÝTT!
V-BRENNSLA OG V-SPORT
Hitaeiningasnauðir íþróttadrykkir.



NUTRILENK GOLD
Hentugt fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum. Gott byggingarefni fyrir liðbrjóskið.



BENECOL
Lækkar kólesteról



HJÚKRUNARFRÆDINGAR
MÆLA KÓLESTERÓL
Kringlan 22. okt. 15-18
Garðabær 23. okt. 13-16

NUTRILENK ACTIVE
Hentugt fyrir þá sem þjást af stíðleika og verkjum í liðum. Það hefur jákvæð áhrif á liðvökvann.



TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa

Spennandi salatbar



Sjáðu úrvalið!

Yfir 40 spennandi réttir t.d.

VINSÆLT

- Kjúklingur
- Buffalóvængir
- Klettsalat
- Spínat

NÝTT

- Bygg & japönsk grjón
- Bláberjakurl
- Baunasalat
- Quinoasalat



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 23. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, blygug og stuðning við andlát og útför okkar yndislegu

Hjördísar Lindu Jónsdóttir.

Ástvinir.



Yndisleg móðir mín, dóttir, systir og barnabarn,

Stella Ragna Einarsdóttir

varð bráðkvödd á heimili sínu í Hollandi miðviku-daginn 12. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. október kl. 15.00.

Míra Katrín Abbas Stelludóttir
Ásta Gunnarsdóttir
Gunnar Óðinn Einarsson
Guðrún Ragna Valdimarsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Helgi Gústafsson

leigubifreiðastjóri
Álftahólum 8, Reykjavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum sunnudaginn 16. október, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju mánudaginn 24. október kl. 15.00.

Erna Guðnadóttir
Gústaf Helgason
Hrönn Helgadóttir
Ásdís Helgadóttir

Stefán Bryde
og barnabörn.



Yndislegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, tengdasonur og afi,

Franklín Friðleifsson

Nónhæð 1, Garðabæ,

varð bráðkvaddur á heimili sínu fimmtudaginn 20. október. Útförin verður auglýst síðar.

Heiðbjört Harðardóttir
Sólveig Franklinsdóttir
Valgerður Franklinsdóttir
Halla Ágústsdóttir
Franklín Ernir, Alexander Snær og Viktor Máni

Ernir Kr. Snorrason
Andri Már Ingólfsson



Elskulegur faðir okkar, sambylismaður, bróðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Guðmundsson

fyrir vegverkstjóri frá Drangnesi,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 17. október, verður jarðsönginn frá Drangneskapellu laugardaginn 29. október nk. kl. 14.00.

Valgerður G. Magnúsdóttir
Guðmundur B. Magnússon
Sigríður B. Magnúsdóttir
Ester Friðbjófsdóttir
Sigurgeir H. Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ásbjörn Magnússon
Guðrún Guðjónsdóttir
Arinbjörn Bernharðsson



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og blygug við andlát og útför elskulegrar móður okkar og tengdamóður,

Hönnu Guðnýjar

Bachmann

Logafold 56,
áður til heimilis að Háteigsvegi 26.

Halla Jónsdóttir
Inga Jónsdóttir

Gunnar Egill Finnbogason
Ottó Guðmundsson
og fjölskyldur.



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og blygu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Margrétar Björnsdóttur

Blöndal

frá Siglufirði.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Ólöf Birna Blöndal
Jósep Ó. Blöndal
Ásbjörn Ó. Blöndal
Sigurður Ó. Blöndal
Guðrún Ó. Blöndal
ömmubörn og langömmubörn.

Sveinn Þórarinsson
Erla Harðardóttir
Jóhanna Guðmundsdóttir
Linda Björk Guðmundsdóttir
Friðrik Jón Arngrímsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Sigurlaug

Guðleifsdóttir (Ingalauga)

Kirkjuvegi 1c, áður Birkiteigi 17,

lést sunnudaginn 16. október á HSS. Hún verður jarðsöngin frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 25. október kl. 13.00.

Aðstandendur



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýgug við andlát og útför okkar ástkæra

Guðjóns Bjarnasonar

Snælandi 6, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki deilda 11B, 13G, 10K og 11E á Landspítalanum við Hringbraut.

Gunnur Jónasdóttir
Þuríður Guðjónsdóttir
Daníel Þórhallsson

Þórhallur Vigfússon
Elisabet Þórhallsdóttir



Okkar ástkæra

Aðalheiður Magnúsdóttir

sérkennari

lést fimmtudaginn 20. október á Landakotspítala. Útförin verður auglýst síðar.

Pétur Hauksson
Þórður Hauksson
Magnús Hauksson
Gerður Sif Hauksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sylvía Ingibergsdóttir
Kristjana Fenger
Hrafnhildur Guðmundsdóttir



Shakespeare lýkur

Síðustu sýningar á einleiknum Hvílíkt snilldarverk er maðurinn eru í dag og á morgun. Verkið semja Sigurður Skúlason leikari og Benedikt Árnason leikstjóri upp úr höfundarverki Willi-ams Shakespeare.

Sýningin tekur mið af vegferð mannsins frá vöggu til grafar, auk þess að vera þakklætisvottur til leiklistarinnar og þess besta sem hún hefur af sér alið, það er að segja verka Shakespeares.

Í dómi sínum um verkið sagði leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins að Sigurður sviki engan með meðförum sínum á helstu einræðum bókmenntasögunnar. „Vonandi fara allir unnendur klassískrar leikritunar að sjá sýninguna og hlusta á tungumál sem með snilldartökum lýsir jafnt sorg sem gleði, hatri og afbrýði.“

Verkið er sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum. Síðustu sýningar verða í dag klukkan 16 og á morgun klukkan 19.30.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og blygu vegna fráfalls eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa, langafa og bróður,

Björns Thomasar

Valgeirssonar

arkitekts,
Laufásvegi 67, Reykjavík.

Hildur Björnsdóttir
Dagný Björnsdóttir
Valgerður H. Björnsdóttir
Björg Valgeirsdóttir

Stefanía Stefánsdóttir

Ásgeir Bragason
Skúli Gunnarsson
Jón H. Björnsson

barnabörn og barnabarnabarn.



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur stuðning, samúð og hlýgu við andlát og útför okkar ástkæru móður, dóttur, systur og mágkonu,

Katrínar Ingimarsdóttur.

Sérstakar þakkir færur við öllum þeim sem hétu á okkur á hlaupastyrkur.is sem og frænkum og vinkonum Katrínar, Ljósínu og Ícelandair Cargo fyrir að reynast okkur og henni afar vel á erfiðum tímum. Sr. Guðlaugu Helgu og öllu starfsfólki líknardeildar LSH fáum við vart þakkað nóg fyrir einstaka umönnun og kærleik.

Ingibjörg K. Halldórsdóttir
Vigdís Ester Halldórsdóttir
Kristinn Ingi Halldórsson

Vigdís Ester Eyjólfssdóttir
Valgerður Ingimarsdóttir
Jón Ingimarsson
Eyjólfur Ingimarsson
Guðrún Hrönn Ingimarsdóttir

Ingimar G. Jónsson
Andrés Indriðason
Kristín Halla Traustadóttir
Margrét Árný Gunnarsdóttir
Gunnar Hauksson

HÁALOFTIÐ OG

GAMLA BÍO
LEIKHÚS

KYNNA:

SÖNGLEIKINN

HREKKJU- SVIN

FRUMSÝNING
14. OKTÓBER 2011

Í GAMLA BÍO!!!

SPRENGHLÆGILEGUR GAMANSÖNGLEIKUR
BYGGÐUR Á PLÖTUNNI LÖG UNGA FÓLKSINS
UM LÍFSHLAUP STÓRHUGA ÍSLENDINGS.

NÆSTU SÝNINGAR ERU:

LAUGARDAGINN 22. OKTÓBER KL. 20:00 – TILBOÐ, AÐEINS 2.990 KR MIÐINN

FÖSTUDAGINN 28. OKTÓBER KL. 20:00

ALMENNT MIÐAVERÐ 3.990 KR.

LEIKSTJÓRN: MARÍA REYNDAL. TÓNLISTARSTJÓRN: VALGEIR GUÐJÓNSSON.

HÖFUNDAR: GUÐMUNDUR S. BRYNJÓLFSSON OG FLEIRI. LEIKARAR: ATLI ÞÓR ALBERTSSON,
HANNES ÓLI ÁGÚSTSSON, MARÍA PÁLSDÓTTIR, MARÍA HEBA ÞORKELSDÓTTIR, ORRI HUGINN
ÁGÚSTSSON, SVEINN Þ. GEIRSSON, TINNA HRAFNSDÓTTIR OG VIGDÍS GUNNARSDÓTTIR.

MIÐASALA Á GAMLABIO.IS OG MIDI.IS





WWW.SKESSAN.IS Á vefsíðunni eru alls konar upplýsingar og myndir af Skessunni í hellinum í Reykjanesbæ. Þar er meðal annars hægt að prenta út myndir af skessunni til að lita og skrifa henni bréf.

Fjallabúinn Róbert fer til byggða Bragi Halldórsson **5**

„Jæja,” sagði Róbert rogginn. „Nú er ég búinn að fá nóg af þessum lærdómssúpum ykkar í bili og ætla að demba á ykkur einni slíkri sjálfur.” Konráð og Lísaloppa litu á hann spyrjandi. „Amma mín kenndi mér hana svo ég þurfti ekkert að fara í skóla til að læra hana. Hún er svona,” sagði Róbert, ræskti sig og flutti svo með miklum tilþrifum þessa vísnagátu:

„Hver er sá veggur víður og hár,
veglega settur röndum,
gulur, rauður, grænn og blár,
gerður af meistara höndum?”

Lísaloppa og Konráð urðu að viðurkenna að þetta hefðu þau ekki lært í skólanum.

En veist þú svarið við þessari gátu?

STUNDUM VIRÐIST MÉR TUNGLIÐ VERA NÁLÆGT

Þegar Linda Gunnarsdóttir var lítil hélt hún að það væru bara strákar sem gætu orðið flugmenn. Það var misskilningur. Nú er hún flugstjóri í millilandaflugi og fæst líka við að þjálfa aðra flugmenn. Svo er hún þriggja barna móðir.

Léstu þér með flugvélar þegar þú varst lítil? Nei, reyndar ekki. Ég lék mér oft með Barbie og svo var ég ALLTAF að lesa.

Hvernig kviknaði áhugi þinn á flugi? Held að ég hafi haft áhuga á flugi og ferðalögum frá því að ég man eftir mér. Hélt samt ekki að ég yrði flugmaður af því að þegar ég var barn og unglingur hélt ég að bara strákar gætu orðið flugmenn. Það er náttúrulega alger misskilningur eins og ég uppgötvaði þegar ég kláraði menntaskóla og þurfti að ákveða hvað ég ætti að verða þegar ég yrði stór. Þá var ég farin að vinna úti á flugvelli við að innrita farþega og svoleiðis og farin að fá mikinn áhuga á flugi. Pabbi minn var líka flugmaður svo ég var búin að fylgjast með honum fara í vinnuna í gegnum árin.

Hvað heillaði þig við flugið? Mér fannst spennandi að vinna með fullt af tökkum, að geta ferðast á miklum hraða og komast til framandi landa.

Hefurðu flogið bæði innanlands og milli landa? Já, ég var í nokkur ár nánast eingöngu í innanlandsflugi en síðustu ár hef ég bara verið í millilandaflugi. Þetta er mjög ólíkt en hvoru-veggja mjög skemmtilegt.

Hefurðu lent í þrumum og eldingum? Já, það er algengt, sérstaklega í heitari löndum. Hins vegar reynum við alltaf að fljúga framhjá eldingum þegar við getum en það er ekki alltaf hægt. En

flugvélar eru með eldingarvara sem gerir það að verkum að ef elding kemur í flugvélinu þá fer hún út úr henni aftur og skemmir því sjaldnast vélarnar og tækin um borð.

Hversu hátt komast flugvélar? Venjulegar farþegaflugvélar fljúga venjulega í 10 til 13 kílómetra hæð en svo eru til herpotur og njósnaflugvélar sem fara mun hærri.

Hefurðu flogið nálægt tunglinu? Ekki mjög. Stundum virðist það samt vera nálægt manni þegar það er fullt og lágt á himninum en það er víst bara sjónhverfing.

Hefurðu einhvern tíma rekist á engla? Ef maður trúir því að fólk sem er gott og hjálpsamt sé englar þá rekst ég alltaf öðru hverju á engil og það er mjög góð tilfinning.

En fljúgandi furðuhluti? Nei, en hins vegar er dans norðurljósanna yfir Grænlandi á köldum vetrarnóttum oft hinn furðulegasti hlutur á að líta.

Áttu sjálf börn? Já, ég á Birnu Katrínu sem er tólf ára, Húna Pál sem er átta ára og Ólafíu Bjarneyju sem er eins árs kríli. Pabbi þeirra, maðurinn minn, er líka flugmaður.

Heldurðu að krakkana þína langi að verða flugmenn? Elsta stelpan mín hefur mikinn áhuga á að verða flugmaður en ég held að það sé aðallega til að komast í búðir erlendis, hún hefur svo mikinn áhuga á fötum og tísku. Strákurinn minn vill helst verða fótbolta- eða mótórhjólamaður og yngsta stelpan mín vill bara hlusta á tónlist og dansa þannig að kannski verður hún tónlistarmaður eða dansari.

- gun



BRANDARAKISTAN

Af hverju lyftir flamingófluginn upp öðrum fæti? Hann dytti á hausinn ef hann lyfti báðum.

Af hverju fljúga fuglarnir suður yfir veturinn? Það er allt of langt að labba.

Af hverju stal Hrói höttur aðeins af þeim ríku? Þeir fátæku áttu ekkert sem hægt var að stela.

Hversu marga bandhnykla þarf til að ná til tunglsins? Einn, ef hann er bara nógu langur.

Hver er fljótasta leiðin til að tvöfalda peninga? Brjóta þá saman.

Af hverju hefur ísbjörninn hvítan feld? Af því hann liti kjánalega út í gulri úlpu.

Þú getur sent brandara til krakkar@frettabladid.is



Allt í myrkri?

Snemma morguns dreifa um 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu heim til lesenda.

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu þarf lýsing að vera til staðar og aðkoma að póstuálagi.

Höfum útiljósinn kveikt.

Með fyrirfram þökk,



Sími: 585 8300 www.postdreifing.is



UPPSKRIFTIN

Bland í skálar

- Á laugardagskvöldi er gaman að koma fjölskyldunni á óvart með því að skera niður alls kyns ávexti, útbúa gírnilegar ávaxta-blöndur og setja þær í litlar skálar til að borða með sjónvarpinu eða á spilakvöldi í bústaðnum. Sumir ávextir eiga einstaklega vel saman.
 - Hér er uppskrift að nokkrum blöndum sem bragðast eins og sælgæti.
- Fyrir fjóra**
1 epli
1 lítið búið vínber
2 mandarínur
1 kíví
1 banani
1 bolli bláber
1/2 appelsína
1 pera
2 sneiðar ananas
1/4 vatnsmelóna
þykk sneið af mangó
- Tínið til fjórar skálar. Kjarnhreinsið eplið og skerið í báta. Blandið þeim og vínberjunum saman í fyrstu skálina.



Takið hýðið utan af mandarínunum og losið í sundur í báta. Afhýðið kíví og skerið í 3-4 sentimetra langa bita. Blandið kíví og mandarínunum saman í næstu skál. Í þriðju skálina er bláberjum, banana og appelsínu

blandað saman en bananinn og appelsínan eru skorin í meðalstóra bita. Að lokum eru ananas og mangósnaiðarnar sem og 1/4 hluti vatnsmelónu skornar í meðalstóra bita og sett í fjórðu skálina.

KRÓNAN



- fyrst og fremst
ódyr!



KJÖTSÚPU- DAGURINN ER Í DAG LAUGARDAG KL. 11-16


Úrvals matreiðslumenn kynna og gefa
rjúkandi heita kjötsúpu

Kynning - uppskriftir - ráðgjöf
smakk - lifandi tónlist



Kjötsúpudagurinn er í Krónunni Bildshöfða / Granda / Lindum / Mosfellsbæ / Akranesi / Selfossi

krossgáta



LÁRÉTT

2. viðlag, 6. tveir eins, 8. kæla, 9. tímabils, 11. fyrir hönd, 12. teknik, 14. píp, 16. samtök, 17. hyggja, 18. af, 20. pfn., 21. brunnr.

LÓÐRÉTT

1. ofneysla, 3. golfáhald, 4. tré, 5. fley, 7. verkfæri, 10. atvikast, 13. gagn, 15. hleri, 16. þróttur, 19. utan.

LAUSN

LÖBRET: 1. ofát, 3. tí, 4. espríté, 5. 18. frá, 20. ég, 21. lind.
LÁRÉTT: 2. stef, 6. ff, 8. ísa, 9. árs, 11. pí, 12. tækní, 14. seyl, 16. aa, 17. trú, 18. frá, 20. ég, 21. lind.
LÓÐRÉTT: 1. ofát, 3. tí, 4. espríté, 5. far, 7. fræsari, 10. ske, 13. nyt, 15. luga, 16. afl, 19. án.



GAMLA BIÓ KYNNIR

STEINI PÉSI

& GAUR Á TROMMU

Miðvikudagur	26.10.11	21:00	Forsýning
Fimmtudagur	27.10.11	21:00	Frumskýning
Laugardagur	05.11.11	22:30	2. sýning
Fimmtudagur	10.11.11	22:30	3. sýning
Föstudagur	11.11.11	22:30	4. sýning
Laugardagur	19.11.11	22:30	5. sýning
Fimmtudagur	24.11.11	22:30	6. sýning
Föstudagur	25.11.11	22:30	7. sýning
Laugardagur	03.12.11	22:30	8. sýning
Fimmtudagur	08.12.11	22:30	9. sýning
Föstudagur	09.12.11	22:30	10. sýning

Miðasala á gamlabio.is
og midi.is / Simi miðasölu
Gamla bíós 563 4000

GAMLA BIÓ
LEIKHÚS

Þjóðhátíð á Airwaves

BAKPANKAR Atla Fannars Bjarkasonar

Ferðamenn eru yfirleitt ekki töff. Þeir ráfa oftast um í hópum með mittistöskur og ljótar derhúfur. Þá er alltaf einn í hópnum í of stórra appelsínugulri úlpu. Í október á hverju ári er eins og þetta breytist. Allt í einu sjást töff ferðamenn spígspora um götur Reykjavíkur eins og klipptir úr nýjstu tiskublöðunum. Nánast undantekningarlaust eru þetta gestir Iceland Airwaves-hátíðarinnar.



AIRWAVES er stærsti árlegi tónlistarviðburður landsins. Úti í heimi þykir hátíðin gríðarlega töff og erlendir fjölmiðlar hafa keppt við að ausa lofi yfir andrúmsloftið sem skapast í Reykjavík þessa löngu helgi í október. Ímyndin er hátíðinni allt. Henni var aftur á móti stefnt í hættu í ár af styrktaraðilum hátíðarinnar, sem dreifðu grænum derhúfum til ölvæðra gesta eins og um hverja aðra útihátíð væri að ræða. Airwaves er ekki útihátíð. Þjóðhátíð í Eyjum og fiskidagurinn í Dalvík eru hvort tveggja hátíðir sem svínvirka, en eru ekki til þess fallnar að fá umfjöllun í útbreiddustu og virtustu fjölmiðlum heims ár eftir ár.

STYRKARAÐILAR

munu alltaf þurfa að koma að Airwaves með einum eða öðrum hætti. Það er fullkomlega eðlilegt að bjórframleiðendur og símafyrirtæki kynni vörur sínar og þjónustu fyrir hátíðar gestum og verði um leið til þess að herlegheitin komi út réttu megin við núllið. Eða allavega nálægt því. En það er ekki eðlilegt að sömu styrktaraðilar dreifi drasli merktu vörum sínum til gesta á einni svölustu tónlistarhátíð heims, eins og þeir væru að djamma í dalnum.

VIÐ

getum aðeins vonað að þetta verði ekki til eftirbreytni, því annars sjáum við sölubása með plastbyssum í Hafnarhúsinu á næstu hátíð og kúrekahatta á uppsprengdu verði á Nasa. Og guð forði okkur frá því að Árni Johnsen stýri brekkusöng á Arnarhóli. Mörkin verða að vera skýr. Iceland Airwaves er afar virt hátíð og áhrif hennar á tónlistarlíf og efnahag miðborgarinnar eru margsönnuð. Það á því að vera eftirsóknarvert fyrir fyrirtæki að fá að leggja nafn sitt við jafn glæsilega hátíð.

EF styrktaraðilarnir fá að gera gesti að gangandi auglýsingaskiltum er forgangsröðun aðstandenda hátíðarinnar ekki aðeins brengluð heldur beinlínis hættuleg fyrir orðstír stærsta árlega tónlistarviðburðar landsins.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FLORIDANA VÍTAMÍNSAFI

50% ráðlagður dagsskammtur
af ACE-vítamínum í 330ml

Floridana Vítamínsafi er blanda af ávöxtum og paprikum, full af vítamínum frá náttúrunnar hendi.

- A** A-vítamín er nauðsynlegt fyrir sjón, húð og starfsemi ónæmiskerfisins.
- C** C-vítamín er talið efla ónæmiskerfi líkamans og tryggja að það starfi eðlilega við áreynslu.
- E** E-vítamín er mikilvægt andoxunarefni sem verndar frumur og er nauðsynlegt fyrir starfsemi taugakerfisins.

Hugsaðu um heilsuna og
drekktu Floridana Vítamínsafa.

Nýtt!



Floridana
LIFÐU VEL!



LÍFSJÁTNING ENDURÚTGEFIN Bókin Lífsjåtning – Endurminningar Guðmundu Elíasdóttur, söngkonu frá Bolungarvík, sem Ingólfur Margeirsson skræði, hefur verið endurútgefin. Bókin kom út 1981 og hlaut mikið lof og var meðal annars tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Bókin hefur verið ófánleg um nokkurt skeið en kemur nú út á vegum nýs forlags, Nýhafnar.

HELSTU AÐSTANDENDUR

Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason, leikstjóri er Ágústa Skúladóttir, leikmyndahöfundur er Axel Hallkell Jóhannesson, búningahönnuður er Filippía Elísadóttir, ljósahönnuður er Páll Ragnarsson og brúðuhönnuður er Bernd Ogrodnik. Pamína er túlkuð af Þóru Einarsdóttur,

Tamínó af Finni Bjarnasyni og Garðari Thór Cortes, Papagenó af Ágústi Ólafssyni, Sarastró af Jóhanni Smára Sævarssyni og Bjarna Thor Kristinssyni, Næturdrottningin af Sigrúnu Hjálmtýsdóttur og Óldu Ingibergsdóttur og Mónóstatos af Snorra Wium.



Eyrarrósinn

Auglýst eftir umsóknum um Eyrarrósina

Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands standa saman að Eyrarrósinni, viðurkenningu sem frá árinu 2005, hefur verið veitt einu afburða menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar á landsbyggðinni. Umsækjendur geta verið m.a. stofnun, safn, tímabundið verkefni eða menningaráhátíð.

UMSÓKNUM SKAL FYLGJA:

Lýsing á verkefninu

Lögð skal fram greinargóð lýsing á verkefninu, umfangi þess, sögu og markmiðum.

Tíma- og verkáætlun

Gera skal grein fyrir stöðu og áætlaðri framvindu verkefnisins og áformum á árinu 2012. Skilyrði er að verkefninu hafi nú þegar verið hleypt af stokkunum.

Upplýsingar um aðstandendur

Lagðar skulu fram ítarlegar upplýsingar um helstu aðila sem að verkefninu standa og grein gerð fyrir þeirra þætti í því.

Fjárhagsáætlun

Tilgreina skal tekjur og gjöld verkefnisins á þessu ári. Uppgjör ársins 2010 fylgi umsókn. Ef umsókn fylgja ekki ofangreindar upplýsingar verður hún ekki tekin til greina.

- Úthlutunarnefnd tilnefnir þrjú verkefni úr hópi umsækjenda um Eyrarrósina 2012
- Eitt þeirra hlýtur viðurkenninguna, 1.500.000 kr. og verðlaunagrip til eignar
- Hin tvö hljóta 250.000 kr. og auk þess fá öll þrjú tilnefndu verkefnið flugmiða með Flugfélagi Íslands
- Viðurkenningin verður veitt í ársbyrjun 2012 á Bessastöðum. Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú
- Umsóknarfrestur er til 17. nóvember 2011 og verður öllum umsóknum svarað

Umsóknir skal senda til Listahátíðar í Reykjavík, pósthólf 88, 121 Reykjavík, merktar „Eyrarrósinn“ www.listahatid.is/eyrarrösin



ÆVINTÝRAHEIMUR NÆTURDROTTNINGAR Sýningin er mikið sjónarspil og mikið lagt í umgjörð hennar með íburðarmiklum brúðum og búningum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kynngimagnað ævintýri

Töfraflautan verður frumsýnd af Íslensku óperunni í Eldborg í Hörpu í kvöld. Margir færustu söngvarar þjóðarinnar ljá ævintýrinu rödd sína.



ÁGÚSTA SKÚLADÓTTIR

Íslenska óperan frumsýnir í kvöld sína fyrstu uppfærslu í Eldborgarsal tónlistarhússins Hörpu. Um er að ræða eina stærstu óperuperlu heims, Töfraflautuna eftir W. A. Mozart. Leikstjórn verksins er í höndum Ágústu Skúladóttur og Daníel Bjarnason er hljómveitarstjóri uppsetningarinnar, sem er sú fimmta hér á landi á þessu meistaraverki Mozarts.

„Töfraflautan er aðgengileg ópera og höfðar til breiðs hóps.

Jafnframt er hún mann mörg og fá því margir af okkar fremstu söngvurum á heimsmælikvarða að leiða saman hesta sína,“ segir Ágústa Skúladóttir, sem bætir við að þetta sé kynngimagnað ævintýri.

„Sýningin er mikið sjónarspil og við leggjum mikið upp úr hinu sjónræna með íburðarmiklum brúðum, búningum og leikmynd. Við gerum allt til heiðurs töfratónum Mozarts, sem hefur verið vægast sagt auðvelt að sækja innblástur til.“

Verkið, sem hefur hrifið áhorf-

endur í þau 220 ár sem liðin eru frá fyrstu frumsýningu í alþýðuleikhúsi í Vínarborg, fjallar um prins frá fjarlægum löndum sem kemur inn í ævintýraheim Næturdrottningarinnar. Hún segir honum frá ráni á dóttur sinni. Hann verður samstundis ástfanginn af prinsessunni og leggur upp í leit að henni ásamt fuglafangaranum, með töfraflautu og klukkuspil í fararnesti.

Ágústa segir það mikinn heiður að sýna í Hörpu og að söngvarar sem og hljómveit taki hljómi hins stóra sals Eldborgar fagnandi.

Alls verða átta sýningar á Töfraflautunni og hafa nú þegar verið bókaðir hátt í tíu þúsund miðar á óperuna, en leita þarf aftur á annan áratug til að finna jafn mikla miðasölu á óperusýningu á Íslandi.

hallfridur@frettabladid.is



Ljóðstafur

Jóns úr Vör

PIPAKTBVA • SÍA • 112914

Menningar- og þróunarráð Kópavogsbæjar efnir í ellefta sinn til árlegrar ljóðasamkeppni undir heitinu Ljóðstafur Jóns úr Vör.

Veitt verða vegleg verðlaun og fær verðlaunaskáldið auk þess til varðveislu, í eitt ár, göngustaf áletraðan með nafni sínu. Handhafi hans nú er Steinunn Helgadóttir, myndlistarmaður og ljóðskáld. Dómnafnd velur úr þeim ljóðum sem berast.

Öllum skáldum er velkomið að senda ljóð í keppnina en skilafrestur rennur út 3. desember. Ljóðum skal skilað með **dulnefni** og nafn, heimilisfang og sími skáldsins látið fylgja með í lokuðu umslagi auðkennt með sama dulnefni. Ljóðin mega ekki hafa birst áður.

Utanáskrift er:

Ljóðstafur Jóns úr Vör

Menningar- og þróunardeild Kópavogs Fannborg 2, 200 Kópavogur

Greint verður frá niðurstöðum samkeppninnar og verðlaun veitt á afmælisdegi Jóns úr Vör 21. janúar 2012. Jón úr Vör bjó nánast allan sinn starfsaldur í Kópavogi en tilgangur keppninnar er að efla og vekja áhuga á íslenski ljóðlist.





FABRIAN

W.A. Mozart
TÖFRAFLAUTAN

ÞÓRA EINARSDÓTTIR · FINNUR BJARNASON · GARÐAR THÓR CORTES
ÁGÚST ÓLAFSSON · SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR · JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON
HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR · AUÐUR GUNNARSDÓTTIR · SIGRÍÐUR ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR
SNORRI WIUM · VALGERÐUR GUÐNADÓTTIR · KOLBEINN JÓN KETILSSON · VIÐAR GUNNARSSON
KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

LÝSING: PÁLL RAGNARSSON · BRÚÐUGERÐ: BERND OGRODNIK
BÚNINGAR: FILIPPÍA I. ELÍSDÓTTIR · LEIKMYND: AXEL HALLKELL JÓHANNESSON
LEIKSTJÓRI: ÁGÚSTA SKÚLADÓTTIR · HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON

FRUMSÝNING Í ELDBORG Í KVÖLD

Laugardaginn 29. október kl. 20 – **uppselt**

Laugardaginn 5. nóvember kl. 20 – **uppselt**

Laugardaginn 12. nóvember kl. 20 – **uppselt**

Sunnudaginn 13. nóvember kl. 20 – AUKASÝNING

Laugardaginn 19. nóvember kl. 20 – **örfá sæti**

Sunnudaginn 20. nóvember kl. 16 – **örfá sæti**

Föstudaginn 25. nóvember kl. 20 – **uppselt**



ÍSLENSKA ÓPERAN

LESIÐ, BYGGT & LEIKIÐ BÓK MEÐ LEGO-KUBBUM

Glæsileg bók sem inniheldur allt sem þarf til að byggja og leika þitt eigið LEGO Ninjago ævintýri.

Kubbar fylgja bókinni og með þeim er hægt að byggja sögu-svið fyrir fimm spennandi kafla í bókinni.


3.999.-
áður 4.999.-



Gildir til 26. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Franz Liszt



Tónleikaröð Karlakórs Hreppmanna í tilefni 200 ára afmælis Franz Liszt

Kynning á ungerska tónskáldinu og píanósnillingnum Franz Liszt í máli og myndum.

Ágúst Ólafsson barítón.
(í Salnum Kópavogi og Selfosskirkju).

Miklós Dalmay píanóleikari.

Edit Molnár stjórnandi.

Unglingakór Selfosskirkju.

Tónleikar

Laugardaginn 22. október.
Afmælistónleikar á Flúðum kl. 15:00

Mánudaginn 24. október.
Ráðhúsið í Þorlákshöfn, kl. 20:00

Þriðjudaginn 25. október.
Salurinn í Kópavogi kl. 20:00

Miðvikudaginn 2. nóvember.
Selfosskirkja kl. 20:00



Ágúst Ólafsson



Edit Molnár



Miklós Dalmay



Tónleikarnir eru styrktir af Menningarráði Suðurlands.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 22. október

→ Tónleikar

17.00 Karlakór eldri Þrasta heldur tónleika í Frikirkjunni í Hafnarfirði í tilefni af því að 20 ár eru liðin frá stofnun kórsins.

17.00 Kelly Joe Phelps & Corinne West Duo með tónleika í Stykkishólmskirkju í Stykkishólmi. Hljómsveitin Ylja er sérstakur gestur. Miðaverð er kr. 2.000.

21.00 Svavar Knútur og Karítunnar halda tónleika á Café Rosenberg.

21.00 Stóns, Rolling Stones heidrunarsveit Íslands heldur tónleika á Gauki á Stöng. Miðaverð er kr. 2.000.

22.00 Tónleikaröðin Partíþokan með hljómsveitunum Sin Fang, Borkó, Prins Póló og FM Belfast á Græna hattinum. Miðaverð er kr. 2.900.

22.00 Dalton spila á tónleikum á Hressó. Aðgangur er ókeypis. Dj Elly þeytir skífum eftir tónleikana.

22.00 Gunnar Þórðarson og Hjalti Þorkelsson leika á tónleikum á Obladí Oblada á Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

22.00 Hjálmar halda tónleika á efri hæð Faktory. Miðaverð er kr. 1.500. **Logi Pedro** þeytir skífum á neðri hæð frá miðnætti.

23.00 Tónleikarnir Fjölskylduferð í Skóðanum til heiðurs Ingimari Eydal verða haldnir í Hofi. Miðaverð er kr. 4.900. Einnig verða sömu tónleikarnir kl. 16 á sunnudag í Hofi.

→ Leiklist

14.00 Barnaleikritið Fúsi froskagleypir er sýnt í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði bæði laugardag og sunnudag kl. 14. Miðaverð er kr. 2.000.

20.00 Sýningin Söngleikur með Margrétu Eir verður sýnd í Gamla bíói. Sigríður Eyrún Friðriksdóttir verður sérstakur gestasöngvari. Hægt er að njóta veitinga frá Friðriki V kl. 19 fyrir sýningu. Miðaverð fyrir mat og sýningu er kr.



5.400 en kr. 3.200 fyrir sýningu.

20.00 Sýningin Alvöru menn er sýnd í Austurbæ. Miðaverð er kr. 3.500.

20.00 Íslenski gamansöngleikurinn **Hrekkjusvín** er sýndur í Gamla bíói. Miðaverð er kr. 2.990.

20.00 Síðasta sýningarhelgi á leikritinu Fjalla-Eyvind í uppfærslu leikfélagsins Aldrei Óstelandi. Sýning báða daga helgarinnar kl. 20 í Norðurpólnum. Miðaverð er kr. 2.900.

20.00 Einleikurinn Blótgoðar, uppstand um heiðingja, verður fluttur í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Miðaverð er kr. 3.500.

22.00 Leik- og söngkonan Lára Sveinsdóttir flytur lög Judy Garland og leiðir áhorfendur um líf hennar í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 2.900.

→ Opnanir

14.00 Listamaðurinn Lárus H. List



SÍÐUSTU SÝNINGAR!

★★★★★ FBL, E.B. GUMN

GILTRUTT

BRÚDUHEIMAR
Center for Puppetry Arts

Sími 530 5000 www.bruduheimar.is

opnar málverkasýningu í Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri.

14.00 Jón Laxdal opnar myndlistarsýninguna Ný verk í Populus tremula. Sýningin mun aðeins standa yfir helgina.

14.00 Hjálmar Hjálmarsson, forseti bæjarstjórnar Kópavogs, opnar ljósmyndasýningu Svavars Alfréðs Jónssonar, 42 Eyjafjarðarfossar, í Náttúrufræðistofu Kópavogs. Andrea Gylfadóttir og Kjartan Valdemarsson sjá um tónlist. Allir velkomnir, ókeypis aðgangur.

14.00 Listasafn Reykjanesbæjar opnar sýningu á verkum Guðnýjar Kristmanns listmálara sem ber heitið Holdtekkja. Allir velkomnir.

16.00 Halldór Ásgeirsson bræðir saman 5 hraunsteina ofan í jarðholu við opnun á nýjum Höggmyndagarði á vegum Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík við Nýlendugötu 17A. Allir velkomnir.

16.00 Málverkasýning Péturs Halldórs-sonar opnuð í sýningarsal Listamanna, Skúlagötu 32.

→ Listasmiðja

13.00 Gullkistan heldur listasmiðju fyrir börn á öllum aldri í Eyvindartungu við Laugarvatn. Kennari er indverski myndlistarmaðurinn Baniprosnono. Þátttökujald er kr. 4.000.

→ Síðustu forvöð

11.00 Síðasta sýningarhelgi á ljósmyndum Emils Edgrens á Torgi í Þjóðminjasafni Íslands.

12.00 Sýningunum í bíli og ljósmyndasýningunni Yfirsýn með verkum Sigurgeirs Sigurjónssonar lýkur í Hafnarborg um helgina.

→ Söngskemmtun

19.30 Árlegt söngkvöld í Þjórsárveri. Sögumaður verður Ingi Hans Jónsson og söngstjóri Ingi Heiðmar Jónsson. Allir velkomnir.

→ Kynningar



15.00 Erindaröð um valin handrit úr safni Árna Magnússonar hefst í bókasali Þjóðmenningarhússins. **Guðrún Nordal** forstöðumaður Árnastofnunar setur dagskrána og kynnis fyrsta Góssið hans Árna: Bók handa Helgu - Kapólsk kvæðabók með hendi síðbótarmanns: AM 622 4to. Allir velkomnir.

→ Kvikmyndahátíð

13.00 Kvikmyndahátíðin Berlin og Bláir englar fer fram í kamesi aðalsafns Borgarbókasafns á Tryggvagötu 15. Kvikmyndin Auge in Auge er sýnd í dag kl. 13 og kl. 15.

→ Tónlist



22.00 Dj Gísli Galdur og Dj B Ruff stjórna tónlistinni á Pabbahelgi á Kaffibarnum.

22.00 Dj Bogi og Dj Hlynur Mastermix spila tónlist af skífum á Esju.

22.00 Dj Barni töframaður spilar tónlist á Barböru.

22.00 Dj Maisól stjórnar tónlistinni á Trúnó.

23.00 Dj Housekell spilar tónlist af skífum á Bakkusi.

23.30 Dj Krúsi þeytir skífum á Prikinu.

→ Listamannspjall

15.00 Listamannspjall með Davíð Erni Halldórssyni um sýninguna Almynstur í Listasafni Arnesinga. Aðgangur er ókeypis.

→ Útivist

10.00 Hjólreiðaferð frá Hlemmi. Upplýsingar á vef lhm.is. Hjólað í 1 til 2 tíma um borgina. Allir eru velkomnir og þátttaka ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU FLEIRI PARTY OG MEIRA FJÖR Á VÍSI
Meiri Vísir.

vísir

AÐ MINNSTA KOSTI TVEGGJA BÓKA HELGI FRAM UNÐAN ...



Lestu valda kafla úr þessum mögnuðu nýútkomnu skáldsögum
á Eymundsson.is eða notaðu QR-kóðana til að styttu þér leið

Götumálarinn



Þórarinn Leifsson

Nóvember 1976



Haukur Ingvarsson

Hálendið



Steinar Bragi

Bónusstelpan



Ragna Sigurðardóttir

Útgáfuboð
vegna bókarinnar
Götumálarinn
í Eymundsson á
Skólavörðustíg í dag
kl. 16.00.



2015 ER ÁRIÐ sem Liam Gallagher segir henta í að endurvefja hljómsveitina Oasis. Það yrði á 20 ára afmæli plötunnar (What's The Story) Morning Glory.

LEÐURBLÖKUMANNINUM ÁKAFT FAGNAÐ

Nýr tölvuleikur um Leðurblökumanninn er væntanlegur eftir helgi. Aðdáendur hans gátu hins vegar ekki beðið og slógu upp grímuballi í miðborg Reykjavíkur þar sem alls kyns kynjaverur úr Batman-heiminum mættu til leiks.

„Ég var alveg hissa á því hvað margir mættu í flottum búningum,“ segir Sara Björk Músdóttir, sem skipulagði Batman: Arkham City búninga og útgáfuveisluna á Ölsmiðjunni en hún skrifar leikjádöna inn á afþreyingarsíðuna scene.is.

Sara, sem er þjónn á Tapas-barnum, fellur kannski ekki undir hina venjulega skilgreiningu tölvuleikjanjarðarins og hún segir að svona viðburðir séu einmitt kærkomiðir fyrir fólk sem spilar tölvuleiki, þar geti þeir spjallað saman um áhugamálið sitt. „Tölvuleikir eru ekki bara fyrir norða-stráka.“ Sara dæmir leiki fyrir scene.is og var einmitt á leiðinni að ná sér í eintak af Batman-leiknum til að spila yfir helgina. „Hann er rosalega fluttur.“

- fgg



Þeir voru flottir strákarirnir sem tóku þátt í Batman: Arkham-búningaveislunni á Ölsmiðjunni á fimmtudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Guðmundur Víkar Sigurðsson kom, sá og sigraði sem Hr. Frosti.



Aron Snær Melsteð var glæsilegur í hlutverki Jonathans Crane eða Scarecrow.



Ölvir Freyr Guðmundsson var fluttur sem Scarecrow og hafnaði í öðru sæti.



Eiríkur Eiríksson tók sig vel út sem Mörgæsin.



Þessar þrjár stúlkur létu sig ekki vanta á Batman-grímuballið.

ÆRSLAFENGIN & HEILLANDI GLEÐISPRENGJA

3. endurprentun

gamlingi sem fer á flakk um söguna

Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf er fyrsta bók höfundarins en varð óvænt ein helsta metsölubók síðari ára í Svíþjóð.

„Hún á skilið fullt hús af stjörnum því hún er fullkominn skemmtilestur. Eiginlega algjör dásemd.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Morgunblaðið

„Ærslabók með frábærum boðskap... Þetta er bara alveg rosalega skemmtileg bók.“

Egill Helgason / Kiljan

„Þetta er bara ógeðslega skemmtileg bók ... Ugglaut hjálpar það líka að hún er prýðilega þýdd“

Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan



2.299.-
áður 2.699.-

Óhamingjusöm raunveruleikastjarna

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian giftist körfuknattleiksmanninum Kris Humphries fyrir skemmstu. Fjölmíðlar hið vestra virðast ekki hafa mikla trú á hjónabandinu því þeir keppast við að flytja skilnaðarfréttir af hjónakornunum.

Samkvæmt fréttamiðlum í Bandaríkjunum er öllum í Kardashian-fjölskyldunni meinilla við Humphries og vonast til þess að Kim sækji um skilnað sem fyrst. Tímaritið People flutti einnig fréttir af því að Humphries hefði heldur kosið að fara út á lífið með vinum sínum en að sækja eigin konu sína upp á flugvöll. „Hann særir hana stanslaust. Hann fer út að skemmta sér með vinum sínum í Miami í stað New York því hann telur minni líkur á að Kim frétti af strákapörum hans þar. Hann hagar sér einnig eins og hann sé enn einhleypur og sást meðal annars leiða ljóshærða stúlku út af skemmtistað,“ var haft eftir innanbúðarmanni.



ÓHAMINGJUSÖM Bandarískir fjölmíðlar spá hjónabandi Kim Kardashian og Kris Humphries ekki langlífi og segja þau óhamingjusöm eftir aðeins nokkura vikna hjónaband.

NORDICPHOTOS/GETTY

Gildir til 26. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ÚTILÍF

KRINGLUKAST Í FULLUM GANGI

ÞAÐ VERÐUR NÓG UM AÐ VERA Í ÚTILÍF Í KRINGLUNNI Í DAG

GÓÐ HEILSA ER GULLI BETRI. HVORT SEM HREYFINGIN ER HUGSUÐ TIL AÐ BÆTA HEILSUNA EÐA TIL AÐ NÁ Í GULLIÐ ÞÁ HÖFUM VIÐ ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFNAST TIL AÐ NÁ ÁRANGRI. KOMDU OG SJÁÐU ÚRVALIÐ OG KYNNTU ÞÉR SPENNANDI NÝJUNGAR:

Kl. 13 **Húllakeppni Casall og Sporthússins**

Kl. 13-16 **Atlas göngugreining kynnis Asics-skó og gefur góð ráð við val á hlaupaskóm.**

20% afsláttur af öllum gönguskóm.

20% afsláttur af öllum Casall stuttermabolum.

Tryggið ykkur Casall-toppana **til stuðnings Krabbameinsfélags Íslands.**



Hrafni Guttormssyni svipar nokkuð til blaðamannsins snjalla.

Leynileg Tinna-sýning mæltist vel fyrir

Boðið var upp á leynilega Tinna-sýningu í Smárabíói á fimmtudag þegar stórmyndin *Ævintýri Tinna* var sýnd. Þar leiða saman hesta sína þeir Steven Spielberg og Peter Jackson í magnaðri útfærslu af þessu sígilda ævintýri Hergé. Meðal gesta voru þeir Tinni Teitsson og Kolbeinn Ingi Jónsson, sem fengu að bjóða bekknum sínum að sjá nafna sína í fyrsta skipti á hvíta tjaldinu.



Þeir Kolbeinn Ingi og Tinni Teitsson fóru með bekknum sínum að sjá nýju Tinna-myndina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Sveinn Sigfússon þykir nokkuð líkur aðalpersónunni Tinna.



Áskell Harðarson og Kormákur Axelsson voru meðal gesta.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 23. október 2011

→ Tónleikar

16.00 Síðdegi með Jónasi Ingimundar í Salnum. Með Jónasi koma fram Auður Gunnarsdóttir, Matthías Nardeau, Sigurður Ingvi Snorrason, Þorkell Jóels-son og Brjánn Ingason. Miðaverð er kr. 2.900.



20.00 Tónlistarmaðurinn Þórir Georg fagnar útgáfu plötunnar Afsakið með tónleikum í Nýlenduvörverslun Hemma og Valda. Aðgangur er ókeypis.

20.00 Trío Nordica spilar á tónleikum Kammermúsikkklúbbsins í Bústaðakirkju.

21.00 Gunnar Hrafnsson leikur djass á Café Rosenberg.

→ Leiklist

14.00 Barnaleikritið Kallinn sem gat kitlað sjálfan sig verður sýnt í Norður-pólum. Miðaverð er kr. 1.900.

20.00 Leikfélag Fljótsdalshéraðs sýnir leikritið Finnski hesturinn í Valaskjálfi á Egilsstöðum. Miðaverð er kr. 2.500. Eldri borgarar og börn 14 ára og yngri greiða kr. 2.200.

→ Opnanir

14.00 Sýningin Mynstrin í náttúrunni opnar í Boganum í Gerðubergi. Sýningin er samsýning tólf listamanna sem tilheyra hópi sem kallar sig Vinir villtu kýrinnar.

→ Félagsvist

14.00 Félagsvist spiluhúsið í Breiðfirðingabúð í Faxafeni 14. Allir velkomnir.

→ Sýningarspjall



15.00 Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, og Erlingur Gíslason leikari verða í gestaspjalli á Kjarvalsstöðum í tengslum við sýninguna Ný list verður til. Þau voru bæði meðal stofnenda leikhópsins Grímu, sem var fyrsta tilraunaleikhúsið á Íslandi. Sýningarstjórninn Jón Proppé leiðir spjallið.

→ Kvikmyndir

15.00 Sovésk kvikmyndin Dauðastríðið (Agonija), frá árinu 1975, sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105. Leikstjóri er Élem Klimov. Aðgangur ókeypis.

22.00 Kvikmyndin The Fall verður sýnd á Prikinu. Popp í boði.

→ Dansleikir

20.00 Félag eldri borgara í Reykjavík heldur dansleik í Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassik leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er kl 1.500 en kr 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

→ Málþing

13.30 Málþings um sagnskáldið Kristmann Guðmundsson í Norræna húsinu. Fyrirlestra flytja Heming Gujard, Ármann Jakobsson, Gunnar Stefánsson, Dagný Kristjánsdóttir Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Hrefna Kristmannsdóttir. Aðgangur er ókeypis.

→ Kvikmyndahátíð

13.00 Kvikmyndahátíðin Berlín og Bláir englar fer fram í kamesi aðalsafns Borgarbókasafns á Tryggvagötu 15. Kvikmyndin Berlin, die Sinfonie einer Grosstadt er sýnd kl. 13 og kl 15.

→ Tónlist

21.30 Lífandi djass verður leikinn á Faktorý. Aðgangur er ókeypis.

→ Leiðsögn

14.00 Halldór Björn Runólfsson safnstjóri með leiðsögn um sýninguna Þá og nú í Listasafni Íslands.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

KPMG

cutting through complexity

HAUSTRÁÐSTEFNA KPMG

Eftirlit – skorður eða skilvirkni

Á Haustráðstefnu KPMG þann **26. október** er ætlunin að fjalla um regluverk og umhverfi viðskiptalífsins, hvernig er skilvirkast að standa að slíku eftirliti og hvar hægt er að einfalda verklag.

Ráðstefnan er haldin á Hilton Reykjavík Nordica og byrjar með hádegisverði klukkan tólf og dagskráin hefst formlega klukkan eitt. Ráðstefnugjald er 10.000 kr.

Skráning fer fram á kpmg.is

Dagskrá

Setning ráðstefnunnar

Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri KPMG

Sjónarhorn og stefna ríkisstjórnar

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra

Það má ekki pissa bak við hurð – um reglur og eftirfylgni þeirra

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri

Að opna veitingahús

Hrefna Rósa Sætran, yfirkokkur og veitingahúsaegandi

Ég hafði ekki augun af honum – hlutverk eftirlitsaðila á fjármálamarkaði

Aðalsteinn Leifsson, formaður stjórnar FME

Reynslusaga úr sjávarútvegi

Páll Snorrason, framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar hjá Eskju

Kapp og forsjá

Samtal Friðriks Sophussonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar
Stjórnandi umræðna er Bogi Ágústsson, fréttamaður

Ráðstefnustjóri er Brynja Þorgeirsdóttir, fréttamaður

Að ráðstefnu lokinni, um kl. 16:30, verður boðið upp á léttar veitingar.

Vill koma Diaz saman við Law

Leikkonan Cameron Diaz hætti með hafnabolta-leikmanninum Alex Rodriguez í september og hefur síðan þá eytt nokkrum tíma í London með vinkonu sinni Gwyneth Paltrow. Fregnir herma að Paltrow sé komin í hlutverki hjónabandsmiðlara og ætli sér að finna gott mannsefni fyrir Diaz.

Paltrow telur víst að Diaz og breski leikarinn Jude Law gætu reynt gott par og hefur gert sitt til að koma þeim saman. „Gwyneth og Jude eru gamlir vinir og Cameron lék á móti honum í rómantísku gamanmyndinni The Holiday. Þau hafa farið nokkrum sinnum út að borða og njóta félagsskapar hvor annars og þar sem þau eru bæði á lausu eru þau opin fyrir hugmyndinni um samband. Jude hefur sýnt henni borgina og haldið henni félagskap,“ var haft eftir innan-búðarmanni.



GÓÐAR VINKONUR Gwyneth Paltrow hefur reynt að koma vinkonu sinni, Cameron Diaz, saman við Jude Law. NORDICPHOTOS/GETTY

Fær sjónvarpsþátt

Weston Cage, sonur leikarans Nicolas Cage, hefur fengið sinn eigin raunveruleikaþátt ásamt móður sinni, Christinu Fulton. Sjónvarpsþátturinn hefur hlotið hið frumlega nafn Uncaged.

Weston Cage hefur verið nokkuð í fréttum undanfarna mánuði vegna drykkjúlata og var tvisvar handtekinn vegna líkamsárása. Cage hefur verið í áfengismeðferð frá því í júlí á þessu ári. „Christina hefur líkt þáttunum við nútíma útgáfu af Adams-fjölskyldunni á meðan Weston þráir ekkert annað en að sýna umheiminum að hann sé heill á geði,“ hafði tímaritið Star eftir heimildarmanni.



SJÓNVARPSSTJARNAN Weston Cage, sonur Nicolas Cage, hefur fengið eigin sjónvarpsþátt sem nefnist Uncaged. NORDICPHOTOS/GETTY



FLOTTUR Kanye West gengur ekki um í ódýrum fötum, ekki heldur þegar hann mótmælir. NORDICPHOTOS/GETTY

Flottur í tauinu

Fjöldi stórstjarna hefur tekið þátt í mótmælunum í New York sem nefnast Occupy Wall Street. Þar er meðal annars verið að mótmæla græðgi og siðleysi stórfyrirtækja.

Rapparinn Kanye West var á meðal mótmælenda en munurinn á honum og öðrum mótmælendum var að hann klæddist fatnaði að andvirði 3,5 milljóna. West klæddist meðal annars skyrta frá tískuhúsinu Givenchy, stuttermabol frá hönnuðinum Alexander Wang og gallabuxur frá Ballmain sem kosta um 100 þúsund krónur auk skartgripa. Þótti sumum þetta ekki við hæfi.



FRESTAR FRÉTTUM Julia Roberts þórir ekki að segja börnum sínum að hún fari með hlutverk vondu drottningarinnar í kvikmynd um Mjallhvíti. NORDICPHOTOS/GETTY

Heldur hlutverki leyndu

Julia Roberts fer með hlutverk illu drottningarinnar í nýrri kvikmynd byggðri á ævintýrinu um Mjallhvíti. Roberts treystir sér þó ekki til að segja börnum sínum frá hlutverkinu enda séu þau dauðhrædd við drottninguna.

Roberts og eiginmaður hennar, Danny Moder, eiga saman þrjú börn. „Ég hef ekki sagt þeim frá hlutverkinu af því að ég sýndi þeim eitt sinn Disney-myndina um Mjallhvíti og þau grétu og fengu martraðir um vondu drottninguna,“ viðurkenndi Roberts í nýlegu viðtali.

Disney

Disney DAGAR

DVD, BÆKUR FÖT, LEIKFÖNG OG MARGT FLEIRA ÚR SMIDJU DISNEY!

Í VERSLUNUM HAGKAUPS 21.-30. OKTÓBER

AÐEINS 2.990.- STÓRA DISNEY-KÖKU OG BRAUÐBÓKIN

KOMDU Í HAGKAUP!
Komdu á Disney-daga 21-30. október í verslunum Hagkaups. Fullt af skemmtilegum og töfrandi Disney-vörum á góðu verði.

EKKI MISSA AF DISNEY-DÖGUM

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

©Disney/Pixar

Austurrískur ásláttarleikari heillaði Björk

Austurríski ásláttarleikarinn Manu Delago hefur spilað með Björk á Biophilia-tónleikum hennar í Hörpu að undanfögnu. Hljóðfærið sem hann er þekktastur fyrir nefnist Hang og er aðeins tíu ára gamalt.

Manu Delago er 27 ára Austurríkismaður sem hefur vakið athygli fyrir flotta spilamennsku sína með Björk, bæði á nýjustu plötu hennar Biophilia og á tónleikunum sem hún hefur haldið í Manchester og Hörpu, en þeir síðarnefndu verða alls níu talsins.

Delago spilar á ýms ásláttarhljóðfæri, þar á meðal nýtt hljóðfæri sem nefnist Hang og var fundið upp í Sviss fyrir tíu árum. Hann mun dvelja á Íslandi í fimm vikur vegna Biophilia-tónleikanna en þeir síðustu verða 7. nóvember. Fleiri Biophilia-tónleikar víða um heiminn eru einnig fyrirhugaðir á næsta ári.

Spurður hvernig samstarfið við Björk kom til segir Delago: „Hún var að vinna í Biophilia-verkefninu og sá myndband á Youtube þar sem ég spilaði á Hang. Hún var að leita að einhverju sérstæðu hljóðfæri sem hljómaði svipað og gamland-hljóðfærin frá Indónesíu en væri samt ekki sterklega tengt neinni sérstakri menningu eða landi,“ segir Delago í spjalli við blaðamann í lítilli íbúð þar sem hann dvelur í miðborg Reykjavíkur. „Hang er nýtt hljóðfæri og ég held að hún hafi hrifist af myndbandinu og tónlistinni sem ég spila. Hún bauð mér að koma til

Íslands og taka upp með sér. Eftir upptökurnar bauð hún mér svo að spila með sér á tónleikunum.“

Hann var að vonum upp með sér að fá tækifæri til að starfa með Björk. „Ég hef verið Bjarkar-aðdáandi lengi og þess vegna var alveg frábært að fá loksins að spila með henni.“

Delago er meðlimur dúósins Living Room ásamt klarinettleikaranum Christoph Pepe Auer og halda þeir einmitt sína fyrstu tónleika á Íslandi á Faktory 1. nóvember. Önnur plata þeirra, Colouring Book, kom út í fyrra þar sem Bítalagíð Eleanor Rigby er meðal annars spilað á nýstár-

“Ég hef verið Bjarkar-aðdáandi lengi.

MANU DELAGO
ÁSLÁTTARLEIKARI

legan og fallegan hátt. Delago er einnig hluti af kvintettinum Living Room in London ásamt Auer og þremur strengjahljóðfærleikurum úr Sinfóníuhljómsveit London og er fyrsta plata þeirra væntanleg í janúar næstkomandi. Sinfóníuhljómsveitin spilar einmitt verk eftir hann í London, þar sem hann býr, í mars næstkomandi. Delago spilaði einnig með tríóinu Manu Delago Homemade í Kaldalónssal Hörpu á Airwaves-hátíðinni við góðar undirtektir.

Hang-hljóðfærin eru handgerð og aðeins um þrjú hundruð slíkar eru búnar til á hverju ári. Delago segist hafa heillast af hljóðfærinu um leið og hann heyrði fyrst í því. „Mér finnst líka heillandi hversu fjöl-



SPILAR MEÐ BJÖRK Ásláttarleikarinn Manu Delago með Hang-hljóðfærin þrjú sem hann hefur notast við á Biophilia-tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

breytt hljóð koma út úr því. Stundum hljómar það eins og harpa og stundum eins og tabla. Hang var búið til undir áhrifum frá stáltrommum en þær búa ekki yfir jafn mörgum hljóðum og Hang.“

Þessi austurríski ásláttar-meistari hefur gaman af því að spila á litlum tónleikastöðum, enda voru fyrstu tónleikar Living Room

haldnir í stofu. „Svo spiluðum við á stærri stöðum og ferðuðumst um heiminn en þegar við tókum upp seinni plötuna ákváðum við að halda stofutónleika á nýjan leik. Við sendum út tilkynningu á netinu sem fólk gat svarað og óskað eftir einkatónleikum í stofunni heima hjá sér. Við völdum stofurnar sem okkur leist best á og fólk-

ið útvegaði áhorfendur og mat,“ segir hann. Mynddiskur með tónleikunum fylgir einmitt með plötunni Colouring Book.

Delago hlakkar mikið til að spila á Faktory með Living Room. Andrúmsloftið verður vafalítið mjög huggulegt og í anda hinna vel heppnuðu stofutónleika dúósins. freyr@frettabladid.is

NÝSKÖPUNARÞING 2011

NÝSKÖPUNARÞING 2011 ÁSKORANIR

Nýsköpunarþing Rannís, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Íslandsstofu og Nýsköpunarsjóðs verður haldið þriðjudaginn 1. nóvember nk. kl. 8:30–10:30 á Grand hótél Reykjavík. Á þinginu verða flutt erindi undir yfirskriftinni ÁSKORANIR.

Nýsköpunarverðlaun Íslands 2011 verða afhent.

Húsið opnar kl. 8:15 með léttum morgunverði.



NÝSKÖPUNARVERÐLAUN
ÍSLANDS



rannís



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Dagskrá 8:30–10:30

Ávarp

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra

Ný tækifæri á Norðurlóðum

Guðmundur Nikulásson, framkvæmdastjóri innanlandssviðs Eimskipa

Endurnýjanleg orka - helstu áskoranir

Davíð Stefánsson, framkvæmdastjóri ráðgjafar hjá Reykjavík Geothermal

Fæðuöryggi og sjálfbærni til framtíðar

Kristinn Andersen, rannsóknastjóri hjá Marel

Öldrun; sjúkdómur eða lífstíll?

Magnús Oddsson, nýtæknihönnuður hjá Össuri

Tónlistaratriði

Víkingur Heiðar Ólafsson, píanóleikari

Nýsköpunarverðlaun Íslands 2011 afhent

Fundarstjóri er Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Skráning fer fram á heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands www.nmi.is eða í síma 522 9000.

Bækur ★★★

Meistaraverkið og fleiri sögur

Ólafur Gunnarsson

JPV-útgáfa

Kambur í hrauni, kryppan á Heklu

Ólafur Gunnarsson sendir nú frá sér sitt fyrsta smásagnasafn eftir nærri fjörutíu ára farsælan feril sem skáldsagnahöfundur. Flestir fara hina leiðina, byrja á smásögum og fíkra sig yfir í skáldsagnaformið, eins og smásagan sé atrenna að skáldsögunni. Ólafur veit að svo er ekki, smásagan krefst meiri aga og meitlaðri hugsunar, og hann hefur smásagnaformið fullkomlega á valdi sínu.

Sögurnar í Meistaraverkinu og fleiri sögum, fjórtán talsins, eru reyndar töluvert misjafnar að gæðum en í þeim öllum sýnir Ólafur smásagnaförminu þá virðingu sem því ber, lætur hæfilega mikið uppi og skilur á köflum lesandann eftir í örlytillí óvissu um hvað hafi í rauninni gerst í sögunni.

Sumar sögurnar, eins og til dæmis Hlákán, Brennan og Gimme Shelter, segja í raun sögu sem hæglega gæti fyllt heila skáldsögu en Ólafi tekst að nýta smásagnaförmið út í æsar og rúma innan þess allt sem segja þarf. Aðrar eru svipmyndir, leiftur úr stærri sögu og skilja lesandann eftir þyrstan í meira.

Ólafur er sögumaður af guðs náð, eins og aðdáendur skáldsagna hans vita, og persónur hans eru aldrei einhliða og flatar. Hann veit að maður er manni úlfur og í flestum sagnanna birtast svik og grimmd mannsins gagnvart þeim sem honum standa næst í öllum sínum hráslaga. Allir deyða yndið sitt og grimmdin er á köflum svo nístandi að lesanda rennur kalt vatn milli skinns og hörunds. Í öðrum sögum leiftrar kímigáfan og kaldhæðnin, neyðarleg atvik afhjúpa hégómagirnd og smásálarhátt og persónurnar standa eftir afhjúpaðar og aumkunarverðar.

Tímasvið sagnanna spannar allt frá aldamótunum 1900 til dagsins í dag og stíll hverrar um sig mótast af þeim tímaramma sem henni er settur. Samtöl eru vel skrifuð og sannfærandi og tungutak persónanna skemmtilega mismunandi eftir því á hvaða tíma sagan gerist. Ástir, kynlíf, brennivín og græðgi verða fólk að fótakelli eins og jafnan áður hjá Ólafi og undir yfirborðinu er alltaf ólga, hversu kylrátt sem það virðist. Lífið er barátta frá á til ö, ef ekki við ytri öfl og annað fólk þá að minnsta kosti við eigin innri djöfla og sú barátta er oftast en ekki upp á líf og dauða.

Meistaraverkið og fleiri sögur er ekki gallalaus bók en ber þegar best lætur öll bestu höfundareinkenni Ólafs Gunnarssonar, skemmtir, vekur umhugsun og skilur eftir örlytinn hroll í sálinni.

Fríðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Fjórtán ólíkar smásögur frá sagnamanni af guðs náð. Grimmd, hómur og fullkomið vald á forminu.





DIANE KRUGER Leikkonan hefur gaman af persónum sem þurfa að verja málstað.

Málstaður er mikilvægur

Diane Kruger hefur gaman af því að leika í kvikmyndum þar sem aðalsöguhetjan fær tækifæri til að verja einhvern málstað. „Það sem ég elska við hasarmyndir er þegar þú færð það á tilfinninguna að persónan er skynsöm og hugsar um af hverju ákveðnir hlutir eru að gerast,“ sagði Kruger í heimildarmyndinni *The Hero's Journey* sem fjallar um hasarmyndir. Kruger hefur leikið í myndum á borð við *Troy*, *Inglourious Basterds* og *Inhale*. „Þú getur stutt málstað sem er stærri en þú sjálfur. Oft er þetta mjög venjulegt fólk í óvenjulegum aðstæðum.“



JUSTIN TIMBERLAKE Popparinn og leikarinn ætlar að hugsa um Myspace í fríinu sínu.

Hugsar um Myspace

Söngvarinn og leikarinn Justin Timberlake ætlar að nota fríið sitt það sem eftir er ársins til að finna leiðir til að hressa upp á Myspace-síðuna. Timberlake á hlut í síðunni og hefur mikinn hug á því að auka vinsældir hennar. „Það er ekkert fram undan hjá mér annað en að hugsa um ýmislegt í tengslum við Myspace. Ég þarf ekki að vera á staðnum því ég get fengið hugmyndir á golfvöllinum eða snjóbrettinu,“ sagði Timberlake. Myspace var vinsælasta samskiptasíðan á netinu til ársins 2006 þegar Facebook brunaði fram úr henni.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Samstarfsverkefni Lou Reed og Metallica hefur borið ávöxt. Platan *Lulu* er væntanleg í lok október, en hægt er hlusta á hana á sameiginlegri vefsíðu karlanna. Mikið grín hefur verið gert að plötunni og einn gagnrýnandi gekk svo langt að líkja henni við endalok heimsins. Tónlistarspekingurinn Arnar Eggert Thoroddsen á Morgunblaðinu hefur ekki tjáð sig efnislega um plötuna, en varar fólk við



að hlusta á hana á Facebook-síðu sinni. Tónlistarkonan **Heiða Eiríksdóttir** er ekki á sama máli og ver Lou Reed og félagar með kjafti og klóm. Hún lofsýngur plötuna í ítarlegum dómi á Facebook-síðunni sinni og segist hæst-ánægð. - afb

Fékk ekki borð á KFC

Hollywood-stjarnan John Travolta hafði ekki erindi sem erfiði þegar hún reyndi að panta borð á skyndibitastaðnum KFC í Sussex-skíri í Englandi. Talið var að um gabb væri að ræða þegar kona hringdi á staðinn og sagðist vilja panta borð fyrir herra Travolta. Starfsmaður staðarins sagði að fólk gæti ekki pantað borð á staðnum og því hætti Travolta við komu sína. „Eftir á að hyggja hefðum



við átt að panta borð fyrir hann. Það er ekki á hverjum degi sem Hollywood-stjarna borðar á veitingastaðnum,“ sagði talsmaður KFC. Travolta var staddur í Sussex vegna góðgerðakvöldverðar sem var haldinn af trúfélagi hans, Vísindakirkjunni. Kollegi hans Tom Cruise var einnig á meðal gesta.

HÆTTI VIÐ Leikarinn John Travolta fékk ekki að panta borð á KFC.

Hannar skó á hunda

Hinn litríki hönnuður Jeremy Scott hefur hannað skólínu fyrir Adidas og inniheldur hún meðal annars sérhannaða strigaskó fyrir hunda. Strigaskórnir eru hlébarðamunstraðir og reimaðir. Að auki inniheldur skólínan górillastrigaskó og hlébarðastrigaskó á okkur mannfólkið og eru þeir með litlu skotti að aftan. Hundaeigendur geta því von bráðar klæðst eins skóm og besti vinurinn. Það er annað mál hvort eitthvað af skóporunum muni seljast.



HANNAR HUNDASKÓ Jeremy Scott hefur hannað skólínu fyrir Adidas. Línan inniheldur meðal annars strigaskó fyrir hunda. NORDICPHOTOS/GETTY

ÞURRKUR KLÁÐI SVEPPASÝKINGAR?

Veltir þú fyrir þér hvað þú ert að nota á þitt viðkvæmasta svæði

LÍFRÆN dömubindi og tíðatappar

- án klórs
- án ilmefna
- án plastefna

natracare
NÁTTÚRULEG VELLÍÐAN

Sannleikurinn sagna bestur

Leikarinn Ashton Kutcher vill að sannleikurinn fái að njóta sín í meira mæli í fjölmiðlum. Hann hvetur fólk til að hætta að dreifa slúðri sem er ekki sannleikanum samkvæmt.

Leikarinn Ashton Kutcher hefur beðið fjölmiðla um að hafa sannleikann í hávegum í nýju myndbandi sem hann birti á Twitter-síðu sinni. Þar segist Kutcher, sem hefur verið sakaður um að halda framhjá eigin konu sinni Demi Moore, vonast til að ummæli sín muni leiða til meiri umræðu um sannleika í fjölmiðlum.

Leikarinn tók nýlega við hlutverki Charlie Sheen í hinum vinsælu gamanþáttum Two and a Half Men. Hann telur að samskiptasiður á netinu hafi orðið til þess að slúðurfréttum af fræga fólkinu, sem margar hverjar séu skrifaðar af illum hug, hafi fjölgað. „Við erum okkar eigin ritstjórar, útgefendur og prentmiðlar. Þess vegna getur fólk afbakað sannleikann á hvaða hátt sem því hentar og dreift honum út um allan heim. Ein lygi getur ferðast um hálfan hnöttinn áður en nokkur getur sagt sannleikann.“

Hann leggur til að nota skuli fjölmiðla, þar á meðal samskiptasiðurnar, til að auka þekkingu fólks, frekar en að dreifa röngum upplýsingum um aðra. „Efnið sem við búum til fyrir fjölmiðlana og deilum með öðrum þarf að vera búið til á heiðarlegri hátt.“

Kutcher tjáði sig ekkert um ásakanirnar um að hann hafi haldið framhjá með hinni 23 ára Sara Leal. Því hefur verið haldið fram að þau hafi eytt nótt saman 24.



SLÚÐUR Mikið hefur verið slúðrað um hjónaband Ashtons Kutcher og Demi Moore að undanfögnu.

september, á brúðkaupsafmæli Kutchers og Moore. Orðrómur um skilnað þeirra fékk byr undir báða vængi á dögum þegar flutningabíl var lagt fyrir utan heimili

þeirra í Santa Monica í Kaliforníu. Kutcher hefur áður hvatt fólk á Twitter-síðunni til að trúá því ekki sem skrifað hefur verið um samband þeirra hjóna.

SMÁRABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!

HEADHUNTERS KL. 5.45 - 8 - 10.15 **16**

HEADHUNTERS LUXUS KL. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 **16**

THE THING KL. 8 - 10.20 **16**

PÓR 3D ÍSL. TAL KL. 1 (TILBOÐ) - 3.30 - 5.50 **L**

PÓR 2D ÍSL. TAL KL. 1 (TILBOÐ) - 3.30 - 5.50 **L**

BORGRIKI KL. 6 - 8 - 10 **14**

WHAT'S YOUR NUMBER KL. 8 - 10.20 **12**

RAUÐHETTA 2 3D ÍSL. TAL KL. 1 (TILBOÐ) - 3.40 **L**

STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL KL. 1 (TILBOÐ) - 3.30 **L**

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIDLIS

HEADHUNTERS KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 **16**

PÓR 3D ÍSLENSKY TAL KL. 3.40 (TILBOÐ) - 5.50 **L**

BORGRIKI KL. 8 - 10 **14**

MIDNIGHT IN PARIS KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 **L**

WHAT'S YOUR NUMBER KL. 10.30 **12**

ELDEJALL KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 **L**

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is - bara lúxus sími 553 2075

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
THE THING	8 og 10.10
BORGRIKI	4, 6, 8 og 10.10
PÓR - 3D ÍSL. TAL	2(1050 kr), 4 og 6
PÓR - 2D	2(750 kr) og 4
KILLER ELITE	8 og 10.10
JOHNNY ENGLISH	2(700 kr) og 6

SAMBÍÓIN ALL FOR ONE

THREE MUSKETEERS

FRÁBER TÓNLIST MÓGNÚD DANSATRÍÐI

Gleymt óvinnu um bangsím og allir elsku

Bangsímon

THE SKIN I LIVE IN

FÓR

SMÁRABÍÓ ALFABAKKA

THE THREE MUSKETEERS - 3D	kl. 5:50 - 8 - 10:20	3D	L
THE THREE MUSKETEERS VIP	kl. 1:30 - 3:40 - 8 - 10:20	2D	10
FOOTLOOSE	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D	L
BANGSÍMON	kl. 1 (11 morgunbú) - 12:30 - 2 - 4 - 6	2D	L
REAL STEEL	kl. 5:30 - 8	2D	L
CONTAGION	kl. 8	2D	L
CONTAGION Lúxus VIP	kl. 5:50	2D	VIP
JOHNNY ENGLISH	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	2D	L
KONUNGUR LJÓNANNA - 3D	kl. 12 - 2 - 4	3D	L
KONUNGUR LJÓNANNA	kl. (11:30 morgunbú) - 1:30	2D	L
DRIVE	kl. 10:20	2D	16
ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN	kl. 12 - 2 - 4	2D	L
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 10:20	2D	L
CARS 2	kl. 3:30	2D	L

SMÁRABÍÓ KEFLAVÍK

THE THREE MUSKETEERS	kl. 10:20	3D	L
FOOTLOOSE	kl. 8	2D	L
NETJUR VALHALLAR - PÓR	kl. 2 - 4 - 6	3D	L
BORGRIKI	kl. 10:20	2D	L
WINNIE THE POOH - BANGSÍMON	kl. 2 - 4	2D	L
ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN	kl. 6	2D	L
KILLER ELITE	kl. 8	2D	16

SMÁRABÍÓ SELFOSS

JOHNNY ENGLISH REBORN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
BORGRIKI	kl. 8 - 10:10	L
BANGSÍMON	kl. 2 - 4 - 6	L
KONUNGUR LJÓNANNA	kl. 2 - 4	L

SMÁRABÍÓ EGILSHÖLL

THE THREE MUSKETEERS	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	3D	L
PÓR: NETJUR VALHALLAR	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	3D	L
BANGSÍMON	kl. (11:30 morgunbú) - 1:20	2D	L
PÓR: NETJUR VALHALLAR	kl. 1:10 - 5:30	2D	L
THE LION KING	kl. (11:30 morgunbú) - 3:20	3D	L
FOOTLOOSE	kl. 8 - 10:30	2D	L
REAL STEEL	kl. 8 - 10:20	2D	16
DRIVE	kl. 8 - 10:40	2D	L
ALGJÖR SVEPPI	kl. 1:10 - 3:20	2D	L
FOOTLOOSE	kl. 5:30	2D	L

SMÁRABÍÓ KRINGLUNNI

THE THREE MUSKETEERS - 3D	kl. 5:40 - 8 - 10:20	3D	L
FOOTLOOSE	kl. 8 - 10:20	2D	L
THE SKIN I LIVE IN	kl. 5:40 - 8	2D	16
BANGSÍMON	kl. 2 - 4	2D	L
REAL STEEL	kl. 3:20 - 10:20	2D	L
KONUNGUR LJÓNANNA - 3D	kl. 2 - 4 - 6	3D	L
ALGJÖR SVEPPI	kl. 1:20	2D	L

SMÁRABÍÓ AKUREYRI

BANGSÍMON	kl. 2 - 6	2D	L
KONUNGUR LJÓNANNA 3D	kl. 4	3D	L
THE THREE MUSKETEERS	kl. 8 - 10:10	3D	L
ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN	kl. 2	2D	L
REAL STEEL	kl. 3:40 - 10:10	2D	L
FOOTLOOSE	kl. 6 - 8	2D	16

SMÁRABÍÓ SPARBÍÓ

MEÐTALA MEÐ GRÆNU OG APPELSRÖGVIKU KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSRÖGVIKU

Disney morgunstund gefur gull í mund

Morgunbíó sýningar ætlaðar yngri börnum, lægrahljóð, ljóstýra í salnum, EKTÁ SKEMMTUN FYRIR FYRSTU BÍÓFERÐ BARNSINS ÞÍNS

Bangsímon laugardag og sunnudag kl. 11 f.h.

LION KINGS laugardag og sunnudag kl. 11:30 f.h.

TILBOÐSBÍÓ

LAUGARDAGUR - SUNNUGAGUR

SMÁRABÍÓ **mid.is**

PÓR 3D ÍSL. TAL	KL. 1	L
PÓR 2D ÍSL. TAL	KL. 1	L
RAUÐHETTA 2 3D ÍSL. TAL	KL. 1	L
STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL	KL. 1	L

HÁSKÓLABÍÓ

PÓR 3D ÍSL. TAL	KL. 3.40	L
-----------------	----------	---

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

Sími: 553 2075 **LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus

Ódýrt í bíó

FÓR FYRSTA ÍSLENSKA TEIKNIMYNDIN Í FULLRI LENGU OG 3-D

ATH 750 KR. Í 2D

ATH 700 KR.

JOHNNY ENGLISH SÝND KL 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ PARADÍS MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / mid.is

LAUGARDAGUR: MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ ICELAND VOLCANO 18:00, 22:10 ■ ALLIANCE FRANCAISE: L'ARGENT (DAGUR KÁRI KYNNIR) 20:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00 ■ SVINALANGORNA 18:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 22:00 ■ JODOROWSKY: THE HOLY MOUNTAIN 20:00

SUNNUGAGUR: MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ ICELAND VOLCANO 20:00, 22:00 ■ ALLIANCE FRANCAISE: LE CHARME DISCRET DE LA BOURGEOISIE (DR. GUNNI KYNNIR) 20:00 ■ PÁLL ÓSKAR: TOMMI OG JENNI! 14:00, 20:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00 ■ SVINALANGORNA 18:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ JODOROWSKY: THE HOLY MOUNTAIN 22:00 [ISL. TEXTI] / ENGLISH SUBTITLES.

PÁLL ÓSKAR

TOMMI OG JENNI!

L'ARGENT

le charme discret de la bourgeoisie



ÚTUNDAN Lindsay Lohan fékk ekki áheyrn hjá söngvara Foster the People á skemmtistað í Hollywood.

NORDICPHOTOS/GETTY

Fékk ekki að vera með

Leikkonan ólukkulega Lindsay Lohan er mikill aðdáandi hljómsveitarinnar Foster the People en meðlimir sveitarinnar virðast ekki endurgjalda aðdáunina. Lohan reyndi ítrekað að ná sambandi við söngvara sveitarinnar á skemmtistað en hann vísaði henni ávallt frá.

Lohan elti hljómsveitar-meðlimi af tónleikum og á skemmtistaðinn Beverly Lounge og reyndi ítrekað að ná athygli söngvarans Mark Foster, án árangurs. „Mark sneri sér undan í hvert sinn sem Lohan nálgast borðið til að reyna að ná af honum tali. Hann vildi augljóslega ekkert með hana hafa,“ sagði sjónarvottur. Foster þessi gaf sér þó tíma til að tala við Nicky Hilton, Michael Bay og Dane Cook þetta sama kvöld.



EDRÚ LÍF Eminem segir edrúmenskuna hjálpa til við tónsmíðarnar.

NORDICPHOTOS/GETTY

Þráir stundum drykk

Rapparinn Eminem gaf út breiðskífuna Recovery síðasta sumar og flaug hún strax í fyrsta sæti vinsældalistans í Bandaríkjunum. Eminem viðurkennir í nýlegu viðtali að það geti stundum reynst erfitt að halda sér á beinu brautinni.

„Edrúmennskan hefur kennt mér ýmislegt og ég hef áttað mig á því að hún hjálpar einnig til við tónsmíðarnar. En stundum er þetta erfitt og þá óska ég þess að ég væri eins og venjulegt fólk og gæti farið út og fengið mér einn drykk. Áður skildi ég aldrei af hverju fólk talaði um þetta sem sjúkdóm, en ég hef áttað mig á því að það er rétt. Þetta er ómurlægur sjúkdómur,“ sagði rapparinn.

Leika lausum hala í Borgarleikhúsinu

Sigtryggur Baldursson verður væntanlega með vana magapinu af stressi í næstu viku því á fimmtudaginn stendur hann á stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu þegar Kirsuberjagarðurinn verður frumsýndur og strax næsta kvöld hefur göngu sína á RÚV tónlistarþáttur hans, Braga Valdimars Skúlasonar og Guðmundar Kristins Jónssonar, Hljómskálinn.

„Ég hef áður samið fyrir leikhúsið og finnst það alltaf mjög skemmtilegt,“ segir Sigtryggur en hann leikur ásamt þeim Óttari Sæmundsen og Leifi Jónssyni lausum hala á sviði Borgarleikhússins í næstu viku. Tríoíð semur jafnframt tónlistina í verkinu. „Við erum að elta leikarana út um allt í ákveðnum senum, Hilmir Snær, leikstjóri verksins, hugsaði okkur í svipuðum hlutverkum og hljómsveitin No Smoking Band hefur í kvikmyndum Emirs

Kusturica,“ útskýrir Sigtryggur. Hann hefur töluvert fengist við leikhústónlist, samdi meðal annars hljóðheiminn fyrir leikverkið Enron sem naut töluverðra vinsælda í fyrra í Borgarleikhúsinu.

Og svo er það Hljómskálinn sem verður væntanlega fimm þættir og fjallar um allar mögulegar hliðar íslenskrar tónlistar. Sigtryggur er viss um að hann hafi komist hjá því að móðga einhvern og segir samstarfið í þáttunum hafa gengið framar öllum vonum. „Útkoman var ótrúlega skemmtileg og fólk átti mjög auðvelt með að vinna saman, ég bjóst nú við meira neistaflugi,“ segir Sigtryggur, en meðal þeirra sem leiða hesta sína saman eru FM Belfast og Jóhann Helgason og hljómsveitin Valdimar og Magnús Eiríksson.

-fgg



TRÍÓIÐ Þeir Bragi Valdimar, Guðmundur Kristinn og Sigtryggur Baldursson stjórna Hljómskálunum, nýjum tónlistarþætti RÚV.



Óverðtryggð húsnæðislán

Óverðtryggð húsnæðislán Íslandsbanka geta numið allt að 80% af markaðsverðmæti og eru ýmist með breytilegum vöxtum eða föstum vöxtum fyrstu þrjú árin. Hvort hentar þér betur?

5,25%

Breytilegir vextir*

Greiðslubyrði tekur mið af gildandi vöxtum á hverjum tíma.

6,20%

Fastir vextir fyrstu 3 árin*

Stöðug greiðslubyrði fyrstu þrjú ár lánstímans. Að þeim tíma liðnum gilda breytilegir vextir húsnæðislána samkvæmt vaxtatöflu á hverjum tíma.

Fáðu allar nánari upplýsingar um húsnæðislán Íslandsbanka hjá þjónustufulltrúa í næsta útibúi eða á islandsbanki.is.

* Vextir skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 21.10.2011 og miðast við lánsfjárhæð sem rúmast innan 70% af fasteignamatni ríkisins. Íslandsbanki býður upp á viðbótarlán upp að 80% af markaðsverðmæti.

+/- Breytilegir vextir

+ Kostir

- Lægri vextir í hagstæðu vaxtaumhverfi
- Ávallt hægt að greiða lánið upp án kostnaðar
- Hraðari eignamyndun

- Ókostir

- Greiðslubyrði hækkar með hækkandi vöxtum

+/- Fastir vextir fyrstu 3 árin

+ Kostir

- Engin vaxtaóvissa yfir tímabil fastra vaxta
- Stöðug greiðslubyrði fyrstu þrjú árin
- Hraðari eignamyndun

- Ókostir

- Þú nýtur ekki betri kjara ef vextir lækka
- Kostnaður við uppgreiðslu fyrstu þrjú árin

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
 Sími 440 4000


 Íslandsbanki



EMIL HALLFREDSSON skoraði jöfnunarmark Hellas Verona gegn Nocerina í leik liðanna í ítölsku B-deildinni í gærkvöldi. Leiknum lyktaði með 1-1 jafntefli en þetta er annar leikurinn í röð þar sem Emil skorar. Alls hefur hann skorað fjögur mörk á leiktíðinni í deild og bikar og verið fastamaður í byrjunarliði Verona.

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla

KR - Njarðvík 85-74 (41-31)

KR: David Tairu 23, Hreggviður Magnússon 20/9 fráköst, Finnur Atli Magnússon 17, Emil Þór Jóhannsson 11, Björn Kristjánsson 5, Jón Orri Kristjánsson 3, Kristófer Acox 2/10 fráköst, Skarp-héðinn Freyr Ingason 2, Martin Hermannsson 2.

Njarðvík: Travis Holmes 20/10 fráköst, Cameron Echols 18/15 fráköst, Ólafur Helgi Jónsson 13/7 fráköst, Hjörtur Hrafn Einarsson 10, Elvar Már Friðriksson 7, Rúnar Ingi Erlingson 4, Maciej Stanislaw Baginski 2.

Þór Þorlákshöfn - Snæfell 85-83 (41-41)

Þór Þ: Darrin Govens 27, Guðmundur Jónsson 16, Darrí Hilmarsson 13, Michael Ringgold 11/11 fráköst, Marko Latinovic 10, Grétar Ingi Erlendsson 6.

Snæfell: Brandon Cotton 35, Palmi Freyr Sigur-geirsson 13, Jón Ólafur Jónsson 9/9 fráköst, Quincy Hankins-Cole 8/14 fráköst, Egill Egilsson 7, Hafþór Ingi Gunnarsson 7, Sveinn Arnar Davidsson 2, Ólafur Torfason 2.

Haukar - Stjarnan 68-89 (35-47)

Haukar: Jovanni Shuler 22/11 fráköst/7 stoðsendingar/5 stolnir, Steinar Aronsson 10, Örn Sigurðarson 8, Sævar Ingi Haraldsson 8, Davíð Páll Hermannsson 6, Emil Barja 6, Óskar Ingi Magnússon 3, Haukur Óskarsson 3, Helgi Björn Einarsson 2.

Stjarnan: Keith Cothran 26, Jovan Zdravetski 20, Justin Shouse 13/11 stoðsendingar, Marvín Valdmarsson 12, Fannar Freyr Helgason 6/10 fráköst, Sigurjón Örn Lárusson 6/9 fráköst, Guð-jón Lárusson 4, Dagur Kár Jónsson 2.

STAÐAN

Stjarnan	3	3	0	290-237	6
Grindavík	3	3	0	268-229	6
KR	3	2	1	275-274	4
Þór Þ.	3	2	1	270-265	4
Snæfell	3	2	1	292-274	4
Njarðvík	3	2	1	273-239	4
Keflavík	3	2	1	277-244	4
ÍR	3	1	2	274-289	2
Fjölnir	3	1	2	274-293	2
Tindastóll	3	0	3	258-289	0
Haukar	3	0	3	248-289	0
Valur	3	0	3	221-298	0

Sænska úrvalsdeildin

Sundsvall Dragons - Solna Vikings 98-80

Sundsvall: Hlynur Bæringsson 16/5 fráköst, Pavel Ermoliniskij 15/10 fráköst, Jakob Örn Sigurðarson 13. **Solna:** Logi Gunnarsson 18.

Norska úrvalsdeildin

Stabæk - Molde 1-1

Bjarni Ólafur Eiríksson og Palmi Rafn Pálmason léku báðir allan leikinn fyrir Stabæk. Gilles Mbang Ondo, fyrrum leikmaður Grindavíkur, lagði upp mark Stabæk í leiknum.

Sænska úrvalsdeildin

HK Malmö - Eskilstuna Guif 27-32

Haukur Andrésson skoraði eitt mark fyrir Guif en bróðir hans, Kristján, er þjálfari liðsins. Guif er á toppi deildarinnar eftir sjö umferðir.

Þýska B-deildin

DHC Rheinland - Neuhäsen 25-22

Björgvin Hólmgeirsson skoraði fjögur mörk fyrir DHC Rheinland sem er í 9. sæti deildarinnar.

Enska úrvalsdeildin

LEIKIR HELGARINNAR

Laugardagur		
11.45 Wolves - Swansea	Sport 2 & HD	
14.00 Aston Villa - West Brom	Sport 2 & HD	
14.00 Newcastle - Wigan	Sport 3	
14.00 Bolton - Sunderland	Sport 4	
16.30 Liverpool - Norwich	Sport 2 & HD	
Sunnudagur		
12.30 Man. Utd. - Man. City	Sport 2 & HD	
12.30 Arsenal - Stoke City	Sport 3	
12.30 Fulham - Everton	Sport 4	
14.00 Blackburn - Tottenham	Sport 5	
15.00 QPR - Chelsea	Sport 2 & HD	

Húnarnir skotnir niður á jörðina

Njarðvík tapaði sínum fyrsta leik þegar liðið mætti í Frostaskjólíð í gær. KR-ingar sýndu engan stjórnuleik en gerðu það sem þurfti og lönduðu báðum stigunum. Bæði lið eru með fjögur stig eftir þrjá fyrstu leikina.

KÖRFUBOLTI „Þeir voru búnir að spila vel í fyrstu tveimur leikjum og mikið búið að skrifa um þá í blöðunum. Okkur langaði að bæta okkur frá síðasta leik og við gerðum það sem þurfti,“ sagði Hreggviður Magnússon, leikmaður KR, eftir 85-74 sigur á Njarðvíkingum í gær. Ungt lið Njarðvíkinga hafði unnið tvo fyrstu leiki sína en þurfti að lúta í lægra haldi í DHL-höllinni.

„Ég var bara gríðarlega ánægður með Kristófer Acox, sem kom gríðarlega öflugur af bekknum. Finnur stóð sig gríðarlega vel og svo var þetta bara samstillt átak. Við erum samt að gera of mikið af mistökum og eigum eftir að batna mikið varnarlega. Vardandi sóknarleikinn hef ég engar áhyggjur. Við eigum gríðarlega mikið af vopnum en vörnin er eitthvað sem við reynum að bæta á hverjum degi.“

KR-ingar voru yfir nær allan fyrri hálfleikinn, voru að finna sig vel í sóknarleiknum en baráttuglaðir og liprir Njarðvíkingar voru mættir til að selja sig dýrt og héngu í skottinu á þeim. Munurinn var mest sjö stig. Vel studdir af stuðningsmönnum sínum náðu gestirnir að jafna með síðustu körfu hálfleiksins en það var þristur frá Ólafi Helga Jónssyni. KR í fyrsta sinn ekki yfir síðan staðan var 0-0.

Spennandi og skemmtilegt

Ljóst var snemma að spennandi og skemmtilegur leikur væri í fæðingu. Með fyrstu körfu seinni hálfleiksins komst Njarðvík í fyrsta sinn yfir í leiknum. Við það virtist liðið slaka aðeins af mikið á en KR-ingar vöknðu til lífsins og voru skyndilega komnir með nokkuð þægilega ellefu stiga forystu. Munurinn var sex stig, 66-60, fyrir síðasta fjórðunginn.

Varnarleikur KR lagaðist eftir því sem líða tók á leikinn og liðið náði að sigla sigrinum í höfn af nokkru öryggi. Glæsileg troðsla



SIGUR Í VESTURBÆNUM Jón Orri Kristjánsson, leikmaður KR, er hér kominn fram hjá varnarmönnum Njarðvíkur og á leið upp að körfunni. Björn Kristjánsson, KR og Njarðvíkingarnir Hjörtur Hrafn Einarsson og Cameron Echols fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

David Tairu í lokafjórðungnum kætti marga áhorfendur á leiknum og þrátt fyrir að KR hafi oft spilað betur vannst sigur.

Vantaði upp á varnarleikinn

„Það vantaði upp á varnarleikinn hjá okkur. Það er það fyrsta sem manni dettur í hug,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkinga, við Fréttablaðið. „Við vorum að eiga við allt önnur gæði í þessum leik en fyrstu tveimur, með allri virðingu fyrir Haukum og Val. Við lentum í vandræðum

Við eigum gríðarlega mikið af vopnum en vörnin er eitthvað sem við reynum að bæta á hverjum degi.

HREGGVIÐUR MAGNÚSSON
LEIKMAÐUR KR

með Hreggvið í teignum og hann var okkur erfiður.“
Einar segir að þó sé hægt að taka fullt af jákvæðum hlutum úr

leiknum. „Það voru margir góðir hlutir í gangi og þetta var stórt próf fyrir okkar hóp. Það segir kannski sitt um metnað okkar að við erum hundfúlir að fara héðan með tap. Ég hef trú á því að okkar menn muni njóta þess að taka þátt í þessum slag og manast hratt og vel.“

Njarðvík á Þór í næsta leik. „Það verður bara svakaleikur. Þórsararnir eru bara með verulega öflugt lið. Það verður járn í járn og barist upp á líf og dauða um tvö mikilvæg stig,“ sagði Einar. - egm

Þór skoraði sjö síðustu stigin gegn Snæfelli og vann dramatískan sigur:

Nýliðarnir unnu á flautukörfu

KÖRFUBOLTI Þórsarar frá Þorlákshöfn buðu upp á fyrsta flokks dramatík þegar þeir urðu fyrsta liðið til að leggja deildarmeistara Snæfells að velli á tíma-bilinu í gær, 85-83.

Snæfell virtist vera að landa sigrinum í Þorlákshöfn þegar skammt var til leiksloka. Hvorki gekk né rak í sóknarleik heimamanna en með góðum varnarleik og frábærum stuðningi áhorfenda skoraði Þór sjö síðustu stig leiksins.

Darrin Govens skoraði fimm stig í röð og jafnaði metin í 83-83 þegar 24 sekúndur voru eftir. Snæfell fór í sókn en náði ekki skoti á körfuna og Þór fékk boltann þegar tvær og hálf sekúnda voru eftir af leiknum. Þórsarar fundu ekki samherja úr innkastinu en fengu annað innkast, undir körfunni, þegar 1,2 sekúndur voru eftir.

Annar dómara leiksins fór þá að ritarabörðinu til að staðfesta tímann á meðan hinn gerði sig kláran að setja leikinn af stað. Upp úr innkastinu fékk Marko Latinovic boltann og skoraði úr sniðskoti um leið og lokaflautið gall og sigur heimamanna því staðreynd.

„Ég er ósáttur við lokin á leiknum. Annar dómari er að taka boltann inn en hinn er á ritarabörðinu, ég var ekki tilbúinn. Ég sá ekki hvað gerðist því ég var að fylgjast með hinum dómaranum á ritarabörðinu. Ég hef aldrei séð annað eins,“ sagði Ingi Þór Steinþórs-son, þjálfari Snæfells, í leiklok.

„Dómararnir töpuðu þessi ekki fyrir okkur en það er leiðinlegt að fá svona uppákomu. Maður vill að þetta sé allt rétt gert en við fórum með þetta sjálfir. Það er ekki nógu mikið flæði í okkar leik. Annar Kaninn hjá okkur skorar mikið en það er ekki mikið flæði í kringum þetta. Ég er ekki ánægður með hann,“ sagði Ingi Þór. Hann á við Brandon Cotton, sem skoraði 35 stig en tók aðeins eitt frákast, gaf eina stoðsendingu og gerði lítið gagn í varnarleiknum.



FLOTT BYRJUN Benedikt Guðmundsson hefur stýrt liði Þórs til sigurs í tveimur leikjum í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

„Ég veit ekki hvað maður getur sagt eftir svona leik. Það var jafnræði með liðunum. Mér fannst hvorugt lið nægjanlega gott í kvöld. Ég var ekki ánægður með hvernig við spiluðum og ég efast um að Ingi sé sáttur við sitt lið,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þórs, í leiklok en hann var ánægður með áhorfendur.

„Stemningin í húsinu var geðveik. Ég hvet fólk, sama hvort það heldur með okkur eða liðinu sem við erum að spila gegn hverju sinni eða einhverju allt öðru liði, til að koma hingað og upplifa stemninguna,“ sagði Benedikt. - gmi



TEVEZ Óvíst er hvort hann spilar aftur með Manchester City. NORDICPHOTOS/GETTY

Tevez neitaði að hita upp:

Kærurni breytt

FÓTBOLTI Mál Carlos Tevez hefur tekið nýja stefnu. Félag hans, Manchester City, hefur ákveðið að kæra hann ekki fyrir að neita að koma inn á í leik liðsins gegn Bayern München í síðasta mánuði – heldur fyrir að neita að hita upp. Þetta var fullyrt á fréttavef Sky Sports í gær.

Eftir leikinn staðhæfði Roberto Mancini, stjóri City, að Tevez hefði neitað að koma inn á sem varamaður í leiknum, sem City tapaði, 2-0. Enn fremur sagði hann að Tevez myndi aldrei spila aftur undir sinni stjórn.

Tevez var skikkaður í leyfi á meðan málið var rannsakað. Þeirri rannsókn er nú lokið og sýna niðurstöður hennar að ekki hafi verið hægt að sanna að Tevez hafi neitað að koma inn á. Sjálfur ber leikmaðurinn við misskilningi en þarf þó að mæta afleiðingum þess að hafa neitað að hita upp þegar eftir því var óskað. - esá

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími: **696 5606**

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5606 • rafsol@rafsol.is

ÞAÐ ER
SPORT AÐ
SPARA



(fullt verð 24.990)

19.990

MCKINLEY ORILLIA JACKET
Dömuúlpa úr slitsterku EXODUS útvistarefni með 3.000 mm vatnsheldni. Vatnsheldir saumar og góð öndun. Stærðir: 36-48



19.990

(fullt verð 24.990)

NIKE POLYFILL JACKET

Vetrarúlpa með léttu og hlýju THERMOR kuldafóðri. Herrastærðir.



23.990

DIDRIKSONS CELESTE PARKA

Vetrarúlpa úr Dry2-efni með 2.000 mm vatnsheldni. Dömustærðir.



16.990

ADIDAS DOWN JACKET

Vetrarúlpa með hlýju dúnfóðri. Litir: Svört, rauð. Dömustærðir.



25.990

(fullt verð 28.990)

DIDRIKSONS EXPEDITION

